REGÍNA RÓS ELLERTSDÓTTIR

*Langar í föt á afmælinu*

Börn • Bílar • Nám • Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





VERK AÐ VINNA

*Hefur lagað búvélar frá barnæsku*

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. febrúar 2007 — 37. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Jógvan-æði í Færeyjum



Færeyingar fylgjast spenntir með gengi Jógvans Hansen í X-Factor þótt þeir sjái ekki þáttinn.

FÓLK 38

### Ný tækifæri - ekki ógn (II)

„Orka gerist nú takmörkuð auðlind í heiminum og stígur í verði með hverju ári. Menn ættu því að varast að gera bindandi samninga áratugi fram í tímann um orkusölu á útsöluverði," segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 20

### Loksins tekinn alvarlega



Ívar Örn Sverrisson leikari er þrítugur í dag og nýtur þess að eldast. Hann býst við að halda tvær afmælisveislur.

TÍMAMÓT 22

### Búið að selja Liverpool



Hið fornfræga enska knattspyrnufélag Liverpool skipti um eigendur í gær og um leið er ljóst að framtíð liðsins úr Bítlaborginni er tryggð.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI -** Í dag verða austan 5-13 syðst, annars hægviðri. Yfirleitt bjart veður en þó hætt við stöku éljum með ströndum sunnan og austan til. Frost 0-12 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

## Útilokar ekki bætur til þolenda

**Forstöðumaður Barnaverndarstofu segir mikilvægt að þeim mönnum sem lagt hafa fram vitnisburð um veru sína í Breiðavík verði veitt áfallahjálp. Félagsmálaráðherra segir að litið verði til reynslu annarra þjóða, svo sem Noregs. Þar hafa fébætur verið greiddar til þolenda misnotkunar á vistheimilum.**



BRAGI GUÐBRANDSSON,



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

**FÉLAGSMÁL** „Það fyrsta og mikilvægasta í þessu máli er að veita þessum mönnum sem þarna dvöldu sem drengir áfallahjálp. Sá vitnisburður sem þeir hafa nú lagt fram um bernsku sína reynir mjög á og ýfir upp gömul sár," segir Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, um mögulegar aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að aðstoða þá menn sem vistaðir voru á meðferðarheimilinu á Breiðavík.

Bragi segist fagna þeirri ákvörðun félagsmálaráðherra að fara fram á úttekt á starfsemi heimilisins. „Menn verða að læra af reynslunni, því þetta gefur vitneskju um ýmislegt sem getur komið í veg fyrir að svona hlutir endurtaki sig," segir Bragi.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir að þetta mál sé þegar til umfjöllunar í stjórnarráðinu. „Því miður hafa svona mál komið upp víðar en hér og verður litið til viðbragða þarlendra stjórnvalda, svo sem þess sem gert hefur verið í Noregi," segir Magnús Stefánsson. Í Noregi var ákveðið fyrir þremur árum að allir þeir sem orðið hefðu fyrir misnotkun á vistheimilum fyrir börn ættu rétt á þriggja milljóna króna skaðabótum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur kallað eftir upplýsingum sem kunna að vera til hjá félagsmálayfirvöldum um þá drengi sem Reykjavíkurborg vistaði á meðferðarheimilinu í Breiðavík frá sjötta til áttunda áratugar síðustu aldar. Segist hann vilja leita allra leiða til að veita þeim mönnum aðstoð sem þarna voru sem börn á vegum Reykjavíkurborgar. Þeir eru um eitt hundrað talsins. Á þessu stigi segir hann þó of snemmt að segja til um í hvaða formi aðstoðin verði. Hann útilokar ekki fébætur.

Vilhjálmur segir mál sem þetta aldrei mega endurtaka sig. „Rækta þarf eftirlitsskyldu sveitarfélaga og ríkis betur með þeim heimilum þar sem börn eru vistuð, í ljósi þessara upplýsinga," segir Vilhjálmur.

Meðferðarheimili sem taka börn í langtímameðferð á vegum Barnaverndarstofu eru sjö og öll á landsbyggðinni. Þá er Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar, að Fossaleyni 17 í Grafarvogi. Bragi segir eftirlit með þeim stöðum mikið. - kdk / sjá síðu 6



**STEYPUVINNA** Fjöldi iðnaðarmanna vann að byggingu nýs Háskólatorgs í veðurblíðunni í gær. Áætlað er að nýja Háskólatorgið muni rúma um 1800 nemendur og starfsmenn Háskólans. Stefnt er að vígslu nýbygginganna á haustdögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefnt að vígslu í haust:

## Háskólatorg rís á kúluplötum

**IÐNAÐUR Bygging Háskólatorgs var í fullum gangi þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá í gær. Torgið er samheiti tveggja bygginga á svæði Háskóla Íslands sem verða alls um 8.500 fermetrar að stærð með tengibyggingum.**

**Háskólatorgi er ætlað að hýsa ýmsa starfsemi sem snýr að umsýslu og þjónustu við stúdenta og starfsfólk. Fyrirlestrarsalir, lesrými, kennslustofur og tölvuver verða í byggingunum sem verða vígðar í lok þessa árs.**

**Kúluplötur, sem sjást á myndinni, eru meðal þeirra nýjunga sem notaðar eru við byggingu hússins. Þær eru sérstök gerð af steinsteyptum plötum þar sem hol er myndað með plastkúlum. Þannig hafa þær minni eiginþyngd og eru fljótlegri í byggingu.** - sþs


## > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG





Grimmileg átök brutust út í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu:

## Konan reyndist vera karlmaður

**LÖGREGLUMÁL** Til grimmilegra átaka kom í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags. Tveir slösuðust og þykir mesta mildi að ekki skyldi fara verr en raun varð á, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Forsaga atburðarins er sú að tveir menn buðu þremur stúlkum með sér heim eftir að hafa hitt þær á skemmtistað. Fór vel á með fólkinu, sem leiddi til þess að annar karlmaðurinn og ein stúlknanna fóru inn í herbergi í íbúðinni, meðan hin þrjú dvöldu frammi í stofu. Parið í herberginu fór að láta vel hvort að öðru, en þegar lengra dró og stúlkan hóf að fækka fötum kom í ljós að hún var vaxin niður sem karlmaður.

Við þessa uppgötvun trylltist maðurinn, réðst á gest sinn, barði hann og tók hann kverkataki. Hann hafði haldið takinu drjúga stund þegar gestur hans náði taki á járnstöng og barði hann í höfuðið. Við höggið losaði maðurinn takið, en hann hlaut stóran skurð á höfuðið, sem þurfti að láta sauma.

Aðrir íbúar í húsinu kölluðu á lögreglu skömmu eftir að atgangurinn hófst. Maðurinn gaf síðan skýrslu í gær, en umræddur gestur hans hefur lýst því yfir að árásin verði kærð til lögreglu. - jss



**LÖGREGLAN** Nágrannar kvöddu lögreglu á vettvang þegar atgangurinn var sem mestur.

Undarleg röð tilviljana:

## Þrír bátar vélarvana sama dag

**SKIP** Þrír bátar urðu vélarvana í kringum landið í gær. Bátunum var komið í land og slasaðist enginn. Fulltrúi Landhelgisgæslunnar segist vart muna hvenær jafn margir bátar urðu síðast vélarvana á sama degi.

Fyrsta bátinn rak upp við Staðarberg vestan við Grindavík upp úr hádegi, um hálfa sjómílu frá landi. Vegna þess að bátinn rak upp í klettana var þyrla Landhelgisgæslunnar í viðbragðsstöðu, en taug var komið í bátinn og hann dreginn í land. Næsti bátur varð vélarvana í Mjóafirði á Austurlandi, rétt eftir hádegi í gær. Hann var dreginn í land stuttu seinna.

Síðdegis bilaði vél í þriðja bátnum út af Keilisnesi á Reykjanesi. Hann var dreginn í land. - sþs

**SPURNING DAGSINS**



*Guðjón, gerðirðu eitthvað skemmtilegt í fríinu?*

„Ég man ekki einu sinni eftir þessum fimmtán sekúndum."

Guðjón Valur Sigurðsson handboltalandsliðsmaður hvíldi samtals í fimmtán sekúndur síðustu sex leiki íslenska liðsins á HM í handbolta. Hann var markahæsti leikmaður mótsins, fyrstur Íslendinga.

Repúblikanar komu í veg fyrir umræðu um þingsályktun gegn Íraksstríðinu:

# Demókratar leita nýrra leiða

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar á Bandaríkjaþingi boða langar og ítarlegar umræður um Íraksstríðið í öldungadeildinni þrátt fyrir að andstæðingum þeirra hefði á mánudag tekist að koma í veg fyrir umræður um þingsályktunartillögu um málið.

„Við verðum að virða niðurstöður kosninganna í nóvember og óskir bandarísku þjóðarinnar," sagði demókratinn Harry Reid, leiðtogi meirihlutans í öldungadeildinni, á mánudagskvöldið.

„Forsetinn verður að heyra frá þinginu til þess að hann geri sér grein fyrir að hann er á röngum stað – einn á báti," bætti Reid síðan við í gær.

Demókratar hafa meirihluta í öldungadeildinni og ætluðu sér að fá þar samþykkta þingsályktunartillögu, sem að vísu væri ekki bindandi fyrir George W. Bush forseta, en lýsti ótvírætt andstöðu deildarinnar við að fjölgað yrði í bandaríska herliðinu í Írak.

Einungis 49 þingmenn greiddu þó atkvæði með því að ályktunin kæmi til umræðu á þinginu, en 60 atkvæði hefði þurft til þess að hún yrði tekin fyrir.

Mitch McConnell, leiðtogi repúblikana í deildinni, sagði hins vegar að þeir vildu ólmir fá að ræða málið. Þeir vildu aðeins að önnur tillaga um málið fengi jafn mikla umræðu. - gb



**DEMÓKRATAR GANGA AF BLAÐAMANNAFUNDI** Leiðtogar demókrata í öldungadeildinni voru heldur hnípnir á mánudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sovéskur kafbátur:

## Sökk til botns úti af Jótlandi

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Sovéskur kafbátur frá Kaldastríðsárunum sökk úti af ströndum Jótlands á mánudag. Kafbáturinn var bæði mannlaus og vopnlaus og átti að fara á safn í Taílandi.

Báturinn var í togi áleiðis til Taílands þegar vatn komst inn í hann og sökk hann skömmu síðar. Áhöfn dráttarbátsins varð að hafa hraðar hendur og skera á dráttartaugarnar til þess að dráttarbáturinn sykki ekki líka.

Kafbáturinn var af gerðinni Whiskey. Sovétmenn byggðu meira en 200 slíka kafbáta og hafa margir þeirra verið til sölu undanfarið. - gb

Bandarískir hermenn í Írak:

## Myndband birt af slysaloftárás

**BRETLAND, AP** Breskir fjölmiðlar birtu í gær myndband sem sýnir bandaríska orrustuflugmenn fella breskan hermann fyrir mistök í loftárás í Írak fyrir tæpum fjórum árum. Að auki slösuðust fjórir breskir hermenn í árásinni.

Í myndbandinu má heyra flugmennina nefna að bifreiðarnar, sem átti að ráðast á, séu merktar appelsínugulum lit, sem er algengur litur bandamanna í Írak. Þeir spyrja yfirmann sinn hvort bandamenn séu á svæðinu, og fá neikvætt svar. Þá skjóta þeir á bílalestina en frétta stuttu seinna að í henni hafi verið breskir hermenn.

Myndbandið hefur valdið miklu fjaðrafoki í Bretlandi, en varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna hafði neitað að láta myndbandið frá sér. - sþs / sjá síðu 8

# Fréttaefni RÚV hent beint á haugana

**Verðmætamat Íslendinga hefur breyst mikið gegnum tíðina, miðað við sögur af geymslu og förgun ljósvakaefnis fyrr á árum. Segulbandasafn RÚV liggur enn undir skemmdum, segir Markús Örn Antonsson fyrrverandi útvarpsstjóri.**



**ÞURFA EKKI AÐ ÓTTAST** Starfsfólk Kastljóss þarf ekki, frekar en annað starfsfólk RÚV, að óttast að efni þess verði hent eins og áður gerðist hjá stofnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJÖLMIÐLAR** Útvarps- og sjónvarpsefni var ekki einungis eytt hjá RÚV vegna bágrar fjárhagsstöðu, heldur var því stundum fleygt beint á haugana, segir Heimir Þór Gíslason, fyrrum fréttaritari RÚV á Höfn í Hornafirði.

Heimir segir að á fyrstu árum RÚV hafi myndefni verið tekið upp á 16 millimetra filmur. „Ekki var hægt að taka aftur upp á þessar filmur, en þær voru samt ekki varðveittar, heldur þeim fleygt á haugana," segir Heimir.

„Þetta er mesta hneisa. Við komum stundum fréttamennirnir og vildum vita hvort við gætum fengið filmurnar aftur til byggðarlagsins. Við vorum sumir hugsjónamenn og vildum eiga efnið á safni heima. Þá var svarað hjá Ríkisútvarpinu að þeir treystu sér ekki til að sortera þetta og halda til haga. Ég bauðst til að hirða bara pokana með þessu í, en það gekk ekki eftir."



**MARKÚS ÖRN ANTONSSON**

Heimir rifjar upp sögu sem Jón Múli Árnason sagði honum um að bílhlass af útvarpsefni hefði verið sent á ruslahaugana þegar RÚV var í Landssímahúsinu fyrir árið 1959. „Þetta voru víst viðtöl og söngefni og fleira," segir Heimir.

Markús Örn Antonsson, fyrrverandi útvarpsstjóri, kannast við sögu Jóns Múla en getur ekki staðfest hana með vissu. Að fleygja efni hafi þó ekki verið gert með þessum hætti í marga áratugi. Um 16 millimetra filmurnar minnist hann þess að efni sem kom utan að landi hafi verið tekið fagnandi. „Síðan þegar frá leið fóru fréttamenn og tökumenn að verða gagnrýnir á myndatökuna og gæðin á þessu efni og það getur verið að einhverju hafi verið fleygt til hliðar og farið í glatkistuna."

> Ekki var hægt að taka aftur upp á þessar filmur, en þær voru samt ekki varðveittar, heldur þeim fleygt á haugana. HEIMIR ÞÓR GÍSLASON

Markús segist oft hafa leitað sjálfur að efni frá gamalli tíð, „þáttum sem þjóðin tók eftir" í safni RÚV og þá hafi það verið týnt. Hann hafi talað ákaflega fyrir því að teknir væru upp nýir hættir í sinni tíð, en erfitt hafi verið að fá fé til þess.

Nú til dags er engu hent hjá RÚV, en Markús segir það brýnt verkefni að fara vandlega yfir allt það sem hafi varðveist og þá sérstaklega gamalt segulbandasafn RÚV. Því þurfi að koma á nýtt form, til dæmis geisladiska. Segulböndin liggi undir skemmdum og starfsmenn veigri sér við að nýta sér þau við dagskrárgerð, því þau séu svo viðkvæm. „Með því að yfirfara efnið getum við líka endurvakið það og endurnotað og komið þessu á framfæri á nýjan leik, sem mjög mikill fengur væri að," segir Markús.

klemens@frettabladid.is



**AIRBUS BREIÐÞOTA** Sex nýjar Airbusvélar eru á leið í íslenska flugflotann.

Avion Aircraft Trading:

## Kaupir evrópskt

**SAMGÖNGUR** Flugfélag Arngríms Jóhannssonar og Hafþórs Hafsteinssonar, Avion Aircraft Trading, samdi í gær um smíði á sex Airbus-breiðþotum. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt flugfélag kaupir nýjar Airbus-þotur beint frá verksmiðjunum. Kaupverð var ekki gefið upp en talið er að hver vél kosti um einn milljarð króna.

Fram til þessa hafa Íslendingar aðeins samið við bandaríska fyrirtækið Boeing um smíðar á þotum en Airbus starfar í Evrópu. Samningurinn þykir því marka tímamót í íslenskri flugsögu. - kdk

Umhverfisráðuneytið:

## Frumvarp um losun koldíoxíðs

**UMHVERFI** Frumvarp að lögum um losun gróðurhúsalofttegunda var samþykkt á fundi ríkisstjórnar í gær. Lögunum er ætlað að tryggja að losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju hér á landi verði ekki meiri en skuldbindingar Íslands leyfa.



**JÓNÍNA BJARTMARS**

Frumvarpið kveður á um skyldur fyrirtækja sem losa yfir þrjátíu þúsund tonn af koldíoxíði á ári. Verði það að lögum þurfa fyrirtækin að fá losunarheimildir fyrir því sem er umfram þrjátíu þúsund tonnin. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra lagði frumvarpið fram. - sþs

Gæsluvarðhald staðfest:

## Brutust inn og börðu mann

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir karlmanni sem grunaður er um að hafa brotist inn á heimili manns í lok janúar, barið hann í höfuðið með járnkylfu, hellt yfir hann bensíni og stolið frá honum ýmsum munum, meðal annars bifreið. Gæsluvarðhaldið rennur út í dag.

Maðurinn er talinn hafa framið glæpinn með þremur öðrum mönnum. Lögreglan hefur ekki haft hendur í hári tveggja þeirra. Maðurinn hefur viðurkennt hlut sinn í málinu en neitar að hafa beitt húsráðanda ofbeldi. Héraðsdómur og Hæstiréttur telja að maðurinn geti haft áhrif á rannsókn málsins. - ifv


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU B9 TRIBECA 3.0**

Nýskr. 12.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 9 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota:

# Telur að afhenda eigi gögn

**DÓMSMÁL** Embætti ríkislögreglustjóra heldur fast við það sjónarmið að skattrannsóknarstjóra hafi borið að afhenda gögn um meint skattalagabrot í rekstri Baugs Group. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu Helga Magnúsar Gunnarssonar, saksóknara efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, sem hann sendi frá sér seinnipart dags í gær vegna umfjöllunar fjölmiðla um bréf skattrannsóknarstjóra ríkisins til ríkislögreglustjóra. Þar hafnar skattrannsóknarstjóri því að afhenda ríkislögreglustjóra gögn, eins og fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu.

Í fréttatilkynningu saksóknara kemur fram að lögreglan telji að æðstu yfirmenn og tilteknir starfsmenn Baugs Group, alls níu manns, hafi þegið starfstengdar greiðslur að fjárhæð samtals rúmlega 273 milljónir, króna sem ekki hafi verið að réttilega gerð grein fyrir í bókhaldi fyrirtækisins. Í tilkynningunni ítrekar saksóknari að ekki hafi staðið til að rannsaka skattamál allra þessara einstaklinga sem sakamál.



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON** Telur mikilvægt fyrir ákæruvaldið að geta afstýrt að meiriháttar skattalagabrot séu afgreidd af skattrannsóknarstjóra eða yfirskattanefnd.

Það mál er nú í þeim farvegi að starfsmennirnir níu hafa greitt endurálagðan skatt vegna umræddra greiðslna með fyrirvara og bíða nú úrskurðar yfirskattanefndar.

Í tilkynningunni er vitnað til svarbréfs Boga Nilssonar ríkissaksóknara til skattrannsóknarstjóra. Þar tekur Bogi undir sjónarmið ríkislögreglustjóra um að gögnin eigi að afhenda. Mikilvægt sé fyrir ákæruvaldið að geta afstýrt því að meiriháttar skattalagabrot séu afgreidd af skattrannsóknarstjóra eða yfirskattanefnd ef grunur sé á því að alvarleg brot hafi verið framin.

„Að endingu vil ég taka fram að í mínum huga er lítill efi um að dómstólar myndu með úrskurði leggja fyrir skattyfirvöld að veita ákæruvaldinu aðgang að slíkum upplýsingum ef krafist yrði," segir í bréfi Boga sem vitnað er til í tilkynningu saksóknara. - bj

# Lokaútkall

# Allar útsöluvörur 250-1000 kr.

nú á allt að seljast

## Verðdæmi

| Upph. verð | Götumarkaður | 50% auka afsláttur |
|---|---|---|
| ~~999-1499~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1799-1999~~ kr. | ~~1.000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~2499-2999~~ kr. | ~~1.500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~3499-4999~~ kr. | ~~2.000~~ kr. | 1.000 kr. |



*Nú fer allt á hvolf!*

**Bolir 250 kr., buxur og peysur 500-750 kr.**
**Skór 500-1000 kr. og úlpur á 1000 kr.**

*Nú er bara að haska sér og gera kaup aldarinnar!*

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## GENGIÐ 06.02.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,31 | 68,63 |
| Sterlingspund | 134,29 | 134,95 |
| Evra | 88,33 | 88,83 |
| Dönsk króna | 11,849 | 11,919 |
| Norsk króna | 10,877 | 10,941 |
| Sænsk króna | 9,668 | 9,724 |
| Japanskt jen | 0,5672 | 0,5706 |
| SDR | 101,92 | 102,52 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,8467

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rúmlega fimm hundruð voru teknir fyrir of hraðan akstur á dögunum:

# Munu greiða níu milljónir í sektir

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrjú hundruð ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur á gatnamótum Bústaðavegar og Flugvallavegar á einum sólarhring fyrir seinustu helgi. Tvö hundruð og fimmtíu til viðbótar voru myndaðir á of miklum hraða í Hvalfjarðargöngunum um helgina.

Gróflega reiknað þurfa ökuþórarnir að greiða um níu milljónir í sektir fyrir aksturinn, rétt rúmar fimmtán þúsund krónur á mann að meðaltali.

Meðalhraðinn á Bústaðaveginum var 77 kílómetrar á klukkustund, en þar er hámarkshraði 50 kílómetrar. Í Hvalfjarðargöngunum var meðalhraðinn 84 kílómetrar þar sem leyfilegur hámarkshraði er 70 kílómetrar á klukkustund. Sá sem hraðast fór var á Bústaðaveginum, á 122 kílómetra hraða.

„Við settum upp myndavélar við gatnamótin sem mynda bæði þá sem aka of hratt og þá sem aka gegn rauðu ljósi,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglu. „Þetta eru oft brot sem lýsa sér þannig að einhver gefur í til þess að ná gula ljósinu, og fær í staðinn hraðasekt.“

Hann segist binda miklar vonir við að embættið geti byggt upp enn betra hraðaeftirlit með sjálfvirkum myndavélum. - sþs



**GATNAMÓTIN** Yfirleitt eru eingöngu þeir sem fara yfir á rauðu myndaðir við gatnamótin, en í síðustu viku var sérstök vél notuð sem smellti einnig af þeim sem aka of hratt.

Dularfullar sprengingar:

# Önnur bréfasprengja barst

**LONDON, AP** Tveir slösuðust og bygging var rýmd þegar bréfasprengja, að því er talið er, sprakk í Wokingham, vestur af London, í gærmorgun. Daginn áður slasaðist kona þegar bréfasprengja sprakk í öðru fyrirtæki í miðborg London.

Lögreglan sagði of snemmt að segja um hvort þessi bréfasprengja tengdist þeirri fyrri sem barst til fyrirtækis sem innheimtir umferðarteppugjald. Fyrirtækið sem fékk bréfasprengjuna senda í gær starfar á sviði skatta og endurskoðunar auk þess að halda utan um ýmsa samninga stjórnvalda. - sdg



**EYÐING** Starfsmaður dýralæknisyfirvalda sótthreinsar fótabúnað sinn á kalkúnabúinu í Suffolk. MYND/AP

Fuglaflensan í Bretlandi:

# Neytendum sagt að óttast ei

**BRETLAND, AP** Að fuglaflensa af hinum skæða H5N1-stofni hafi greinst á stærsta kalkúnabúi Evrópu í Suffolk á Englandi veldur „sama og engri“ hættu á að almenningi sé hætta búin af því að neyta alifuglakjöts. Þetta fullyrti breski umhverfisráðherrann David Millibrand á mánudag.

Lokið var í gær við að slátra til eyðingar öllum þeim 159.000 fuglum sem voru í eldi á kalkúnabúi Bernard Matthews-fyrirtækisins í Suffolk. Enn er verið að reyna að komast að því hvernig smitið barst þangað, en H5N1-veiran greindist líka á aligæsabúi í Ungverjalandi í janúar. Það eru einu staðirnir í Evrópu þar sem veiran hefur greinst það sem af er vetri. - aa

## TIL ÁRÉTTINGAR

Fyrirsögn fréttar á forsíðu Fréttablaðsins í gær um bréf skattrannsóknarstjóra til ríkislögreglustjóra mátti skilja sem svo að skattalög hafi verið brotin í rekstri Baugs Group. Tekið skal fram að ekki liggur slík niðurstaða fyrir, heldur var vísað til að skattrannsóknarstjóri telur að með málatilbúnað ríkislögreglustjóra hafi farið forgörðum tækifæri til að fá úr því skorið fyrir dómi hvort um brot hafi verið að ræða.

# Tímamótadómur í íslenskri réttarsögu

**Jesus Sainz, fyrrum starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar, var í gær dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot á höfundarlögum. Fyrsta sakfellingin fyrir brot af þessu tagi á Íslandi. Dómnum verður áfrýjað.**

**DÓMSMÁL** Jesus Sainz, fyrrum starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), var í gær dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir ólöglega afritun gagna í eigu ÍE. Sainz var gefið að sök að hafa á tveggja vikna tímabili í júní síðastliðnum afritað í heimildarleysi 29 skrár af netþjóni ÍE og var hann sakfelldur á grundvelli 50. greinar höfundarlaga. Fyrirtækið sagði skrárnar hverja um sig geyma umtalsvert safn upplýsinga sem væru afrakstur verulegra fjárfestinga ÍE. Þetta er í fyrsta sinn sem sakfellt er fyrir brot af þessu tagi í íslenskri réttarsögu.

Þórir Haraldsson, lögmaður ÍE, segir niðurstöðuna vera mjög mikilvæga fyrir fyrirtækið og aðra sem eigi mikið magn af upplýsingum af svipuðum toga. „Dómurinn staðfestir að þessar upplýsingar njóta réttarverndar á Íslandi og í honum eru brot gegn höfundarlögum og afritun gagna metin refsiverð í fyrsta sinn í íslenskri réttarsögu. Þá er þetta í fyrsta sinn sem einstaklingur er dæmdur til fangelsisrefsingar fyrir brot á höfundarlögum, þó að skilorðsbundinn sé. Ég tel þetta vera tímamótadóm hvað varðar réttarvernd upplýsinga og vernd þeirra gegn óheimilli afritun.“

Erla Svanhvít Árnadóttir, lögmaður Sainz, segir að hún og umbjóðandi hennar séu mjög ósátt með niðurstöðuna. „Það er gengið mjög langt í því að byggja á framburði eins starfsmanns ÍE og leggja þær fullyrðingar til grundvallar ályktun um ásetning til að afhenda þriðja aðila þessar skrár. Við teljum okkur hafa sýnt fram á það að þessi ásetningur hafi ekki verið fyrir hendi.“ Erla segir dóminn byggðan á misskilningi á gildissviði 50 gr. höfundarlaga og að þegar sé búið að taka ákvörðun um að áfrýja honum.

Lögbannskrafa á hendur Sainz og fjórum öðrum fyrrverandi starfsmönnum ÍE sem er til meðferðar fyrir dómstólum í Philadelphia í Bandaríkjunum er enn ekki lokið. Í því máli eru mennirnir fimm auk Barnaspítala Philadelphia, þar sem fjórir mannanna starfa í dag, ásakaðir um stórfelldar iðnaðarnjósnir og margvísleg brot á ráðningarsamningum. Að sögn Þóris liggur ekki fyrir hvenær niðurstaða dómarans um lögbann verður kunngjörð. „En það má ekki gleyma því að þessi aðgerð að kæra Jesus Sainz til efnahagsbrotadeildarinnar var liður í því að verja okkar eignir og koma í veg fyrir að þær kæmust í hendur og til notkunar hjá keppinautum okkar þar.“ thordur@frettabladid.is



**JESUS SAINZ** ásamt lögmanni sínum, Erlu Svanhvíti Árnadóttur. Sainz er fyrsti einstaklingurinn í íslenskri réttarsögu til að hljóta fangelsisdóm fyrir brot á höfundarlögum, þótt skilorðsbundinn sé. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





## ÁSAKAÐIR UM IÐNAÐARNJÓSNIR

- Jesus Sainz var ákærður og dæmdur fyrir ólöglega afritun á 29 skrám af netþjóni Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) á meðan hann starfaði fyrir fyrirtækið. Hann er einnig hluti af hópi fimm fyrrverandi starfsmanna ÍE sem eru ákærðir fyrir iðnaðarnjósnir og margvísleg brot á starfsmannasamningum sínum fyrir dómstólum í Philadelphia.
- Sá málatilbúnaður byggir á því að Hákon Hákonarson, fyrrverandi viðskiptaþróunarstjóri ÍE og einn af æðstu yfirmönnum þess, er sagður hafa ráðið sig til að veita nýrri miðstöð Barnaspítala Philadelphia (CHOP) fyrir hagnýtar erfðamengjarannsóknir forstöðu seint á árinu 2005, en ÍE segir þá miðstöð vera í beinni samkeppni við sig. Í kjölfarið hafi hann boðið fjórum öðrum starfsmönnum ÍE, þeim Struan Grant, Robert Skraban, Jonathan Bradfield og Jesus Sainz, starf hjá miðstöðinni og fengið þá til liðs við sig við að stela gögnum til að nýta hjá nýjum vinnuveitanda sínum.
- Þeir neita allir staðfastlega sök og CHOP hefur sagt að spítalinn standi fast við bakið á mönnunum fjórum.
- Allir mennirnir utan Jesus Sainz starfa í dag hjá CHOP og lögbannskrafa ÍE á hendur þeim og þeirra gagna sem þeim er ætlað að hafa stolið er enn til meðferðar hjá dómstólum þar ytra.
- Sainz er sá eini sem hefur verið ákærður hér á landi.







## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BREYTINGAR UM HELGINA**

Það eru ekki horfur á mjög miklum breytingum á veðrinu fram að helgi. Hins vegar er mikil gerjun í kortunum um helgina og horfur á að það verði jafnvel frostlaust á sunnan- og vestanverðu landinu á laugardag. Gangi spár eftir verður úrkomusamt þann dag, rigning eða slydda sunnan og vestan til en él fyrir austan. Á sunnudag gæti á hinn bóginn kólnað á ný. Semsagt, veikburða hlýindi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg austlæg átt og bjartviðri. Frost 1-5 stig, mildast um miðjan dag.

*um hádegi »*





*» á morgun*





8-13 m/s syðst, annars hægviðri

*» föstudagur*





8-13 m/s syðst, annars hægviðri.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C | hálfskýjað | London | 6°C alskýjað | | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 4°C | hálfskýjað | París | 6°C alskýjað | | Mallorca | 15°C hálfskýjað |
| Osló | -12°C | alskýjað | Frankfurt | 0°C hálfskýjað | | Algarve | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -6°C | heiðskírt | Friedrichshafen | 2°C alskýjað | | Krít | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 0°C | hálfskýjað | Berlín | 4°C alskýjað | | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

HONDA
The Power of Dreams

2007 CR-V
Nýr, gjörbreyttur og glæsilegur

# Frumsýnum um helgina



Komdu og mátaðu CR-V
draumabílinn þinn

www.honda.is

www.bernhard.is

Nýr CR-V er kominn. Endurhannaður borgarjeppi með skynvætt fjórhjóladrif og hefur tekið algjörum stakkaskiptum. Nýr CR-V er glæsilegri, mikilfenglegri og ríkulegri en nokkru sinni fyrr. Þú finnur það strax og þú mátar CR-V að hann státar af öllu því besta sem hugurinn girnist, hvort sem er í stuttum borgarakstri eða úti á þjóðvegum landsins; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innanrými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri en þig hefur nokkurn tíma dreymt um. Nýr CR-V hefur ómótstæðilega aksturseiginleika og yfirburðatækni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnaður með spól- og skrikvörn (VSA - ESP), stöðugleikabúnaður fyrir tengivagna (TSA), loftpúðar, loftpúðagardínur, loftpúðar í sætum, 17” álfelgur, tvískipt loftkæling og meiri búnaður en hægt er að láta sig dreyma um. Þegar þú sérð nýjan CR-V í fyrsta sinn stenst þú ekki mátið – **komdu á frumsýningu á stórglæsilegum CR-V og mátaðu hann við draumabílinn þinn.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24- 26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## KJÖRKASSINN



*Myndir þú taka oftar strætó ef fargjaldið yrði fellt niður?*

| | |
|---|---|
| Já | 75% |
| Nei | 25% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að gjöld á einkabíla verði háð því hversu mikið þeir menga?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Loðnuvertíðin komin á flug eftir kvótaaukningu og öll skip á sjó:

# Verð nærri sögulegu hámarki

**SJÁVARÚTVEGUR** Verð á loðnu hér á landi er mun hærra nú en á sama tíma í fyrra. Tólf til þrettán krónur eru greiddar fyrir kílóið af bræðsluloðnu en fjórtán til sautján krónur fyrir loðnu til frystingar, allt eftir ástandi hennar, stærð og hrognafyllingu. Verðið á sama tíma í fyrra var um sjö krónur fyrir bræðsluloðnu og ellefu til loðnufrystingar.

Skýringa á verðmun loðnuafurða á þessari vertíð í samanburði við þá síðustu er helst að leita í stöðugri eftirspurn fiskeldisfyrirtækja eftir mjöli og lýsi auk þess sem minni uppsjávarfiskkvóti í Suður-Ameríku hefur áhrif á mörkuðum. „Það var framleitt það lítið í fyrra að framleiðslan 2005 er uppurin. Þess vegna erum við að skipa mjög hratt út núna, og þá aðallega til Rússlands," segir Jóhannes Pálsson, framkvæmdastjóri vinnslu hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað.



**AF MIÐUNUM** Skipsverjar á Antares VE 18 dæla loðnu úr 200 tonna kasti á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓPF

Jóhannes segir að kvótaaukning í loðnu upp á 190 þúsund tonn á dögunum hafi hleypt miklu lífi í veiðar og vinnslu fyrir austan. Öll skip séu nú komin á sjó en áður en kvótinn var aukinn héldu útgerðir að sér höndum og biðu þess að hrognafylling loðnunnar ykist til framleiðslu á hinn mikilvæga Japansmarkað. „Þessi innspýting ætti að sjá til þess að við náum að veiða upp í eftirspurn í hrognum en útlit var fyrir að við framleiddum lítið sem ekkert af mjöli og lýsi vegna lítils kvóta." **- shá**

Talsmaður neytenda:

# Skipaði þrjá í ráðgjafarráð

**NEYTENDAMÁL Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur tilnefnt Brynhildi Pétursdóttur, ritstjóra Neytendablaðsins, Guðrúnu Johnsen, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík og dr. Ian Watson, alþjóðafulltrúa og aðjúnkt í félagsfræði, til setu í ráðgjafarráði talsmanns neytenda fyrir árið 2007.**

**Ráðgjafarráðinu er ætlað að veita talsmanni neytenda aðhald og stuðning en honum ber samkvæmt lögum að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Ráðið er skipað til eins árs fyrst um sinn. - ifv**

Hvalfjarðargöngin:

# Veggjald lækkar í næsta mánuði

**SAMGÖNGUR Spölur, sem á og rekur Hvalfjarðargöngin, mun lækka veggjald í göngin um næstu mánaðamót. Stök ferð heimilisbíls mun þá kosta 900 krónur en allt frá opnun ganganna hefur sama ferð kostað 1.000 krónur.**

**Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að í heildina verði gjaldið lækkað meira en sem svarar til lækkunar virðisaukaskatts af veggjaldi, sem kemur til framkvæmda sama dag. - sþs**

### TÆKNI

**Apple gagnrýnir Vista**

Stýrikerfið Windows Vista getur skemmt iPod-tónlistarspilara. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Apple. Þar segir að margir lendi í vandræðum þegar þeir tengi iPod við tölvu með Vista, og sumir spilarar hafi eyðilagst.

### BANDARÍKIN

**Ekki lengur hommi**

Ted Haggard, bandaríski presturinn sem komst nýverið í fréttir fyrir að hafa átt í sambandi við karlmann og neytt eiturlyfja, kveðst orðinn gagnkynhneigður. Hann segir námskeið hafa komið sér á beinu brautina.



**MAGNÚS STEFÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Segir að skoða verði þessi mál í samhengi við aðra starfsemi á þessum tíma. Það sé mikilvægt.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR FORMAÐUR SAMFYLKINGAR** Telur að samfélagið eigi skjólstæðingum Breiðavíkur skuld að gjalda og takast verði á við þennan fortíðardraug.

# Rannsaka Breiðavík

**Félagsmálaráðherra ætlar að láta rannsaka starfsemi Breiðavíkur á síðustu öld. Formaður Samfylkingarinnar segir samfélagið eiga fólki sem þar dvaldi skuld að gjalda. Magnús Þór Hafsteinsson spyr hvort ríkið sé ekki bótaskylt.**

**STJÓRNMÁL** „Ríkisstjórnin fjallaði um þetta mál á fundi sínum í morgun. Þar var samhljómur um að mikilvægt væri að rannsaka þau gögn og upplýsingar sem fyrir lægju um starfsemina í Breiðuvík. Við verðum að skoða þessi mál í samhengi við aðra starfsemi á þessum tíma og fara yfir það hvað við getum lært af því sem þarna gerðist. Það er mikilvægt," sagði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra þegar málefni Breiðavíkur voru gerð að umtalsefni í upphafi þingfundar í gær.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tók málið upp á Alþingi og spurði hvort ekki væri tilefni til að vinna úttekt á starfsemi Breiðavíkur á síðustu öld, taka viðtöl við þá sem þarna voru, safna gögnum um slíkar stofnanir og komast til botns í því hvernig búið var að börnum sem þar dvöldu.

Umfjöllun fjölmiðla undanfarið, bæði af málefni Breiðavíkur og Heyrnleysingjaskólans, gæfi tilefni til þess.

„Samfélagið á þessu fólki skuld að gjalda og það er skoðun mín að við verðum að takast á við þennan fortíðardraug," sagði Ingibjörg Sólrún. Þarna hefðu ung börn verið á forræði hins opinbera og „ofurseld andrúmslofti ofbeldis og níðingsverka".

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði einnig mikilvægt að skoða með hvaða hætti hægt væri að koma til móts við það fólk sem lent hefði í þessum skelfilegu aðstæðum. Spurði hann hvort ríkið væri ekki bótaskylt í málum sem þessum.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði að gera yrði allt sem í mannlegu valdi stæði til að hindra að atburðir sem þessir endurtækju sig. Hið opinbera hefði brugðist þessum einstaklingum.

„Við munum vinna hratt og örugglega að því að þetta mál verði sett í vandaðan farveg. Nauðsynlegt er að upplýsa málið vegna þeirra sem kunna að hafa sætt ómannúðlegri meðferð á stofnunum ríkisins og jafnframt þeirra sem störfuðu á vegum ríkisins og hafa ekkert til saka unnið," sagði Magnús Stefánsson.

Ingibjörg Sólrún þakkaði Magnúsi fyrir að taka vel í ósk sína og vildi að rannsókn hæfist fljótt. „Og það verði þannig staðið að málum að við getum með einhverjum hætti bætt þann mikla miska sem þessir einstaklingar urðu fyrir sem þarna voru vistaðir.

Þeir upplifi það þá ekki núna eins og þeir gerðu á þeim árum að þeir væru aleinir í heiminum."

**bjorgvin@frettabladid.is**

Krónikan
» NÝTT VIKURIT
KEMUR 15. FEBRÚAR
AUGLÝSINGAR
414 9400
auglysingar@kronikan.is
ÁSKRIFTIR
414 9400
askrift@kronikan.is

Samhjálp 34 ára!
Samhjálp
Árshátíð
SAMHJÁLPAR
VERÐUR HALDIN LAUGARDASKVÖLDIÐ
10. FEBRÚAR Í HÁBORG STANGARHYL 3
Veislustjóri séra Karl V. Matthíasson
Húsið opnar kl 18:30
Borðhald hefst kl 19:00
Veislumatur, glens og gaman!
Óvænt skemmtiatriði
Miðaverð 3500kr.
Miðasala og pantanir í síma 56 11000
Fram koma:
Guðrún Gunnars og Valgeir Skagfjörð
Valgeir Guðjonsson Stuðmaður
Vinir Dóra
Bluessöngkonan Þolly
Guðni Már og Freyr útvarpsmenn

Flugfélag Íslands segir yfirlýsingar Iceland Express koma á óvart:

# Segja fyrirspurnum ekki svarað

**SAMGÖNGUR** Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segist undrast yfirlýsingar forsvarsmanna Iceland Express(IE). Matthías Imsland, framkvæmdastjóri IE, heldur því fram að fyrirhugað millilandaflug félagsins sé í uppnámi þar sem það fái ekki aðstöðu í flugstöðinni á Reykjavíkurflugvelli, en þann flugvöll á Flugfélag Íslands og rekur. Matthías segir að athyglisverð staða sé komin upp þar sem aðili sem er einn á markaði geti úthýst samkeppnisaðilum með því að bera við plássleysi.

Í tilkynningu frá Árna segir hann að rétt sé að Flugfélag Íslands hafi svarað beiðni IE um aðstöðu á flugvellinum í Reykjavík á þá leið að Flugfélagið sæi ekki fyrir sér að „geta með góðu móti" þjónustað IE á Reykjavíkurflugvelli. Ekkert sé þó því til fyrirstöðu að IE fái aðstöðu á flugvellinum á Egilsstöðum eða Akureyri.

Árni segir að í svari Flugfélag Íslands til IE, sem dagsett er í lok október á síðasta ári, hafi verið óskað eftir upplýsingum um fyrirhugaða gerð flugvéla, umfang þeirra og hver flugrekstraraðili þeirra. Reglugerðir geri ráð fyrir að samið sé beint við flugrekanda en það sé IE ekki. Árni segir engin svör hafa fengist frá IE um þessi atriði og því komi honum mjög á óvart að framkvæmdastjóri IE haldi því fram að áætlanir þess um innanlandsflug strandi á aðstöðuleysi á flugvellinum í Reykjavík. **- kdk**



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Forsvarsmenn Iceland Express telja það athyglisverða stöðu að Flugfélag Íslands geti úthýst samkeppnisaðilum.

# STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT







## NÚ ER RÉTTI TÍMINN





### HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsu-koddanum, þar á meðal á Íslandi.





### HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á
Þar sem heilsudýnurnar frá Betra Bak aðlagast líkaman-um dreifa þær þyngdinni á allan líkamann og draga þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.





### STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er.
Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða fyrirtæki á flugstöðina á Reykjavíkurflugvelli?*
2. *Hvað heitir ný hljómsveit Eiríks Haukssonar?*
3. *Hvar er borgin Djakarta?*

SVÖR Á BLS. 38

Átta af þrjátíu starfsmönnum Skipalyftunnar í Vestmannaeyjum sagt upp störfum:

# Fleiri kunna að missa vinnuna

**UPPSAGNIR** Átta af þrjátíu starfsmönnum Skipalyftunnar í Vestmannaeyjum var sagt upp störfum fyrir helgi og kunna enn fleiri að missa vinnuna á næstunni.

„Að öllu óbreyttu verður fleirum sagt upp um næstu mánaðamót,“ segir Stefán Jónsson, yfirverkstjóri Skipalyftunnar.

Fyrirtækið varð fyrir skakkaföllum í haust þegar upptökumannvirki þess eyðilagðist. Mannvirkið er í eigu Hafnarsjóðs Vestmannaeyjabæjar en fyrirtækið leigir það. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort það verður endurnýjað. „Framtíðin ræðst í þessari eða næstu viku,“ segir Stefán og telur valkostina tvo. „Annað hvort verður hér fækkað niður í tíu til fimmtán menn eða fjölgað upp í 50-60.“

Mennirnir sem sagt var upp hafa sumir um 45 ára starfsaldur að baki.

Nýtt upptökumannvirki kostar um 420 milljónir króna og gæti þjónað öllum flota Vestmannaeyja og Herjólfi að auki. Stefán segir eðlilegt, ekki síst í ljósi mikils uppgangs í útgerð í Eyjum, að nýtt upptökumannvirki verði keypt. **- bþs**



**SKIPIÐ GANDÍ SPORÐREIST Í SKIPALYFTUNNI** Beðið er ákvörðunar bæjaryfirvalda um hvort keypt verði nýtt upptökumannvirki. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Vildu ekki lokapróf á föstudegi:

# Samræmdu prófin flutt

**MENNTUN** Dagsetningum samræmdra prófa í tíunda bekk vorið 2008 hefur verið breytt. Samkvæmt upphaflegri próftöflu var síðasta prófið á föstudegi, en vegna ábendinga var ákveðið að útbúa nýja próftöflu. Menntamálaráðherra ákvað nýju dagsetningarnar.

Íslenskupróf verður þriðjudaginn 29. apríl, enskupróf daginn eftir og náttúrufræðipróf verður föstudaginn 2. maí. Nemendur þreyta samræmt próf í samfélagsgreinum mánudaginn 5. maí og dönskupróf daginn eftir. Síðasta prófið verður í stærðfræði, fimmtudaginn 8. maí. **- sþs**

Demantsdiskar og sagarblöð frá DIMO
DIMO DIAMOND PRODUCTS
FRÁBÆR VERÐ
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Klettháisi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**UMKRINGDUR EYÐILEGGINGU** Íraskur hermaður gengur vopnaður um götu í Bagdad á mánudag þar sem tvær bílsprengjur sprungu fyrr um daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Þriðja tilraunin til að lægja ófrið í Írak

**Írakar tóku yfir stjórn á öryggisgæslu í Bagdad á mánudaginn í samræmi við nýja aðgerðaáætlun íraskra og bandarískra stjórnvalda til að koma á friði í Írak. Tvær fyrri tilraunir til þess hafa mistekist á undanförnum níu mánuðum.**

**BAGDAD, AP** Íraskur hershöfðingi tók yfir stjórn á öryggisgæslu í Bagdad og írösk lögregla og hermenn mönnuðu nýja vegatálma á mánudaginn. Þetta eru fyrstu skrefin í sameiginlegri aðgerð Íraka og Bandaríkjamanna sem miðar að því að koma böndum á blóðsúthellingar milli trúarhópa í landinu.

Þetta er þriðja tilraunin á níu mánuðum til að lægja ófriðaröldur í Bagdad. Tvær fyrri öryggisaðgerðir mistókust og Bandaríkin kenndu íröskum stjórnvöldum um að standa ekki við að koma með þann mannafla sem þau höfðu lofað.

Forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, tilkynnti þessa nýjustu áætlun 6. janúar síðastliðinn og forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, lýsti sinni sýn á hana 11. janúar. Gert er ráð fyrir allt að 90.000 bandarískum og íröskum hermönnum auk íraskra lögreglumanna í áætluninni.

Lengi hefur verið beðið eftir að þessari áætlun verði hrint í framkvæmd og gagnrýnendur hafa sagt biðina hafa verið of langa. Al-Maliki viðurkenndi í gær að aðgerðin færi hægt af stað. „Aðgerðirnar munu sameina okkur og við munum grípa til aðgerða bráðlega, með Guðs vilja, jafnvel þótt ég hafi í tilfinningunni að við séum sein og að þessi seinkun sé farin að senda út neikvæð skilaboð.“

Heimildarmaður í innanríkisráðuneyti Íraks sagði á sunnudag að í seinustu viku einni hefðu í kringum eitt þúsund Írakar látist: borgarar, öryggissveitarmenn og vígamenn. Samkvæmt tölum sem AP-fréttastofan safnaði saman frá lögreglu og úr yfirlýsingum stjórnvalda létust 911 manns í vikunni 28. janúar til 4. febrúar. Þar af létust 137 manns í einni sprengingu á laugardaginn sem er mannskæðasta staka sprengingin síðan stríðið hófst fyrir tæpum fjórum árum.

Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum urðu samtals 34.452 borgarar fórnarlömb átaka á götum Bagdad árið 2006.

**sdg@frettabladid.is**

ÞRIFIN VERÐA LEIKUR EINN!
20% AFSLÁTTUR* af frábærum moppum
vileda PROFESSIONAL
ULTRAMAX MOPPUSETT
Blaut- og þurrmoppur fyrir allar gerðir gólfa.
Fatan vindur fyrir þig.
Hrein snilld!
ATTRACTIVE RYKKÚSTUR
Afþurrkunarkústur sem afrafmagnar. Langir þræðir sem ná í afskekktustu afkima og skilja ekkert eftir!
Ótrúlega sniðugt!
EXPRESS MOPPUSKAFT
Þú þarft enga fötu, fyllir bara handfangið með vatni og hreinsiefni!
Ótrúlega einfalt!
* Tilboð gildir til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Suðurlandsbraut 26 Reykjavík Sími: 510 0000
Miðási 7 Egilsstöðum Sími: 470 0000
Brekkustíg 39 Njarðvík Sími: 420 0000
Grundargötu 61 Grundarfirði Sími: 430 0000
BESTA
www.besta.is

Fimmti ætlaði barnaníðingurinn úr Kompásþætti úrskurðaður í gæsluvarðhald:

# Tekinn með gróft barnaklám

**LÖGREGLUMÁL** Gróft barnaklám hefur fundist í tölvu karlmanns sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók síðdegis í fyrradag. Rannsókn lögreglu beinist meðal annars að því hvort myndir af íslenskum börnum séu í tölvubúnaði mannsins.

Um er að ræða einn af fimm svokölluðum Kompássmönnum sem héldu sig vera á leið til fundar við þrettán ára stúlku, sem reyndist vera tálbeita. Þáttagerðarmenn Kompáss höfðu sett upp tálbeitu á netinu og tekið íbúð á leigu þar sem mennirnir töldu sig geta hitt hina þrettán ára stúlku. Þeir voru myndaðir þegar þeir fóru inn í íbúðina og síðan afhenti Stöð 2 lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gögn sem orðið höfðu til við gerð þáttar um ætlaða barnaníðinga. Þrír karlmenn gáfu sig þá fram við lögregluna en hinn fjórði sem kom fram í þættinum var dæmdur barnaníðingur. Fimmti maðurinn var svo handtekinn í fyrradag og hald lagt á tölvubúnað hans. Hann var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald í eina viku af Héraðsdómi Reykjavíkur. **- jss**



**TÖLVUBÚNAÐUR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú tölvubúnað þeirra fimm manna sem bitu á agnið við gerð Kompáss um barnaníðinga.




**599** kr/pk.
Ostafylltar ýsurúllur



**799** kr/kg.
Smálúðuflök



**999** kr/kg.
Hornafjarðarhumar



**799** kr/kg.
Línuýsa í bitum 1 kg. - roðlaus/beinlaus




**199** kr/stk.
Skinney síld 800 ml.

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda í dag.
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

VERKEFNASTJÓRAAKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR



VERKEFNASTJÓRNUN FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Námskeið fyrir þá sem stjórna eða taka þátt í verkefnum þar sem markmiðið er mælanlegur árangur.



*Leiðbeinendur:*
*Sigurjón Hákonarson, Verkefnastjórnun I og*
*Þórður Víkingur Friðgeirsson, Verkefnastjórnun II.*

**Námið skiptist í tvö námskeið, Verkefnastjórnun I og Verkefnastjórnun II:**

**VERKEFNASTJÓRNUN I - Grunnatriði verkefnastjórnunar**

16 kennslustundir, 4 tímar í senn. Kennt frá klukkan 15:00 - 19:00.

| | DAGS.: |
|---|---|
| Hugmyndafræðin og markmiðasetning | 13.02. |
| Skilgreining, afmörkun og umfang | 14.02. |
| Framkvæmdarammi verkefna, verkferlið, PRINCE2 | 27.02. |
| Áætlunargerð í verkefnum | 28.02. |

**VERKEFNASTJÓRNUN II - Verkefnastjórnun fyrir verkefnastjóra**

16 kennslustundir, 4 tímar í senn. Kennt frá klukkan 15:00 - 19:00.

| | DAGS.: |
|---|---|
| Framvindumat, unnið virði | 27.03. |
| Forgangsröðun, aðalatriði frá aukaatriðum, hópvinna, fundir og hugarflug | 28.03. |
| Greiningarit, ishikawa, pareto, plús delta, svót, osfrv. | 11.04. |
| Áhættumat og greining | 12.04. |

**Skráning er hafin - Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans. Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornendaskoli.is**

Nánari upplýsingar veitir
**Elísabet Þorvaldsdóttir,**
verkefnastjóri,
elisabetth@ru.is
eða 599 6296

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

FABRIKAN 2006


Tilnefning Repúblikana til forseta Bandaríkjanna:

# Giuliani blandar sér í slaginn um Hvíta húsið

**WASHINGTON, AP** Rudolph Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, mun að öllum líkindum sækjast eftir tilnefningu Repúblikanaflokksins til forseta Bandaríkjanna. Hann gaf það í skyn á mánudag þegar hann skilaði inn yfirlýsingu um framboð til alríkiskjörnefndar.

Ólíkt flokksbræðrum sínum John McCain og Mitt Romney hefur Guiliani hingað til lítið viljað gefa út um hvort hann hygðist sækjast eftir tilnefningunni.



RUDOLPH GIULIANI

Giuliani var borgarstjóri í New York þegar árásirnar voru gerðar á tvíburaturnana árið 2001. Nokkrum tímum eftir árásirnar birtust myndir af honum í sjónvarpi á vettvangi og aflaði framganga hans í kjölfarið honum mikilla vinsælda um öll Bandaríkin. **- sdg**



**JARÐÝTA VIÐ MUSTERISHÆÐINA** Umdeildar framkvæmdir hófust í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umdeildar vegaframkvæmdir í Jerúsalem:

# Palestínumenn mótmæla af hörku

**JERÚSALEM, AP** Tugir lögreglumanna fylgdust með þegar ísraelskri jarðýtu var ekið upp að múrum musterishæðarinnar í Jerúsalem þar sem vegaframkvæmdir hafa staðið yfir.

Til stendur að endurnýja göngubrú sem komin var að hruni og á þeim framkvæmdum að ljúka á átta mánuðum.

Arabaheimurinn hefur fordæmt þessar framkvæmdir og leiðtogar Palestínumanna mótmæltu þeim harðlega vegna hættu á því að óbætanlegar skemmdir yrðu unnar á hinum helga stað.

Ísraelsk stjórnvöld segja framkvæmdirnar nauðsynlegar, unnið hafi verið að undirbúningi í nokkrar vikur og engin hætta sé á skemmdum á fornum mannvirkjum.

Engu að síður kom til átaka milli Palestínumanna og ísraelskra öryggissveita á nokkrum stöðum í Jerúsalem og á Vesturbakkanum í gær.

Á hæðinni stendur ein af helgustu moskum múslima, Al Aksamoskan, þar sem múslimar telja að Múhameð spámaður hafi stigið til himna. Þarna stóðu einnig musteri gyðinga áður en moskan var byggð og í Biblíunni segir frá því að þaðan hafi Jesús rekið kaupmennina út á sínum tíma. **- gb**


Verðsamanburður gerður 02.02.07

ELÍSABET - ALLTAF ÓDÝRARI

Verð per mánuð!

| | elísabet | TM | Sjóvá | Sjóvá Strax | VÍS | Vörður |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skyldu- og framrúðutrygging | 5.062 kr. | 5.968 kr. | 6.477 kr. | 7.203 kr. | 6.110 kr. | 6.377 kr. |
| Kaskó- og skyldutrygging* | 6.932 kr. | 8.213 kr. | 10.371 kr. | 10.813 kr. | 8.671 kr. | 8.081 kr. |
| % dýrari en elísabet m.v. Kaskó- og skyldutrygging* | | 18% | 50% | 56% | 25% | 17% |

* miðað við 50.000 kr. sjálfsábyrgð

2002 árg. · 890.000 kr. · 1600 vél

ÍSLENSKA/SIA.IS/LBI 36002 02/07

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ | ARMANI JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17





**Í HITA LEIKSINS** Hjólreiðakappar gefa í á lokakaflanum í hjólreiðakeppni sem haldin var í eyðimörkinni í Katar. NORDICPHOTOS/AFP

Viðræður um endurskoðunarákvæði kjarasamnings hafa engu skilað:

# Kjaramál kennara í pattstöðu

**KJARAMÁL** Samningaviðræður Félags grunnskólakennara og launanefndar sveitarfélaga hafa farið út um þúfur. Frá því í lok ágúst í fyrra hafa samninganefndir hist sautján sinnum án árangurs. Ekki hefur verið boðað til nýs fundar.

Í fréttabréfum Félags grunnskólakennara segir að stjórnin telji ekki lengra komist í bili í viðræðum um endurskoðunarákvæði í kjarasamningi. Ekki náist samkomulag um til hvaða aðgerða eigi að grípa.

Grunnskólakennarar hafi dregist aftur úr öðrum kennarastéttum í launum að undanförnu, og munurinn eigi eftir að aukast verði ekkert að gert. Um það snúast viðræðurnar.

„Við erum í pattstöðu,“ segir Ólafur Loftsson, formaður félagsins. „Launanefndin hefur boðið okkur 0,75 prósenta hækkun ofan á umsamda 2,25 prósenta hækkun, en við teljum fráleitt að sú hækkun bæti þá kjaraskerðingu sem þróun í efnahags- og kjaramálum hefur leitt til frá því að samið var í nóvember 2004.“

Hann tekur fyrir að félagið sé að hóta verkfalli, því tæpt ár er eftir af kjarasamningnum. Langt sé í að menn ræði um slíka hluti, en staðan sé engu að síður alvarleg. „Hljóðið er þungt í fólki og það er tilefni til að hafa áhyggjur af því,“ segir Ólafur. - sþs



**Í PRÓFI** Í fréttabréfi Félags grunnskólakennara segir að stéttin hafi dregist verulega aftur úr öðrum kennarastéttum hvað varðar laun. Munurinn eigi eftir að aukast verði ekkert að gert.

Landspítali - háskólasjúkrahús:

# Sérhæfð þjónusta við aldraða

**HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn hefur lagt fram áætlun um uppbyggingu sérhæfðrar þjónustu við aldraða með geðsjúkdóma í samræmi við stefnumótun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.**

**Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hefur farið yfir tillögur og ábendingar faghóps um bætta geðheilbrigðisþjónustu við aldraða sem skilaði ábendingum sínum í apríl. „Niðurstaða mín varð sú að byggja áherslur mínar í geðheilbrigðisþjónustu við aldraða á þeim,“ sagði ráðherra í svari sínu við fyrirspurn um málefnið á Alþingi.** - jss

Skoðanakönnun Blaðsins:

# Frjálslyndir minnstir á ný

**STJÓRNMÁL Frjálslyndi flokkurinn missir mikið fylgi í nýrri skoðanakönnun Blaðsins og mælist með 3,1 prósents fylgi, en fékk 7, 4 prósent atkvæða í síðustu alþingiskosningum.**

**Framsóknarflokkurinn er næstminnstur, með 9,4 prósenta fylgi. Hann fékk 17,7 prósent greiddra atkvæða í kosningunum.**

**Samfylkingin mælist með 19,1 prósent í könnuninni, en fékk 31 prósents kosningu árið 2003. Vinstri græn eru vinsælli en nokkru sinni fyrr og mælast nú með 22,9 prósent. Það er aukning úr 8,8 prósentum atkvæða í kosningum.**

**Sjálfstæðisflokkurinn er með 45,4 prósenta fylgi í könnuninni og bætir vel við sig, miðað við kosningar, en þar fékk hann 33,7 prósent atkvæða.** - kóþ

Leiðtogi Fatah segir að mistakist viðræður nú sé það grænt ljós á borgarastyrjöld:

# Funda í helgustu borg íslam

**SÁDI-ARABÍA, AP** Stjórnvöld í Sádi-Arabíu höfðu forgöngu um að leiðtogar hinna stríðandi fylkinga í Palestínu, Fatah-hreyfingarinnar og Hamas-samtakanna, kæmu til Mekka, heilögustu borgar múslima, í gær til viðræðna í lokatilraun um að stöðva blóðug átök undanfarið.

Abdullah, konungur Sádi-Arabíu, og synir hans, Sultan krónprins og Saud Al-Faisal, prins og utanríkisráðherra, tóku sérstaklega á móti Mahmoud Abbas, leiðtoga Fatah og forseta Palestínu, og Khaled Mashaal, eins helsta leiðtoga Hamas, og þykir nærvera feðganna vera til staðfestu Sádi-Araba í að binda enda á deilur fylkinganna.

Áður en Abbas hélt af stað til Mekka varaði hann við því að ef þessar viðræður bæru ekki árangur gæfi það grænt ljós á borgarastyrjöld í Palestínu að því er fram kom í líbanska dablaðinu Al-Akhbar.

Abdullah konungur sagðist í gær vonast til að staðsetning viðræðnanna myndi hafa tilætluð áhrif og að „palestínsku bræðurnir“ myndu ekki snúa aftur heim frá „helga landinu án loforðs frammi fyrir guði um að binda enda á bardaga og blóðsúthellingar“. - sdg



**STÓRA MOSKAN** Dúfa tyllir sér á vegg með Stóru moskuna í Mekku í baksýn. Mekka er heilagasta borg múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Háskólinn á Akureyri:

# Framlengir samning við Landsvirkjun

**MENNTAMÁL** Háskólinn á Akureyri og Landsvirkjun framlengdu í gær samstarfssamning sín á milli. Samningurinn hefur það markmið að efla grunnrannsóknir á þeim fagsviðum sem tengjast rannsóknum og nýtingu á orkulindum landsins og áhrifum hennar á samfélag og umhverfi.

Árlegt framlag Landsvirkjunar mun nema einu stöðugildi prófessors en háskólinn leggur á móti fram vinnu við rannsóknarverkefni og sérfræðistörf fyrir Landsvirkjun.

Með samningnum verður Landsvirkjun sá einkaaðili sem veitir mestu fjármagni til háskólans, eða á bilinu 50-60 milljónir króna þegar allt samningstímabilið er talið. - þsj


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8102

EÐALBÍLAR

13.990 kr.

afborgun á mánuði fyrir hverja milljón *

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Benz með allt að 90% láni á afar hagstæðum kjörum. Í boði eru jafnlöng lán og á nýjum bílum, sem lækkar greiðslubyrðina til muna. Bílarnir eru til sýnis á Bílaþingi, Laugavegi 174.




* M.v. 10% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða.

Opið kl. 10–18 á Laugavegi 174

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Framtíðarlandið:

# Bjóði fram til þings til vor

**STJÓRNMÁL Stjórn Framtíðarlandsins vill bjóða fram í þingkosningunum sem haldnar verða í maí á þessu ári.**

**Tillaga þess efnis verður lögð fram á félagsfundi samtakanna á Hótel Loftleiðum klukkan átta í kvöld.**

**Tilgangur fundarins er að skera úr um það hvort félagar í Framtíðarlandinu samþykki að boðið verði fram í nafni félagsins. Aukins meirihluta, 2/3 hluta atkvæða, er krafist fyrir samþykkt tillögunnar. Ef tillagan verður felld á fundinum verður rætt um áherslur í áframhaldandi starfi félagsins. - ifv**

Tveir menn fengu fimmtán og tólf mánaða dóma fyrir líkamsárás og frelsissviptingu:

# Særðu mann lífshættulega

**DÓMSMÁL** Þrír karlmenn, tveir á tuttugasta ári og einn rúmlega tvítugur, voru í gær fundnir sekir um að þvinga nítján ára pilt upp í bifreið í Garðabænum og keyra með hann upp í Heiðmörk þar sem þeir misþyrmdu honum. Atvikið átti sér stað í maí síðastliðnum. Héraðsdómur Reykjaness kvað upp dóminn.

Tveir mannanna voru dæmdir fyrir frelsissviptingu og líkamsárás og hlaut annar þeirra fimmtán mánaða fangelsisdóm, þar af tólf skilorðsbundna og hinn tólf mánaða dóm, þar af níu skilorðsbundna.

Mennirnir drógu fórnarlambið út úr aftursæti bifreiðarinnar í nágrenni Vífilsstaðavatns og þvinguðu hann með ofbeldi ofan í farangursgeymslu bílsins. Þegar komið var upp í Guðmundarlund í Heiðmörk drógu mennirnir fórnarlambið úr farangursgeymslunni og spörkuðu og stöppuðu á honum. Að lokum skildu mennirnir fórnar-lambið eftir og óku í burtu.

Þegar farið var með manninn á sjúkrahús var hann lagður inn á gjörgæsludeild með miklar innvortis blæðingar.

Að sögn læknis sem rannsakaði fórnarlambið hefði getað farið verr því áverkarnir voru lífshættulegir.

Þriðji maðurinn, sem var ákærður fyrir frelsissviptingu en ekki líkamsárás, fékk tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm.

Mönnunum var einnig gert að greiða fórnarlambinu skaðabætur, sakarkostnað í málinu sem og málsvarnarlaun verjenda sinna. - ifv



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Tveir menn á tuttugasta ári voru dæmdir í tólf og fimmtán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir að veita jafnaldra sínum lífshættulega áverka í maí í fyrra.



**GOGGAR Í RÖÐ** Salmonellubakterían fannst í fuglum á sjö búum í suðurhluta Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sá stærsti í alifuglum í áratug:

# Salmonellufaraldur í Svíþjóð

**STOKKHÓLMUR, AP** Meira en 100.000 hænum og kjúklingum hefur verið slátrað í suðurhluta Svíþjóðar til að stemma stigu við því sem talið er vera stærsti salmonellufaraldur í alifuglum í áratug.

Lítil hætta er talin á að sýkingin geti borist í fólk að sögn yfirvalda. „Þetta er of langt aftur í framleiðsluferlinu til að skapa einhverja hættu fyrir neytendur,“ sagði Lennart Sjöland, héraðsdýralæknir í suðurhluta Skáns.

Fuglunum var slátrað eftir að salmonella fannst í fuglum á sjö búum í suðurhluta Svíþjóðar. Uppruni faraldursins er óljós en Sjöland sagði mögulegt að bakterían hefði smitast frá sýktum músum, rottum eða í gegnum fæðu. - sdg

Lýst eftir vitnum í Grindavík:

# Keyrði yfir tær vegfaranda

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum lýsir eftir vitnum að slysi sem átti sér stað á Austurvegi við Hafnargötu, í Grindavík síðastliðinn laugardagsmorgun, kl. 07.45.**

**Þannig atvikaðist að grænum jepplingi var ekið yfir tærnar á gangandi vegfarenda sem var á leið yfir Austurveg, með þeim afleiðingum að vegfarandinn tábrotnaði. Ekki er vitað um gerð bifreiðarinnar eða skráningarnúmer. Sá sem hefur vitneskju um málið er vinsamlega beðinn um að hafa samband við lögreglu í síma 112 eða 420 1700.**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### 8 ökumenn teknir

Á mánudagskvöld og aðfaranótt þriðjudags tók lögreglan á Suðurnesjum átta ökumenn fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni. Sá þeirra sem ók hraðast var á 140 km hraða á klukkustund. Hámarkshraði á Reykjanesbrautinni er 90 km á klukkustund.






**ÞRÍR LITLIR GRÍSIR** Kínversk börn leika við þrjá litla grísi sem voru til sölu sem gæludýr fyrir rúmar fjögur þúsund krónur hver í tilefni af ári svínsins. NORDICPHOTOS/AFP

Annir hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu við umferðareftirlit:

# Tveir óku undir áhrifum lyfja

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði tvo ökumenn sem óku undir áhrifum lyfja í fyrradag. Annar þeirra, karlmaður á þrítugsaldri, var tekinn á Vífilsstaðavegi en hinn, átján ára piltur, var tekinn á Miklubraut. Með honum í bíl voru piltur og tvær stúlkur á svipuðu reki. Þau voru öll handtekin vegna innbrots í Mosfellsbæ sama dag. Síðdegis stöðvaði lögreglan liðlega þrítugan karlmann í Valahjalla en sá var þegar sviptur ökuleyfi.

Sautján ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur í fyrradag. Þar á meðal voru nokkrir sem óku á tvöföldum leyfilegum hámarkshraða í íbúðargötum en þeir voru stöðvaðir í Hamrahlíð, Hraunbæ og Norðurfelli. Fjöldi barna fer yfir þessar götur á hverjum degi og því er þessi hraðakstur mikið áhyggjuefni, að sögn lögreglu.

Tuttugu og sex umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar í fyrradag og fyrrinótt. Þau voru nær öll minni háttar.

Fimm ökumenn voru teknir fyrir að aka gegn rauðu ljósi. Skráningarnúmer voru klippt af fjórum ökutækjum sem voru ýmist ótryggð eða höfðu ekki verið færð til skoðunar. Fjórir ökumenn voru ekki með beltin spennt og allnokkrir höfðu ekki ökuskírteinið meðferðis eða höfðu ekki endurnýjað það. - jss



**LÖGREGLAN** Hraðakstur í barnmörgum íbúðargötum er mikið áhyggjuefni.

Vörubifreiðavandræði í gær:

# Vörubíll valt og tengivagn fór af

**SLYS Vörubíll með tengivagn valt í Heiðmörk upp úr hádegi í gær. Að sögn fulltrúa slökkviliðs valt bíllinn þegar hann reyndi að sturta malarfarmi. Slökkviliðsmenn voru á staðnum þar til bílnum var komið á réttan kjöl af ótta við að glussaolía læki úr bílnum, en engin olía lak. Ökumaður bílsins slapp með skrámur.**

**Einnig fór tengivagn aftan af vöruflutningabíl á Hofsvallagötu í Reykjavík um klukkan tvö í gær. Glussaolía sprautaðist á bifreiðina og götuna við óhappið, en ekki nógu mikið til þess að slökkvilið væri kallað á staðinn. Enginn slasaðist.** - sþs

Fjölþjóðleg lögregluaðgerð:

# Peningafalsarar teknir í Bosníu

**BOSNÍA** Hald var lagt á yfir 200.000 falsaða peningaseðla í samhæfðri aðgerð lögreglu frá fimm Evrópulöndum í bænum Banja Luka í serbneska hluta Bosníu-Herzegovínu. Níu manns voru handteknir þar og tveir til viðbótar í nágrannalandinu Króatíu. Frá þessu er greint á fréttavef norska blaðsins Aftenposten, og að norska rannsóknarlögreglan afli nú gagna um málið þar sem hinir umsvifamiklu peningafalsarar í Banja Luka hafi ekki aðeins prentað evru- og dollaraseðla, heldur einnig norskar krónur.

Lögreglan í Bosníu telur að falsararnir hafi komið í umferð allt að 500.000 fölsuðum evruseðlum á síðustu tveimur árum. - aa

Fylgishrun Frjálslyndra:

# Fólk kaupir þetta ekki

**STJÓRNMÁL „Það er greinilegt að fólk kaupir ekki alveg skýringar [þingflokks Frjálslyndra] um að þetta hafi allt verið með eðlilegum hætti," segir Margrét Sverrisdóttir um fylgishrun Frjálslyndra í skoðanakönnun Blaðsins og vísar til brottreksturs hennar úr starfi og framkvæmd landsþingsins. „Svo verð ég nú að benda á að þeir eiga eftir að draga spil út trompum sínum úr Nýju afli á framboðslista," segir hún.**



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**

**Varðandi mikinn fjölda óákveðinna í könnuninni, 39 prósent, útilokar Margrét ekki að sá hópur sé að bíða eftir nýjum framboðum. „Ég vonast til þess að það sé fólk sem er til í að gera eitthvað skemmtilegt í pólitík."** - kóþ

# Fengu ekki lóð og krefjast 20 milljóna

**Hjón sem ekki fengu einbýlishúsalóð sem þau sóttu um á Kópavogstúni krefjast nú 20 milljóna króna bóta frá bænum. Félagsmálaráðuneytið úrskurðaði úthlutunina ólöglega en bæjaryfirvöld segja hjónin ekki hafa sýnt fram á tjón.**

**STJÓRNSÝSLA** Hjónin Leó E. Löve og Anna Lísa Kristjánsdóttir vilja að Kópavogsbær greiði þeim tuttugu milljóna króna bætur vegna þess að þau fengu ekki einbýlishúsalóð í úthlutun fyrir rúmu ári.

Leó og Anna eru meðal nokkurra lóðaumsækjenda á Kópavogstúni sem fengið hafa úrskurð félagsmálaráðuneytis fyrir því að lóðaúthlutunin á Kópavogstúni hafi verið ólögmæt. Einn dómur hefur fallið á sama veg í Héraðsdómi Reykjaness.

Páll Arnór Pálsson, lögmaður Önnu og Leós, sendi Kópavogsbæ nú í janúar bréf með skaðabótakröfu fyrir hönd hjónanna. Páll segir að í úrskurði félagsmálaráðuneytisins komi fram að samkvæmt úthlutunarreglum bæjarins sjáfs hafi verið veigameiri rök til þess að þau fengju lóðina fremur en sá sem fékk henni úthlutað:

„Tjón þeirra er mikið þar sem erfitt er að fá lóð á svo góðum stað fyrir einnar hæðar hús eins og þeim var nauðsynlegt," segir lögmaðurinn og vísar hér til MS-sjúkdóms sem Leó glímir við. „Ef þau hygðust kaupa sambærilega lóð er lágmarksverð 37 milljónir króna en greiðslur lóðarhafa á Kópavogstúni voru um 17 milljónir króna til bæjarins," segir í kröfu lögmannsins senm þannig finnur út að lágmarksbætur til Önnu og Leós eigi að vera tuttugu milljónir króna.

Bæjarráð Kópavogs hefur nú samþykkt að hafna kröfu Leós og Önnu. Í umsögn bæjarlögmanns, Þórðar Clausen Þórðarsonar, segir að þótt félagsmálaráðuneyti hafi gert athugasemdir við úthlutun á þeim lóðum sem Leó og Anna nefndu sem varakosti sé alls ekki hægt að líta svo á að þau hafi átt rétt til að fá þeim lóðum úthlutað.

Þá segir bæjarlögmaður að bótakrafa Önnu og Leós sé órökstudd og að þau hafi ekki sýnt fram á að þau hafi orðið fyrir tjóni. „Óraunhæft er að vísa til mismunar á lóðaverði að meðtöldu gatnagerðargjaldi annars vegar og markaðsverði lóða hins vegar enda óheimilt að selja byggingarétt á lóðum sem Kópavogsbær úthlutar og mannvirki á þeim fyrr en hús eru fokheld og gengið hefur verið frá lóð," segir í umsögn bæjarlögmanns sem einnig bendir á að bærinn hafi eftir úthlutunina á Kópavogstúni auglýst fjórar lóðir í Örvasölum og tekið fram að hreyfihamlaðir hefðu þar forgang. Anna og Leó hefðu hvorki sótt um þær lóðir né við aðrar lóðaúthlutanir í Kópavogi: „Kröfum yðar um skaðabætur er því hafnað."

Páll Arnór Pálsson, lögmaður hjónanna, segir málinu verða haldið áfram. gar@frettabladid.is



**ODDVITAR Í KÓPAVOGI** Lóðaúthlutunin á Kópavogstúni fyrir rúmu ári dregur enn dilk á eftir sér fyrir bæjaryfirvöld. Bæjarráð hafnar skaðabótakröfu hjóna sem ekki fengu lóð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**KÓPAVOGSTÚN** Þeir sem fengu lóðir láta hendur standa fram úr ermum á Kópavogstúni.



**LISA M. NOWAK** Ók 15.000 kílómetra í dulargervi og með bleiu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geimfari handtekinn:

# Hugðist ræna keppinautnum

**BANDARÍKIN, AP** Lisa M. Nowak, rúmlega fertug bandarísk kona sem í sumar flaug með geimferju til alþjóðlegu geimstöðvarinnar, var handtekin og leidd fyrir dómara sökuð um að ætla að ræna annarri konu, Colleen Shipman. Nowak taldi Shipman eiga í ástarsambandi við William Oefelein, ókvæntan geimfara sem Nowak segist sjálf vera töluvert skotin í.

Nowak ók 1.500 kílómetra leið frá heimili sínu í Houston til Orlando þar sem hún mætti Shipman vopnuð loftbyssu og piparúða. Á leiðinni var Nowak í dulargervi og með bleiu svo að hún þyrfti ekki að nema staðar til að fara á salerni. - gb

**KJALVEGUR**

## Ekki rétt að leggja veginn

Ómar Ragnarsson telur ekki rétt að leggja nýjan malbikaðan veg um Kjöl og segir veginn eingöngu þjóna hagsmunum þeirra sem standa að undirbúningi vegarins. Það séu þeir sem þurfi að flytja vörur daglega á milli Reykjavíkur og Akureyrar.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Frábært tilboð

Plokkfiskur

990 kr./kg

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.104 **-0,11%** **Fjöldi viðskipta:** 581 **Velta:** 7.624 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +2,26% | **Eimskipafélagið** | -1,58% |
| **Icelandic Group** | +1,37% | **Mosaic** | -1,04% |
| **Landsbankinn** | +0,66% | **Glitnir** | -0,78% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,20 +0,00% ... Actavis 69,90 +0,00% ... Alfesca 4,83 +0,63% ... Atlantic Petroleum 5,88 +2,26% ... Atorka 6,58 -0,60% ... Bakkavör 66,20 -0,75% ... Eimskipafélagið 31,20 -1,58% ... FL Group 29,60 +0,00% ... Glitnir 25,40 -0,78% ... Kaupþing 957,00 -0,10% ... Landsbankinn 30,70 +0,66% ... Marel 73,70 +0,14% ... Mosaic Fashions 14,35 -1,04% ... Straumur-Burðarás 19,20 +0,00% ... Össur 109,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Moody´s metur aukna áhættu

**Auknar lánveitingar til stærstu hluthafa Glitnis skýra lækkun einkunnar.**




Moody´s greindi frá því í gær að fyrirtækið hefði lækkað mat sitt á fjárhagslegum styrkleika Glitnis úr C+ í C. Fyrirtækið stígur þar með skrefið til fulls en það hafði tekið þessa einkunn til athugunar í apríl í fyrra til hugsanlegrar lækkunar.

Meðal ástæðna sem Moody´s nefnir fyrir lækkuninni er aukin áhætta bankans sem endurspeglist meðal annars í samþjöppun eignarhalds í bankanum og auknum lánveitingum til stærstu hluthafa. Þannig hafi lán til tengdra aðila aukist um 60 prósent á síðasta ári frá árinu áður. Þá er nefnt að hraður ytri vöxtur bankans hafi aukið stjórnunaráhættu og lánaáhætta hafi aukist vegna vaxandi hlutfalls húsnæðislána til fyrirtækja í útlánasafni.

Moody´s staðfesti aftur á móti óbreyttar lánshæfiseinkunnir Glitnis til lengri og skemmri tíma og segir horfur stöðugar. Það sama hafði annað alþjóðlegt matsfyrirtæki, Fitch Ratings, gert fyrr í vikunni. Greiningar matsfyrirtækjanna koma í kjölfar kaupa Glitnis á 68 prósenta hlut í FIM Group.

Hlutabréf í Glitni lækkuðu um 0,8 prósent í gær og stóð gengið í 25,4 krónum á hlut. **- eþa**



**AIRBUS VÉL LATCHARTER** LatCharter Airlines er lettneskt dótturfélag Loftleiða Icelandic. Félagið hefur gert stóran samning við maltneska ríkisflugfélagið Air Malta.

## Semur við Air Malta

Icelandair Group hefur gert samning við Air Malta upp á rúman milljarð króna.

Í tilkynningu félagsins kemur fram að LatCharter Airlines, dótturfélag Loftleiða Icelandic, hafi gert samning við maltneska ríkisflugfélagið Air Malta um leigu á einni Airbus A320-þotu til tveggja ára.

„Airbus þotan, sem áður var í rekstri hjá Air Canada, verður sú þriðja sem bætist við flota LatCharter á þessu ári. Fimm þotur verða þar með í rekstri hjá LatCharter Airlines. LatCharter tekur þoturnar á leigu frá bandaríska flugvélaleigufyrirtækinu KJ Aviation,“ segir í tilkynningur Icelandair Group.

Loftleiðir, sem er eitt dótturfélaga Icelandair Group, eignuðust LatCharter Airlines á miðju síðasta ári. Félagið hafði þá tvær Airbus-þotur í rekstri. „Sá floti hefur vaxið um 150 prósent með þessum samningi,“ segir félagið, en gert er ráð fyrir að floti félagsins vaxi enn frekar á næstunni. Haft er eftir Valery Litanski, rekstrarstjóra LatCharter, að ánægjulegt sé hversu vel hafi tekist til við innleiðinguna á nýju þotunum.

Sigþór Einarsson, stjórnarformaður LatCharter og Loftleiða Icelandic, segir góðan áfanga hafa náðst í markaðssókn félagsins sem lagt hafi verið upp í með kaupunum á LatCharter Airlines. **- óká**



**FRÁ BOLUNGARVÍK** Hagnaður Sparisjóðs Bolungarvíkur jókst um 68 prósent á milli áranna 2005 og 2006.

## Ágæt afkoma á Bolungarvík

Sparisjóður Bolungarvíkur skilaði 185 milljóna króna hagnaði árið 2006 og jókst um 68 prósent á milli ára. Arðsemi eigin fjár nam 20,2 prósentum samanborið við 12,7 prósent árið 2005.

Vaxtatekjur drógust lítillega saman en aðrar tekjur jukust töluvert. Hreinar rekstrartekjur námu 460 milljónum, sem var 24 prósenta aukning.

Önnur rekstrargjöld voru 173 milljónir og stöðu nánast í stað.

Heildareignir stóðu í 6.571 milljónum króna í árslok, þar af voru útlán 3,5 milljarðar. Eigið fé nam 1.152 milljónum króna og jókst um tæp 23 prósent. **- eþa**



## „ORÐRÉTT“

*Kennum í stað þess að banna*

**„Netheimurinn er ekkert öðruvísi en venjulegi heimurinn. Þar eru líka hættur, en við kennum börnum okkar að þekkja þær og eiga við þær í stað þess að banna þeim að fara út.“**

ANNE KIRAH, YFIRHÖNNUÐUR HJÁ MICROSOFT, HVETUR FORELDRA TIL AÐ KYNNAST NETHEIMI BARNA SINNA.

Fréttablaðið 6. febrúar.

*Miami Beach sekkur*

**„Kannski verður Hólmahverfið við Örfirisey alveg óvart líkara Feneyjum en Miami Beach þegar fram líða stundir.“**

KRISTJÁN G. ARNGRÍMSSON HEFUR ÁHYGGJUR AF HLÝNANDI LOFTSLAGI OG MANNABYGGÐ Í ÖRFIRISEY.

Morgunblaðið 6. febrúar

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VALDÍS VIÐARSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI LISTASUMARS

## Saumar sér miðaldabúning



„Það er nóg að gera hjá mér,“ segir Valdís Viðarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar í Listagilinu á Akureyri og framkvæmdastjóri Listasumars. „Umsóknarfrestur um þátttöku í listasumri rennur út núna 15. febrúar og strax í kjölfarið förum við að vinna úr umsóknunum. Þá fljótlega fara að koma drög að dagskrá sumarsins,“ segir Valdís og bætir því við að það sé alltaf spennandi að fara í gegnum umsóknirnar og setja dagskrána saman. „Þetta er fimmtánda árið sem listasumar er haldið og dagskráin stækkar með hverju árinu. Listasumar er eins konar regnhlíf því auk þess að standa sjálf fyrir ýmsum viðburðum söfnum við saman allri dagskrá yfir viðburði hér á svæðinu í sumar,“ segir Valdís sem þarf einnig að sinna ýmsum öðrum verkefnum áður en sumarið gengur í garð. „Núna er verið að vinna að því að hafa sama fyrirkomulag í kringum páskana og húrra allri dagskrá undir einn hatt. Við erum að setja þá dagskrá saman núna en auk þess eru ýmsar stórar sýningar á döfinni, til dæmis í Deiglunni og Ketilhúsinu.“

Þar sem sumarið er helgað listasumri hjá Valdísi tekur hún sér sumarfrí á veturna og er nýkomin heim úr afslöppun á Kanarí. „Ég er alveg endurnærð núna enda tók ég mér mánuð í frí. Ég er sammála þeim sálfræðingum sem segja að maður þurfi mánuð til að vinda ofan af sér og safna orku,“ segir Valdís sem ætlar meðal annars að nýta orkuna í að sauma sér miðaldabúning.

„Ég skráði mig á námskeið í að sauma miðaldaklæði. Það eru þær Beate Stormo og Guðrún Steingrímsdóttir sem standa fyrir þessu og ég er mjög spennt. Ég ætla svo að skarta búningnum á miðaldahátíðinni á Gásum í sumar.“

**SJÓNARHÓLL**

**MYNDBIRTING MOGGANS AF HÆSTARÉTTARDÓMURUM**

## Sorgleg þróun



**ARNDÍS ANNA KRISTÍNAR- OG GUNNARSDÓTTIR**
Laganemi

„Með því að birta myndir og nöfn Hæstaréttardómara með þessum hætti er verið að gera lítið úr dómsvaldinu á Íslandi,“ segir Arndís Anna Kristínar- og Gunnarsdóttir, laganemi við Háskóla Íslands. „Þarna er fjölmiðill sem á að heita áreiðanlegur að gera dóminn persónulegan og það er óábyrgt. „Það er svo margt sem liggur að baki dómsniðurstöðu sem eru ekki persónulegar skoðanir dómara og í sjálfu sér ættu nöfn þeirra og andlit að hafa lítið með niðurstöðu málsins að gera. Hæstaréttardómararnir hafa eflaust verið skyldugir til að dæma eins og þeir gerðu.

Það er verið að reyna að hneyksla almenning með æsifréttum, sem eru farnar að gegnsýra alla fjölmiðlun og þessi áhugi fréttamanna til að hneyksla. Mér finnst þetta mjög sorgleg þróun. Það hryggir mig mikið að sjá að Mogginn tekur þátt í þessu. Það er reyndar skondin tilviljun að þarna sé verið að rægja einmitt þá dómara sem dæmdu í Baugsmálinu.“

# Vetnisvagnarnir orðnir safngripir

**Vetnisknúnu strætisvagnarnir sem ekið hafa um götur borgarinnar síðustu ár hafa verið teknir úr umferð. Hlutverki þeirra er lokið en tilraunir með notkun vetnis halda áfram.**




**VETNISVAGNARNIR** Þróunin er hröð og vagnarnir sem nú eru þriggja ára gamlir eru farnir að úreldast. Sá elsti fer á Samgöngusafnið á Skógum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þeir hafa sett skemmtilegan og umhverfisvænan svip á borgina, vetnisvagnarnir þrír, sem Strætó bs. hefur haft í þjónustu sinni undanfarin þrjú ár. Í janúar óku vagnarnir sína síðustu ferð og nú hefur vögnunum verið lagt enda um hálfgerða safngripi að ræða.

Hörður Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Strætó bs., segir að reynslan hafi verið góð og telur alls ekki ólíklegt að teknir verði í notkun vetnisvagnar á ný í framtíðinni. „Þetta var tímabundið tilraunaverkefni sem við tókum þátt í svo það fylgdi því enginn söknuður að kveðja vagnana. Verkefnið gekk vel í alla staði og reynsla af vögnunum var góð.“

Tækniþróunin á þessu sviði er hröð og því voru vagnarnir þrír farnir að úreldast þótt aðeins væru þeir þriggja ára gamlir. Það stóð því ekki til boða að keyra þá út enda erfitt að fá varahluti og rekstrinn dýr. Innan skamms má vænta þess að ný kynslóð vetnisvagna komi á markað og Hörður telur líklegt að í náinni framtíð, þegar vetnisvagnar verða komnir á almennan markað, taki Strætó bs. slíka vagna í notkun.

Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku, er einnig ánægður með þennan hluta vetnisverkefnisins sem nú er lokið. „Reynsla okkar af strætisvögnunum er góð og nú teljum við tímabært að fá reynslu í fólksbílum og bátum,“ segir Jón. Til stendur að fá hingað til lands 20-30 vetnisfólksbíla sem og ljósavél til að setja í bát. „Þetta er í raun bara framhald af þessu rannsóknarverkefni sem við höfum víkkað út. Allt sem sneri að strætó-verkefninu kom vel út sem er kannski ástæða þess að við viljum halda áfram og þeir erlendu aðilar sem við höfum verið í samstarfi við hafa áhuga á áframhaldandi samstarfi,“ segir Jón og bætir því við að vetnið sé gríðarlega spennandi orkugjafi og framfarirnar hraðar. „Bílarnir sem við flytjum til landsins verða mest keyrðir af starfsmönnum orkufyrirtækja en ljósavélin verður hins vegar sett í hvalaskoðunarskipið Eldingu. Það verður spennandi að sjá hvernig gengur að nota vetni um borð í bátum,“ segir Jón.

Þótt vetnisvagnarnir aki ekki um göturnar lengur er hlutverki þeirra ekki með öllu lokið. Til stendur að einn þeirra verði geymdur á Samgöngusafninu á Skógum undir Eyjafjöllum sem hlýtur að vera til marks um gríðarlega hraða þróun. Hörður og Jón eru sammála um að vetnisvagninn eigi heima á safni enda sé hér um merkilegan hluta af samgöngusögunni að ræða. **thorgunnur@frettabladid.is**



**ÁNÆGÐUR MEÐ VERKEFNIÐ** Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku, segir að tilraunaverkefnið með Strætó bs. hafi gengið afar vel.

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Hrein Fjárfesting ehf
REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Dómsmálaráðherra á batavegi eftir að lunga hans féll saman:

# Hljóðið gott miðað við aðstæður

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, þarf að minnsta kosti að dvelja í fjóra sólarhringa á sjúkrahúsi á meðan lunga hans jafnar sig. Þetta segir Guðný Jónsdóttir, ritari Björns, en hægra lunga hans féll saman í fyrradag.

Björn greindi frá veikindum sínum á heimasíðu sinni, bjorn.is, en þar kom fram að fyrst hefði hann kennt sér meins í Laugardalslauginni vegna þess hve andstuttur hann var og treysti sér ekki til að synda lengra en 200 metra. Eftir sundið segist Björn hafa farið í qi gong, en það eru teygjuæfingar sem eiga að skerpa öndun og gera hana heilbrigðari og dýpri. Við þær æfingar segist Birni aftur hafa brugðið yfir því hve andstuttur hann var. Hann sinnti samt sem áður skyldustörfum þar til klukkan eitt.

Það varð ráðherranum til happs að hann hafði mælt sér mót við lækninn Þórð Harðarson um klukkan eitt. „Hittumst við 13.15 heima hjá mér og undir kl. 14.00 var ég kominn á bráðamóttöku LHS við Hringbraut,“ segir Björn orðrétt á heimasíðunni. Hann segir skurðlækni hafa brugðist við og að starfsfólk spítalans hafi tekið á móti sér af kunnáttu og vinsemd.

Nauðsynlegt hafi þó verið fyrir hann að afboða sig af þingi vegna þessa.

„Hljóðið í Birni er gott miðað við aðstæður,“ segir ritari Björns. **- kdk**



**BLOGGAÐI UM VEIKINDIN** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er á batavegi eftir að lunga hans féll saman. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Kakómalt
259 KR.
800g
Kjúklingur/nautakjöt í sósu
Kjöt í sósu
139 KR.
1250g
1250g
Kattamatur
49 KR.
400g
OXY 750 ml
259 KR.
HREINSIEFNI/BLETTA
WC hreinsir
98 KR.
750 ml
Nýtt!
Þvottalögur
398 KR.
1.5 lítrar
Nýtt!
SÉRFRAMLEITT ÞVOTTAEFNI
Í ÚRVALI í 1.5 lítra brúsum
Fyrir ullina, silkið, litaða þvottinn og ALLT!
Frosnar, danskar kjúklingabringur
Kílóverð kjúklingabringur
1499 KR.
Sjáðu verðið!
bonus.is
EKKERT BRUDL
Bónustilboð í 6. viku 2007
Komdu í Bónus!
Nýtt og enn betra bragð!
1 lítri trönuberjasafi
198 KR.
Florida
250g
198 KR.
Bónusfeti
Feti
Franskar riffladar
129 KR.
1000g
Bónus býður betur!
2 lítrar
98 KR.
KRISTALL/7up FREE
30% afsláttur við kassann
UNGNAUTAHAKK kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398 KR.
Ungnautahakk 8-12% fita
Túnfiskur í olíu/vatni
59 KR.
140g án vökva
www.bonus.is

## Svona erum við

> Fjöldi nýskráðra einkahlutfafélaga í nokkrum sveitarfélögum árið 2006




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** FJÁRLÖG BANDARÍKJANNA

## *Forsetinn biður um meira fé til hernaðar*

Á mánudaginn kynnti George W. Bush Bandaríkjaforseti fjárlagafrumvarp sitt þar sem hann fer fram á að þingið samþykki verulega aukin útgjöld til hernaðarmála. Samþykki þingið fjárlög forsetans óbreytt hefur stríðreksturinn í Írak og Afganistan samtals kostað bandaríska skattgreiðendur nærri 662 milljarða dala frá byrjun. Á hinn bóginn vill forsetinn ná fram sparnaði sem á að enda með því að fjárlögin verði hallalaus árið 2012.

**Hvers vegna núna?** Samkvæmt venju ber forseta Bandaríkjanna að leggja fram fjárlagafrumvarp ekki síðar en fyrsta mánudag febrúarmánaðar ár hvert. Með frumvarpinu fylgja jafnan langar skýrslur um efnahagsástandið og þau verkefni, sem forsetinn hyggst ráðast í. Auk þess sendir hvert ráðuneyti frá sér greinargerð um sundurliðun útgjalda og tekna hvert á sínu sviði.

**Hvað með þingið?** Að því búnu tekur þingið við frumvarpinu þar sem það fer fyrst til umfjöllunar í fjárlaganefndum, annars vegar fulltrúadeildar og hins vegar öldungadeildar. Nefndirnar senda frumvarpið síðan hvor í sína deild sem afgreiða það síðan frá sér nokkurn veginn í endanlegri mynd sem þingsályktanir. Sjaldnast kemur frumvarpið þó úr meðförum þingdeildanna samhljóða, þannig að sérstök nefnd fær það hlutverk að samræma þessar tvær útgáfur fjárlaganna.



**Ályktun eða lög?** Fjárhagsárið hefst hinn 1. október en strangt til tekið eru bandarísku fjárlögin ekki lög heldur þingsályktun, sem síðan þarf að staðfesta með lögum áður en greiðslur hefjast.

**Hver er heildarupphæðin?** Heildartala fjárlaganna, verði frumvarp forsetans samþykkt, nemur 2.900 milljörðum dala, en það samsvarar nærri 200.000 milljörðum íslenskra króna. Upphæðin er rúmlega 500 sinnum hærri en fjárlög íslenska ríkisins, en bandaríska þjóðin er um það bil þúsund sinnum fjölmennari en íslenska þjóðin.

## SPURT & SVARAÐ

**FEMÍNISTAR VILJA SNIÐGANGA FYRIRTÆKI**

### *Vopn í jafnréttisbaráttu*



**KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR** Talskona Femínistafélagsins.

Á fundi hjá Femínistafélaginu í gær var rætt um aðgerðir til að sniðganga fyrirtæki sem eru hamlandi fyrir jafnrétti kynjanna. Katrín Anna Guðmundsdóttir er talskona Femínistafélagsins.

**Af hverju viljið þið sniðganga ákveðin fyrirtæki?** Neytendur geta tjáð skoðanir sínar á tilteknum fyrirtækjum með því að notfæra sér ekki þjónustu þeirra ef eitthvað sem þau gera er hamlandi fyrir jafnrétti kynjanna, til dæmis með því að birta auglýsingar sem eru meiðandi gagnvart konum og eða beita klámvæðingu í auglýsingum.

**Hvers konar fyrirtæki viljið þið sniðganga?** Ég sniðgeng ýmis fyrirtæki, til dæmis fyrirtæki á sviði afþreyingar og sum matvælafyrirtæki. Ég sniðgeng blöð og tímarit þar sem eru birtar auglýsingar frá súlustöðum. Fyrir jól hætti ég til dæmis að eiga viðskipti við Ölgerðina eftir að fyrirtækið byrjaði að birta auglýsingu þar sem kvenmannsrass kom fyrir.

# Tekist á um valdsvið embætta

**Í nýlegu bréfi skattrannsóknarstjóra til ríkislögreglustjóra hafnar sá fyrrnefndi beiðni lögreglu um upplýsingar um skattamál einstaklinga. Í þessu ítarlega bréfi má einnig greina hörð átök bak við tjöldin um valdheimildir embættanna, sem augljóslega hafa kraumað undir áður en bréfið var skrifað.**



**BRÉFASKRIFTIR** Bréf skattrannsóknarstjóra er afar ítarlegt, og það sem þar er fram sett er rökstutt með tilvísunum í lagagreinar, lögspekinga og keypt lögfræðiálit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er eins og greina megi hæðinn undirtón í bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins til ríkislögreglustjóra, en bréfið er svar þess fyrrnefnda við beiðni þess síðarnefnda um um upplýsingar um skattamál níu einstaklinga tengdum Baugi Group, sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær.

### Keyptu lögfræðiálit

Telja verður ljóst að eitthvað hafi á undan gengið þegar samskipti embættismanna komast á það stig að skrifað er 17 síðna bréf með ítarlegum tilvísunum í lagagreinar og tilvitnanir í orð manna um málið, auk þess sem sérstaklega er keypt lögfræðiálit til að styðja við mál skattrannsóknarstjóra. Að ekki sé talað um að málið sé útskýrt með svo yfirþyrmandi ítarlegum hætti að lesandinn hefur á tilfinningunni að bréfið sé skrifað til tíu ára barns, en ekki saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

Með lestri bréfsins má þannig fá nasasjón af hörðum átökum skattrannsóknarstjóra og ríkislögreglustjóra. En um hvað snýst deilan? Fréttablaðið hefur undir höndum fleiri bréfaskriftir vegna málsins, og gefa bréfin nokkra mynd af því að ágreiningur er milli þessara embætta um hvað hvort embætti á að rannsaka.

Skattrannsóknarstjóri heldur því fram í bréfinu að það sé hans að rannsaka öll skattalagabrot. Skattrannsóknarstjóri og yfirskattanefnd geti þannig fullunnið mál tengd skattalagabrotum með því að ákvarða sektargreiðslur vegna þeirra. Aðeins þegar grunur sé um stórfelld afbrot sem ekki eingöngu varða við lög um tekjuskatt, virðisaukaskatt eða staðgreiðslu opinberra gjalda, heldur einnig almenn hegningarlög, kæri skattrannsóknarstjóri málið til ríkislögreglustjóra.

### Ósammála áliti

Skattrannsóknarstjóri er í bréfi sínu að svara erindi frá Jóni H. Snorrasyni, sem var saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra. Jón hefur síðan flust til í starfi, en arftaki hans, Helgi Magnús Gunnarsson, sagði í Fréttablaðinu í gær að starfsmenn ríkislögreglustjóra væru ekki sammála því áliti sem fram kemur í bréfi skattrannsóknarstjóra. Enda sé ekki óskað eftir slíkum upplýsingum nema grunur leiki á að saknæmt athæfi hafi átt sér stað.

„Skattrannsóknarstjóri girðir ekki fyrir það hlutverk lögreglu og ákæruvalds sem getið er í lögum um meðferð opinberra mála. Okkur ber að sjá til þess að sekir menn sæti refsimeðferð, og það er ekki á ábyrgð skattrannsóknarstjóra að takmarka valdheimildir ákæruvaldsins," sagði Helgi.

Deilan snýst sem sagt um það hvort ríkislögreglustjóri getur tekið upp á því að rannsaka skattalagabrot. Skattrannsóknarstjóri rökstyður í bréfi sínu að hann geti það ekki, og því eru starfsmenn ríkislögreglustjóra ósammála.



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON** Fyrrv. skattrannsóknarstjóri.

Svo er það allt önnur spurning hvort ríkislögreglustjóri mega hefja slíka rannsókn í ákveðnu máli eftir að skattrannsóknarstjóri hefur sjálfur haft viðkomandi mál til meðferðar, en ekki talið ástæðu til að aðhafast.



**JÓN H. B. SNORRASON** Fyrrv. saksóknari efnahagsbrota.

Í lögfræðiáliti Róberts R. Spanó, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, sem hann vann fyrir skattrannsóknarstjóra, kemur fram að það leiki „verulegur vafi" á því hvort hægt sé að hefja rannsókn þegar skattrannsóknarstjóri hafi formlega ákveðið að fella mál niður. Ríkislögreglustjóri virðist hins vegar líta svo á að slíkt sé heimilt nema það hafi verið lokið með sektargreiðslu, og mönnum þar með gerð refsing vegna málsins.

Þá vaknar þriðja spurningin um hvort lögreglan má taka upp rannsókn á máli sem skattayfirvöld hafa þegar lokið með skattameðferð. Þar virðast skattrannsóknarstjóri og ríkislögreglustjóri vera sammála því að það gangi ekki. Enda stríði það gegn lögum og mannréttindasáttmála Evrópu að gera manni refsingu oftar en einu sinni vegna sama atviksins.

### Önnur vinnubrögð

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, er einn þeirra sem eru til rannsóknar, og því er í og með verið að biðja um upplýsingar um hans skatta og skatta samstarfsmanna hans. Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segir að bréf skattrannsóknarstjóra beri það klárlega með sér að vinnubrögð ríkislögreglustjóra gagnvart einstaklingum tengdum Baugi Group lúti öðrum lögmálum en gagnvart öðru fólki.

Lesa má úr bréfinu að skattrannsóknarstjóri sé þeirrar skoðunar að hér sé lögreglan að seilast lengra en hún hefur heimildir til, og í öllu falli lengra en hún hefur hingað til gert.

„Yrði af því að lögregla tæki sjálfstæða ákvörðun um hvort hún hæfist handa um refsimeðferð á hendur einstaklingi án atbeina skattayfirvalda væri slík framkvæmd í algerri andstöðu við ákvæði [laga um tekjuskatt], og þá um leið veruleg breyting á því sem ríkt hefur í skattaframkvæmd og refsimeðferð skattsvikamála í a.m.k. 40 ár," segir í bréfi skattrannsóknarstjóra.

Undir bréfið rita bæði Skúli Eggert Þórðarson, sem nú hefur látið af störfum skattrannsóknarstjóra, og Bryndís Kristjánsdóttir, sem tekið hefur við starfinu. Bréfið er dagsett 14. desember síðastliðinn. Ekki hafa fengist upplýsingar um það hvort því hafi verið svarað, en starfsmaður ríkislögreglustjóra, sem rætt var við, sagði embættið ekki standa í ritdeilum við skattrannsóknarstjóra, svo ekki er líklegt að svar berist.



FRÉTTASKÝRING
**BRJÁNN JÓNASSON**
brjann@frettabladid.is

**KAUPTHING FUND**
Société d'Investissement à Capital Variable
4, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002

**NOTICE**

The Shareholders of KAUPTHING FUND - EURO BOND are hereby informed that the Board of Directors of the Sicav has decided, with effect on 7th March 2007, to:

- amend the name of KAUPTHING FUND - EURO BOND as follows: KAUPTHING FUND - GLOBAL BOND.
- amend the investment policy of KAUPTHING FUND - EURO BOND as follows:
  This Sub-Fund invests mainly in fixed-income securities denominated in various currencies (bonds and short-term debt securities) with the aim to outperform its benchmark, the Citigroup World Government Bond Index (WGBI).
  The Sub-Fund may invest up to 100% of its assets in securities denominated in foreign currencies. The Sub-Fund will normally hold securities denominated in foreign currencies on a currency hedged basis.
  The Sub-Fund may also use various derivative instruments for hedging and efficient portfolio management purposes to the extent permitted by the investment restrictions detailed in the Prospectus.
- replace REKSTRARFELAG KAUPTHING BÚNADARBANKI HF, investment manager of KAUPTHING FUND - EURO BOND, by DRAKE CAPITAL MANAGEMENT, LLC.

The Shareholders of KAUPTHING FUND - GLOBAL VALUE are hereby informed that the Board of Directors of the Sicav has decided, with effect on 7th March 2007, to amend the benchmark of the Sub-Fund as follows:

This Sub-Fund invests mainly in value shares and other value equity securities of worldwide companies with the aim to outperform its benchmark, the Morgan Stanley Capital International World Index (MSERWI).

From 7th February to 6th March 2007, the Shareholders of KAUPTHING FUND - EURO BOND and KAUPTHING FUND - GLOBAL VALUE may ask for the redemption of their shares free of charge.

An updated Prospectus of the KAUPTHING FUND is available at the registered office.

The Board of Directors
Luxembourg, 7th February 2007

LOEWE.

# Þýsk hönnun og hugvit

## framúrskarandi gæði – nú á sjáldséðum tilboðsverðum

## frá 4.907 krónum á mánuði*



### LOEWE Xelos

Vandaður frágangur og falleg hönnun – fáanlegt platínugrátt eða steinsvart. HD-Ready, tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækninnar.

Image+ tækni eykur skerpu, mýkir hreyfingar og gefur bestu myndgæði sem völ er á. HDMI tenging og innbyggður DVB-T/C stafrænn sjónvarpsmóttakari. Loewe Assist+ gerir tækið einfaldara og þægilegra í notkun. Kraftmikið Sound+ hljóðkerfi gefur frábær hljómgæði.

**LOEWE Xelos 32" SE**

**Tilboðsverð: 199.900.-**

Listaverð: 299.900.-

**48 MÁNAÐA ORMSSON LÁN**

Mánaðarleg afborgun: **5.774 kr.**

**Jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.**

KVIKA



### LOEWE Concept

Concept línan tekur brot af því besta úr Xelos og býður hin einstöku LOEWE gæði á áður óþekktu verði.

Fáanleg silfurgrá eða steinsvört með fallegri háglans áferð.

HD-Ready tækni með stæfrænni HDMI tengingu og innbyggðum DVB-T/C stafræ-num sjónvarpsmóttakara.

LOEWE Assist+ gerir tækið einfalt og þægilegt í notkun.

Sound+ hljóðkerfi með CRX surround hljómi.

**LOEWE Concept 32" SE**

**Tilboðsverð: 169.900.-**

Listaverð: 239.900.-

**48 MÁNAÐA ORMSSON LÁN**

Mánaðarleg afborgun: **4.907 kr.**

**Jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.**

LOEWE leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun.

LOEWE sjónvörp eru margverðlaunuð fyrir afburða gæði og hönnun.

iF product design award 2006 gold

reddot design award winner 2006

EISA AWARD Best Product 2006-2007 HT Design Loewe Individual

EISA Awards – Virtustu fagverðlaun Evrópu.



### LOEWE Individual

Individual línan frá LOEWE tekur alla tæknilega kosti Xelos tækjanna og sameinar þá einstakri hönnun og nýrri hugsun. LOEWE Individual er hannað til að falla að þínum aðstæðum, þínum vilja og þínum lífsstíl.

Fallegur háglans álrammi og glerhlíf yfir skjá. Fáanlegt í mörgum litasamsetningum, með útskiptanlegum hliðarrömmum. Fjölbreyttir upphengimöguleikar, s.s. gólfstandar, loftfesting, súlufesting og veggfesting.

Einnig til í mjög takmörkuðu upplagi með ekta Swarovski-kristölum í hliðum, innbyggðum hörðum disk til upptöku og rafdrifnum snúningsfæti.

**LOEWE Individual 32"**

**Tilboðsverð: 229.900.-**

Listaverð: 309.900.-

**48 MÁNAÐA ORMSSON LÁN**

Mánaðarleg afborgun: **6.640 kr.**

**Jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.**

LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands.

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA ÁN KREDITKORTS

*LEITIÐ NÁNARI UPPLÝSINGA HJÁ SÖLUMÖNNUM

ORMSSON

| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|---|
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrrverandi vistmenn gefa ófagrar lýsingar.

## Óhugnaður í Breiðavík

**KÁRI JÓNASSON SKRIFAR**

Undanfarna daga hafa fjölmiðlar flutt óhugnanlegar frásagnir af dvöl ungra drengja í vistheimilinu á Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu. Heimili þetta var sett á laggirnar árið 1952 og starfrækt í um 25 ár á þessum einangraða stað. Þangað voru sendir drengir á aldrinum 7-16 ára sem höfðu orðið uppvísir að afbrotum eða komu frá heimilum sem ekki gátu annast þá af einhverjum ástæðum. Alls munu um 70 drengir hafa verið vistaðir í Breiðavík misjafnlega lengi. Af frásögnum undanfarna daga hafa margir þeirra átt þar mjög slæma vist, svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Breiðavík var mjög afskekktur staður og þangað var ekki fært landleiðina yfir hávetur, þótt vegasamband við umheiminn sé orðið mun betra. Enda er mikil náttúruperla í næsta nágrenni, þar sem Látrabjarg er.

Mál þetta hefur nú ratað inn á fund ríkisstjórnarinnar og í sali Alþingis, og virðast allir vera sammála um að eitthvað þurfi að gera til að rétta hlut þeirra sem þarna voru vistaðir. Þá segist borgarstjóri ætla að láta til sín taka í því.

Eftir að DV flutti margra síðna frásögn af Breiðavíkurheimilinu um síðustu helgi hefur stöðugt meiri og meiri vitneskja verið að koma í ljós um rekstur heimilisins, og margs konar gögn um reksturinn dregin fram í dagsljósið.

Þetta mál minnir að nokkru leyti á Byrgismálið og málefni Heyrnleysingjaskólans, sem urðu til þess að margir hrukku í kút. Það virðist sameiginlegt með þeim öllum að lítið sem ekkert eftirlit hefur verið með starfseminni af hálfu yfirvalda, þótt reksturinn hafi verið greiddur með peningum skattborgaranna.

Samkvæmt lýsingum fyrrverandi vistmanna í Kastljósinu er ekki annað að sjá en að þarna hafi verið hálfgert helvíti á jörð. Í stað þess að veita drengjunum sem þangað voru sendir alla hugsanlega andlega aðstoð og uppbygginu við komuna þangað hafa þeir verið beittir bæði kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi samkvæmt frásögn þeirra sjálfra. Fyrrverandi starfsmenn sem hafa komið fram í umræðunni hafa staðfest margt af því sem vistmennirnir fyrrverandi hafa sagt og nú er brýnt að kafað verði í þetta mál og allt sem þarna gerðist fært upp á borðið. Yfirvöld virðast hafa verið mjög sljó varðandi frásagnir af rekstrinum, því þegar árið 1958 lýsti einn starfsmaður opinberlega miklum efasemdum um hann.

Það þarf kannski engan að undra að þeir sem dvöldu þarna á viðkvæmum unglingsárum hafi ekki fetað rétta leið í lífinu eftir dvöl í Breiðavík. Samfélagið skuldar mörgum þessara manna afsökun. Það er ekki of seint að aðstoða þá við að gera upp fortíðina með aðstoð sérhæfðs fólks, svo að þeir þurfi ekki að bresta í grát fyrir framan sjónvarpsvélarnar og alþjóð þegar þeir rifja upp löngu liðna atburði.

Önnur hlið á þessu máli er að þeir menn fái einhverjar bætur frá ríkinu í formi peninga, eins og mun hafa verið tíðkað við svipaðar aðstæður annars staðar á Norðurlöndunum. Þangað er áreiðanlega hægt að sækja góð ráð í þessum efnum, því vandamál af þessu tagi hafa því miður verið útbreiddari en halda mætti.

Hér er verk að vinna, sem sæmileg sátt ætti að nást um, því það er fyrst og fremst heill og hamingja fyrrverandi vistmanna í Breiðavík sem málið snýst um.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

MARKAÐURINN
Einfalt mál
á www.visir.is
alla daga



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flokkurinn

Varla var þverfótað fyrir fólki sem vill stofna nýjan stjórnmálaflokk í síðasta þætti Silfurs Egils. Meðal þeirra var Haukur Nikulásson sem hefur skrifað stofnskrá stjórnmálahreyfingarinnar Flokksins, sem á að vera lýðræðisleg fjöldahreyfing jafnaðarmanna, þrátt fyrir að hann hafi sagst hafa kosið Sjálfstæðisflokkinn undanfarin 30 ár. Hann taldi upp margar ástæður þess að ekki væri hægt að kjósa þann flokk aftur, meðal annars þar sem ekki væri hægt að kjósa frambjóðendur með sakaskrá og vísaði þar væntanlega til framboðs Árna Johnsen. Af öðrum ástæðum mátti ráða að hann hefði fengið nóg af því sem hann taldi vera ofríki stjórnmálamanna. Út frá því má velta því fyrir sér hvort nafngiftin Flokkurinn sé ekki óheppileg, því sem nafn á stjórnmálaafli verður það ekki mikið valdsmannslegra.



### Ræður þessu bara sjálfur

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, tilkynnti í gær að hann hefði tilnefnt þrjá aðila til setu í ráðgjafarráði talsmanns neytenda fyrir þetta ár. Það hljómar alltaf vel að hafa gott fólk sér til ráðgjafar og stuðnings, en eitt af hlutverkum ráðsins, sem Gísli skipar sjálfur, er að veita Gísla aðhald. Það er greinilega nokkuð síðan hann rifjaði upp skrif Montesquieu um mikilvægi dreifingar valds.



### Einn af tvö hundruð

Kaupþing bauð nýlega um 200 manns til London þegar ný skrifstofa við Regent Street var opnuð. Var ekkert til sparað við gesti, var þeim meðal annars boðið út að borða á veitingastað Gordons Ramsey og boðið upp á kampavín í morgunverð. Af gestum voru nær allir kaupsýslumenn í viðskiptum við bankann. En sagt er að einn hafi svolítið staðið út úr, sem kann þó að eiga reikning í Kaupþingi. Þessi eini var Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar. Vonandi hefur hann lært eitthvað í ferðinni.

svanborg@frettabladid.is

## Ný tækifæri – ekki ógn (II)



**ÓLAFUR HANNIBALSSON**

**Í DAG** | Sól í Straumsvík

Um það leyti sem íslenskir ráðamenn voru skelfingu lostnir vegna hótana amerísku hersins um brottför héðan og kusu þess vegna að slást í för með Bandaríkjunum við innrás í Írak – að sögn eins þingmanns Framsóknarflokksins til að bjarga atvinnuástandinu á Suðurnesjum – skrifaði ég grein hér í blaðið undir þessari sömu fyrirsögn : Tækifæri – ekki ógn. Þar benti ég á að menn ættu að rífa sig upp úr viðjum vanans, rifja upp það upphaflega markmið okkar við gerð varnarsamningsins að hér yrði aldrei her á friðartímum og líta á þau nýju tækifæri sem sköpuðust fyrir íslenskt atvinnulíf við það að losna við hersetu framandi þjóðar á íslensku landi. Allt hefur það gengið eftir. Langflestir, ef ekki allir, sem áttu áður afkomu sína undir veru hersins hafa nú fundið sér farsælan samastað í íslensku atvinnulífi. Vantrú íslenskra ráðamanna á getu hins frjálsa hagkerfis til að skapa ný störf án beinnar íhlutunar yfirvalda og stjórnmálamanna reyndist, sem betur fer, ekki á rökum reist.

Nú eru uppi svipaðar aðstæður í Hafnarfirði. Alcan hótar því að hætta starfsemi og leita á önnur mið, fái það því ekki framgengt að nærri þrefalda verksmiðju sína, og auka loftmengun sem svarar öllum bílaflota landsmanna, eða fiskiskipaflotanum. Álverið í Straumsvík hefur átt að mörgu leyti farsæla sambúð með Hafnfirðingum þrátt fyrir talsverða mengun og umfangsmikla landnýtingu, sem farin er að hamla eðlilegum vexti bæjarfélagsins. Það hefur malað eigendum sínum gull um 40 ára skeið; fyrst Swiss Aluminium og síðar Alcan og jafnframt verið bæjarfélaginu og bæjarbúum tekjulind. Álverið í Straumsvík mun vera eitt hagkvæmasta álver sem Alcan á og rekur, jafnvel í núverandi stærð.

Orka gerist nú takmörkuð auðlind í heiminum og stígur í verði með hverju ári. Menn ættu því að varast að gera bindandi samninga áratugi fram í tímann um orkusölu á útsöluverði. Sem dæmi má nefna að hinn norðurameríski álrisinn, Alcoa, eigandi Reyðaráls, á þrjú vatnsorkuver í N- Ameríku og hefur nýtt orkuna í eigin álverum þar. Þessi álver eru gömul og úrelt og stjórnvöld farin að amast við starfsemi þeirra og gera strangari kröfur um mengunarvarnir. Laun starfsmanna eru talsvert hærri en hér. En það sem úrslitum ræður um að stjórnendur Alcoa vilja flytja starfsemina hingað til lands er að þeir vilja geta selt orkuna úr orkuverum sínum á margföldu verði á neytendamarkaði í stað þess að binda hana álframleiðslu, sem ekki stenst samkeppni nema fá orkuna á viðlíka útsöluverði og þeir fá frá Kárahnjúkum. Þetta er sama þróun og hjá Elkem, sem leggur niður framleiðslu í Noregi og flytur til Grundartanga til að losa orkuframleiðslu sína úr klóm lítt arðvænlegrar málmbræðslu, í því skyni að selja orkuna hæsta verði á neytendamarkaði.

Hafnarfjörður er hluti af hagkerfi höfuðborgarsvæðisins, sem reyndist fara létt með að innbyrða allan þann mannskap, sem starfaði á vegum hersins, á nokkrum mánuðum. Á undanförnum árum munu hafa orðið til 200 sjálfsprottin störf á ári hverju í Hafnarfirði einum, án beinna afskipta ríkis- eða bæjaryfirvalda eða stjórnmálamanna á þeirra vegum. Atvinnuleysi er nú nær ekkert á svæðinu, svo ný störf í stækkaðri álbræðslu eru ekki líkleg til annars en valda ruðningsáhrifum, koma í veg fyrir að framsækin íslensk fyrirtæki stækki og auki starfsemi sína hér, heldur flytji hana til útlanda, svo sem þegar hefur átt sér stað með Marel, Flögu og fleiri. Það er því engin ástæða fyrir Hafnfirðinga til að taka hótanir Alcans alvarlega. Engin líkindi eru á að þeir geri alvöru úr þeirri hótun sinni að flytja sitt hagkvæmasta álver af landi brott. Láti þeir af því verða yrði það íslensku hagkerfi að öllum líkindum til stórkostlegs framdráttar, eins og Guðmundur Ólafsson hagfræðingur benti nýlega á í Silfri Egils, því að þá yrði heilt orkuver frelsað úr klóm stóriðjunnar og unnt að beina orku, sem nú er seld á innan við tvær krónur á kílóvattstund, á a.m.k. fjórföldu því verði að miklu arðbærari verkefnum en málmbræðslu. Hafnarfjarðarbær endurheimti land sitt til eðlilegrar stækkunar og útþenslu, íbúarnir losnuðu við stórfellda og heilsuspillandi mengun og ríkið losnaði við kostnaðinn af því að færa Reykjanesbraut.

Geir Haarde er eini íslenski stjórnmálaforinginn, sem hefur lýst yfir eindregnu fylgi við stækkun álversins. Skiljanlegt er að hann beri kvíðboga fyrir því að barnabörnin hans fái ekki störf við sitt hæfi. Honum til huggunar og hughreystingar skal það ítrekað að miklu líklegra er að kynslóðir framtíðarinnar fái fjölbreytt og arðbær störf, sem hæfa menntun þeirra og hæfileikum, með því að treysta á getu frjáls hagkerfis til sköpunar starfa, heldur en með beinni íhlutun stjórnvalda um þróun hagkerfisins með sölu orku á útsöluverði, sem binda hendur komandi kynslóða.

Öll rök hníga því að því að öldnum og óbornum Hafnfirðingum sé fyrir bestu að hafna forsjá Geirs Haarde í þessu máli.

## Verðlagseftirlit almennings

**UMRÆÐAN**

Neytendamál



**JÓN SIGURÐSSON**

Í tengslum við lækkun virðisaukaskatts, vörugjalda og tolla hinn 1. mars hefur viðskiptaráðuneytið efnt til viðræðna og samninga við ýmsa aðila sem tengjast eftirliti með verðlagsþróun í landinu.

Mikil ástæða er til þess að allur almenningur fylgist líka vel með á næstunni – eins og reyndar endranær. Ekkert jafnast á við virkt verðlagseftirlit neytendanna sjálfra í búðunum. Að sama skapi geta almennir fjölmiðlar haft mjög mikið að segja.

Alþýðusamband Íslands heldur uppi verðlagseftirliti og samanburðareftirliti með helstu matvöruverslunum í landinu. Nú hefur viðskiptaráðuneytið gert um það samning við verðlagseftirlit ASÍ að það geri sérstakt átak í þessum efnum á komandi vikum.

Neytendasamtökin halda uppi margháttaðri þjónustu við almenning, bæði upplýsingamiðlun og kvartanaþjónustu. Viðskiptaráðuneytið hefur samning við Neytendasamtökin um þessa þjónustu, og nú hefur líka verið samið við þau um sérstakt átak á næstunni.

Neytendastofa hefur fjölmörgum mikilvægum hlutverkum að gegna. Meðal annars hefur hún fylgst með verðlagi í veitingahúsum og gistiþjónustu. Nýlega gerði viðskiptaráðuneytið samning við neytendastofu um verkefni á þessu sviði á komandi vikum.

Hagstofa Íslands fylgist með verðlagsþróuninni mánuð fyrir mánuð og eru upplýsingar frá henni almennt viðurkenndur grundvöllur. Þá hefur Samkeppniseftirlitið um skeið unnið að athugun á samkeppnisaðstæðum í íslenskri smásölu- og dagverslun. Enn má nefna embætti talsmanns neytenda sem skiptir verulegu máli fyrir neytendavernd í landinu.

En enn og aftur verður það ekki nægilega ítrekað að allur almenningur hefur mikilvægasta hlutverkinu að gegna á vettvangi verðlagseftirlits og annarra hagsmuna í þessum efnum. Mjög mikilvægt er að allur almenningur fylgist rækilega með og láti í sér heyra ef útlit verður fyrir að verslunin ætli að hirða til sín hlut af þeim skattalækkunum sem nú eru á döfinni.

Verslunin á náttúrlega ekki að taka neitt út úr þessum breytingum því að það eru stjórnvöld og ríkissjóður sem standa fyrir þeim og kosta þær almenningi til hagsbóta.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*



## BARNAFÖT FRÁ PERÚ

Hjónin Njáll Sigurjónsson og Ásta Hraunfjörð heilluðust af fatnaði og handverki í Perú eftir heimsókn þangað. Í kjölfarið hófu þau innflutning á barnafatnaði og fleiru frá Perú og opnuðu verslunina Lava.

BÖRN 5



## LÆRT AÐ LESA Í VINNUNNI

Skólakerfið hentar ekki öllum og því býður Vinnuskóli Reykjavíkur upp á starfsnám.

NÁM 3



## ALLT HITT

**[ NÁM BÍLAR FERÐIR ]**

**Upplýsingastofa um nám erlendis** við Háskóla Íslands er með yfirgripsmiklar upplýsingar fyrir nemendur sem hyggja á nám erlendis. Þjónustan er ókeypis og öllum opin. www.hi.is

**Löggildingastofnun ökutækja** í Bretlandi er með einstaklega góðan vef þar sem hægt er að bera saman bifreiðar með tilliti til þátta eins og eyðslu, CO2 útblásturs, eldsneytis og fleira. Einnig er að finna upplýsingar um alla bíla sem eru viðurkenndir á evrópska efnahagssvæðinu. www.vcacarfueldata.org.uk/

**Menningarfylgd Birnu** býður upp á labbitúr í fótspor miðbæjarkattanna sem þekkja miðborg Reykjavíkur hvað best. Á ferðunum er spjallað og rölt um söguslóðir bæjarins og litið er inn á vinnustofur og verkstæði sem víða leynast. www.birtingaholt.is



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 7. febrúar, 38. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.50 | 13.42 | 17.35 |
| Akureyri | 9.45 | 13.26 | 17.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Regínu finnst rauð og bleik föt langflottust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Langar í föt á afmælinu

***Regína Rós Ellertsdóttir er alveg að verða fjögurra ára og í tilefni af því ætlar hún að halda stóra veislu.***

Regína er með það alveg á hreinu hvenær hún á afmæli, þrátt fyrir ungan aldur. „Þrítugasta mars,“ segir hún og brosir. Í tilefni af afmælinu ætlar Regína að halda stóra veislu og vera með fullt af kökum. „Mamma bakar,“ segir hún en býst samt við að hún hjálpi eitthvað til sjálf. Regína ætlar að bjóða nokkrum vinkonum sínum úr leikskólanum í afmælið. „Ingunn og Birta og Elín og Ásta eiga að koma í afmælið.“ Í afmælisgjöf langar Regínu mest í föt en hún segist vera mjög hrifin af flottum fötum og eiga töluvert af þeim sjálf. „Ég á kisubol með svona röndóttu,“ segir hún og bætir við að rauð og bleik föt séu í mestu uppáhaldi hjá henni.

Regína er í leikskólanum Suðurborg á deild sem heitir Hólakot. „Mér finnst skemmtilegast að fara í dýró,“ segir hún en í dýró leikur hún sér með lítil plastdýr. „Það er líka kónguló en hún er ekkert ógeðsleg. Ég á líka lamb og kýr sem eru hjá mér,“ segir hún.

Þegar Regína er heima hjá sér finnst henni skemmtilegast að lita, púsla og baka. „Mér finnst skemmtilegast að baka köku en stundum baka ég líka pitsu.“

Regína segist hafa gaman af því að fara í ferðalög og þegar hún er spurð að því hvort hún hafi einhvern tímann farið til útlanda svarar hún játandi. „Ég fór langt, til Akureyrar,“ segir hún. Næsta sumar ætlar Regína hins vegar bara að ferðast innanlands. „Ég ætla að fara í sveitina í sumar,“ segir hún og bætir við að þar eigi bóndinn heima og hún ætli að heimsækja hann og skoða dýrin.

*emilia@frettabladid.is*

## Námskeið um umhverfisvottun

NÁMSKEIÐ UM GREEN GLOBE UMHVERFISVOTTUN VERÐUR HALDIÐ 9. FEBRÚAR Í KRÍUNESI VIÐ ELLIÐAVATN.

Endurmenntun Háskólans á Hólum heldur námskeið um Green Globe umhverfisvottun í samvinnu við Ferðaþjónustu bænda. Markmiðið er að upplýsa þátttakendur um kosti umhverfisvottunar og undirbúa áhugasama fyrir ferlið sem vottunin krefst.

Einnig mun námskeiðið taka fyrir leiðir til að nýta Green Globe merkið í daglegum rekstri og við markaðssetningu.



Ár hvert eykst ferðamannastraumurinn til Íslands. Green Globe vottunin getur gefið aukin tækifæri innan ferðaþjónustunnar.

Námskeið fer fram föstudaginn 9. febrúar kl. 9.00-16.30 á Kríunesi við Elliðavatn.

Heilsársdekk allan ársins hring!



Með heilsársdekk undir bílnum ertu alltaf klár í slaginn hvernig sem færðin er.
Að auki þarftu ekki að hafa áhyggjur af dekkjaskiptum næsta vor eða næsta haust.
Þú einfaldlega ekur á heilsársdekkjunum þangað til þú færð þér ný.

Kíktu við í Sólningu og kynntu þér heilsársdekkin okkar.

Continental
Mastercraft
NANKANG
SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 5445000 | Njarðvík | Selfoss

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



**Bílarnir** þurfa að vera vel útbúnir áður en lagt er í lengri og skemmri ferðalög á veturna. Á vefsíðunni www.vedur.is er að finna allar upplýsingar um veður og færð á vegum.

# Lúxusbílum fjölgar

Á MEÐAN BÍLASALA Í MÖRGUM FLOKKUM DREGST SAMAN HEFUR SALA Á LÚXUSBÍLUM AUKIST HJÁ FYRIRTÆKJUM EINS OG BMW OG LAND ROVER.

Bílasala dróst almennt saman um rúm 5 prósent á síðasta ári á meðan lúxusmerki eins og BMW bættu hlut sinn. Markaðshlutdeild þess er nú 1,2 prósent. Sama má segja um Saab, sem seint telst til ódýrari bílamerkja, en merkið bætti stöðu sína verulega og jók markaðshlutdeild sína úr 0,1 prósenti í 0,4 prósent.

Samfara þessari þróun hefur landslagið á notaða bílamarkaðnum eðlilega tekið nokkrum breytingum, með auknu framboði á dýrari bílum, sem hljóta að teljast góðar fréttir fyrir áhugafólk um notaða lúxusbíla.

Guðlaugur Þór Sigfússon, sölustjóri Bílalands, söludeild notaðra bíla hjá B&L, staðfestir þetta og hafa viðskiptin í notuðum lúxusbílum að hans mati sjaldan verið líflegri. „Það er einfaldlega í takt við framboðið, sem hefur verið að aukast jafnt og þétt undanfarin misseri.“ - tg



Range Rover er einn af þeim bílum sem selst hafa vel í nýjasta lúxusbílaæðinu.



Þegar horft er til koltvíoxíðsútblásturs mengar einn bensínbíll jafn mikið og 113 sambærileg ökutæki sem ganga fyrir metani. Metanið kostar í dag 88 kr./Nm3 en það svarar til þess að lítrinn af bensíni myndi kosta 78,57 kr. Þessi metanbíll er af gerðinni Volkswagen Caddy og er meðal annars notaður af Sorpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Metanframleiðsla í tíu ár

***Tíu ár eru liðin frá upphafi metanvinnslu í Álfsnesi. Af því tilefni munu Sorpa, Metan hf., og Olíufélagið halda ráðstefnu um möguleika metans sem orkugjafa framtíðarinnar.***

Um fátt er meira rætt þessa dagana en gróðurhúsaáhrif, hlýnun jarðar og mengun frá stóriðju til bílaflota. Krafan og ásóknin í umhverfisvænni orkugjafa verður sífellt meira áberandi og sést það vel í ásókn Íslendinga í dísilbíla.

Um þessar mundir eru tíu ár liðin frá því að farið var að nýta metan frá urðunarstað Sorpu bs. á Álfsnesi til að knýja fólksbifreiðar og önnur ökutæki. Afar ör þróun hefur orðið í nýtingu þessa orkugjafa en metanið er talsvert ódýrara en hefðbundið eldsneyti auk þess sem það mengar minna.

Metan er unnið úr hauggasi sem verður til á urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. Gasinu er safnað saman og nýtt til framleiðslu á metani, bæði af gróðasjónarmiðum og til að minnka mengun af verulegum gróðurhúsaáhrifum sem hljótast af óheftu útstreymi hauggass af urðunarstað. Áætlað er að nægjanlegt gas geti fengist á hverju ári úr Álfsnesi til að fullnægja þörf um 4.000 smærri ökutækja.

Fyrst í stað, eftir að þessi starfsemi á vegum Sorpu bs. hófst, var starfsemin mest í tilraunaskyni en hún óx smám saman. Árið 1999 var fyrirtækið Metan hf. sett á laggirnar til að þróa, framleiða og markaðssetja orku úr hauggasi en félagið er í eigu Sorpu, Orkuveitu Reykjavíkur, Olíufélagsins hf. og Nýsköpunarsjóðs. Ári síðar var sett upp tilraunahreinsistöð í Álfsnesi þar sem metan var skilið úr hauggasinu og hreinsað til notkunar á ökutæki og sama ár setti Olíufélagið hf. upp afgreiðslubúnað fyrir metan á Bíldshöfða í Reykjavík.



Metan er unnið úr jarðvegsúrgangi sem fellur til í Sorpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýting á metani til eldsneytisframleiðslu úr hauggasi, beint frá urðunarstað, er einungis þekkt á einum öðrum stað í heiminum en víða erlendis er það hins vegar framleitt úr lífrænum úrgangi í sérstökum verksmiðjum.

Verulegur áfangi varð í notkun metans árið 2005 en þá komu hingað til lands fyrstu ökutækin sem eingöngu nýta metan. Ári síðar voru teknir í notkun tveir sorpbílar sem ganga fyrir metani og hafa borgaryfirvöld í Reykjavík ákveðið að á þessu ári verði sorpbílum í þjónustu Reykjavíkurborgar, sem knúnir verða metani, fjölgað í níu. Fyrirhugað er að leggja 10 km langa leiðslu frá Álfsnesi að afgreiðslustöð ESSO á Bíldshöfða, en sú framkvæmd er forsenda þess að hægt sé að koma upp fleiri afgreiðslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

*- tg*

## Ráðstefna um framtíð metans

HVERNIG ÖKUM VIÐ Í ÁTT AÐ VISTVÆNNI FRAMTÍÐ? – VERÐUR METAN LYKILORÐIÐ?

Á morgun efna Sorpa bs., Metan hf. og Olíufélagið hf. til ráðstefnu á Grand Hótel í Reykjavík undir yfirskriftinni: Hvernig ökum við í átt að vistvænni framtíð? – verður metan lykilorðið?

Á ráðstefnunni mun fjöldi fyrirlesara, bæði innlendra og erlendra, halda erindi, en ráðstefnustjóri verður Ævar Örn Jósepsson, rithöfundur og útvarpsmaður. Ráðstefnan hefst kl. 09.00 og stendur til kl. 16.30. Fyrri hluti ráðstefnunnar er alfarið á íslensku en seinni hlutinn á ensku.

Ráðstefnugjald er 6.000 kr á mann og er hádegisverður og ráðstefnugögn innifalin. Hægt er að skrá sig á vefsíðu Metan hf., www.metan.is.

## B&L í samstarf við FÍB

NÚ FÁ MEÐLIMIR FÍB 10 PRÓSENTA AFSLÁTT AF VARAHLUTUM OG AUKAHLUTUM HJÁ B&L.

Samkomulag hefur verið gert á milli B&L-verslunarinnar og Félags íslenskra bifreiðaeigenda, sem veitir félagsmönnum FÍB 10% fastan afslátt af öllum varahlutum og aukahlutum hjá versluninni. Félagsmenn FÍB eru um 13.000 að tölu og því um nokkuð viðamikið samstarf að ræða. B&L-verslunin er meðal annars með vara- og aukahluti frá BMW, Land Rover, Hyundai og Renault, varahluti fyrir eldri Land Rovera frá Britpart og felgur frá Wolfram, svo dæmi séu nefnd.



Félagar FÍB fá nú 10 prósenta afslátt af BMW-varahlutum.


VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

allt matur
Alla föstudaga

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

**Pennaveskin** hjá krökkunum eru oft í flækju. Það borgar sig að kíkja reglulega í þau til að tæma rusl, ydda blýanta og liti og gá hvort allt sé á sínum stað.



# Lært að lesa í vinnunni

***Skólakerfið hentar ekki öllum og árlega útskrifast tugir nemenda úr 10. bekk án þess að kunna að lesa. Þetta eru nemendur sem hafa fulla getu til að læra, en vegna lesblindu eða annarra vandamála dragast þeir aftur úr og missa áhugann á skólanum. Þessum krökkum stendur nú til boða að koma í starfsnám fyrir tilstuðlan Vinnuskóla Reykjavíkurborgar.***

Starfsnámið fer fram meðfram skóla og skipta börnin tíma sínum milli hefðbundins skólalærdóms og starfsnáms. „Þetta eru nemendur sem hefur gengið illa í skólanum og eru jafnvel ólæsir,“ segir Guðrún Þórsdóttir, skólastýra Vinnuskólans. „Vegna þessa einangrast þeir, þeim fer að líða illa og þróa jafnvel með sér andfélagslega hegðun.“

Annað er upp á teningnum í starfsnáminu en þar blómstra nemendurnir. „Það er ótrúlegt að sjá hvernig þeir njóta sín, en undantekningalítið fá þessir krakkar góðar umsagnir frá sínum vinnuveitendum,“ segir Guðrún. „Þeir eru ótrúlega duglegir, áhugasamir og einfaldlega góður starfskraftur.“

Árlega fara rúmlega 60 börn í 9. og 10. bekk í starfsnám og reynist auðvelt að finna þeim vinnustað, sama hvar drepið er niður fæti á vinnumarkaðnum. „Það er mikill skilningur á þessu innan fyrirtækjanna og við höfum mætt ótrúlegum velvilja hjá þeim sem leitað hefur verið til,“ segir Guðrún. „Enda hefur raunin verið sú að bæði nemendur og vinnuveitendur hafa gagn og gaman af þessu samstarfi.“

Ávinningurinn af starfsnáminu er fyrst og fremst bætt líðan og aukið sjálfstraust unglinganna.



Læsi á Íslandi er ekki 100 prósent því árlega útskrifast tugir nemenda úr barnaskóla án þess að kunna að lesa.



Guðrún Þórsdóttir segir að það kosti samfélagið allt of mikið að kenna ekki öllum börnum okkar að lesa.
FRÉTATBLAÐIÐ/ANTON

Guðrún segir að hafi þau markmið náðst hafi starfið borgað sig. „Svo vonum við auðvitað að það skili sér í auknum námsáhuga og betra gengi í skólanum en við setjum okkur einnig það markmið að börnin verði umhverfislæs og geti spjarað sig fullkomlega í samfélaginu,“ segir Guðrún, sem viðurkennir um leið að mjög erfitt sé að snúa við þróun sem hafi verið í gangi hjá börnunum í 10 ár.

Það hlýtur að vekja upp ýmsar spurningar þegar velferðarsamfélag með blómstrandi hagkerfi getur ekki kennt yngstu kynslóð sinni að lesa. Íslendingar státa af 100 prósent læsi en þegar á hólminn er komið er raunin önnur. Á ári hverju útskrifast fjölmargir ólæsir nemendur úr barnaskóla á ári, nemendur sem kerfinu hefur mistekist að kenna það sem við teljum vera grundvallarmannréttindi. „Það er vissulega áhyggjuefni en það er með þetta eins og annað, það vantar fjármagn. Mikið hefur áunnist á síðustu árum og ástandið er stöðugt að batna. Nú er til dæmis skimað eftir lesblindu hjá krökkum í byrjun skólagöngunnar, en það er mjög mikilvægt að ráðast á vandann strax í upphafi,“ segir Guðrún. „Það er svo mikið af verðmætum í mannauði sem fer forgörðum ef við gerum ekki neitt. Það kostar samfélagið einfaldlega allt of mikið af standa hjá aðgerðalaus.“ *- tg*

# Allir jafn spenntir

***Vinsæl vísindanámskeið um stjörnufræði, risaeðlur, jarðfræði, líffræði og íþróttir.***

Síðastliðinn laugardag hófst röð námskeiða á vegum Endurmenntunar, Vísindavefsins og Orkuveitunnar. Námskeiðin eru ætluð allri fjölskyldunni en með þessum námskeiðum er þó aðallega reynt að höfða til barna og unglinga á aldrinum 10-14 ára.

Á námskeiðunum fá forvitnir fræðslu og fróðleik á því sem kallast mannamál, þannig að ekkert fer framhjá neinum og allt er vel skiljanlegt þó að stundum sé um flókna hluti á borð við stjörnufræði, jarðfræði eða líffræði að ræða. Fyrsta námskeiðaröðin af þessu tagi fór fram síðastliðið vor og var henni mjög vel tekið af þátttakendum sem allir virtust skemmta sér jafnvel. Þessar góðu viðtökur voru staðfestar í athugsemd sem skráð var af einum þátttakenda síðastliðinn laugardag en í henni stóð orðrétt „Frábært námskeið! Við erum hér þrír saman frá 8-80 ára og allir jafn spenntir“.

Fyrirlesarar beita fyrir sig margs konar efniviði til að gera námsefnið aðgengilegra, allt frá myndböndum upp í bergtegundir og ösku þannig að engum ætti að leiðast í þær tvær klukkustundir sem hvert námskeið stendur yfir. Til að fólk missi síður einbeitinguna býður Orkuveitan upp á hlaðborð af suðrænum ávöxtum, en það er innifalið í verðinu.

Næstkomandi laugardag fer fram námskeið um undraheima risaeðlanna, en þar sem það varð fljótlega uppselt er unnið að því að setja upp annað námskeið, sama dag frá klukkan 11-13. Laugardaginn 17. febrúar og sunnudaginn 18. verða námskeið um undur stjörnufræðinnar og alheimsins þar sem meðal annars verður notast við stjörnuver, en það er eins konar kúpull sem fólk gengur inn í. 24. febrúar verður fjallað um undur mannslíkamans og síðasta námskeiðið sem fer fram laugardaginn 3. mars fjallar um eðlisfræði íþróttanna.

Þar sem vísindanámskeiðin eru ódýr og að sama skapi vinsæl er um að gera fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst á vefsíðu Endurmenntunar: www.endurmenntun.is eða í síma 525-4444. Hvert námskeið kostar 950 kr. og fer kennslan fram í húsnæði Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1. *- mhg*



Á geysivinsælum vísindanámskeiðum sem Orkuveitan, Endurmenntun og Vísindavefurinn standa fyrir verður meðal annars fjallað um þessar furðulegu skepnur sem þrömmuðu um jörðina fyrir mörg þúsund árum.

# Nýtt námsefni um mannréttindi

***Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF og Námsgagnastofnun hafa gefið út nýtt kennsluefni.***

Nýtt kennsluefni frá UNICEF og Násmsgagnastofnun er fyrir efri bekki grunnskóla og nefnist „Allir eiga rétt“. Efninu er ætlað að auka þekkingu ungmenna á mannréttindum og draga úr fordómum. Þá verða ungmennin frædd um réttindi sín sem og skyldur.

Þau verða hvött til þess að þróa með sér umburðarlyndi og samstöðu með öðrum íbúum jarðarinnar, friðarvilja, skilning á félagslegu réttlæti og meðvitund um umhverfið og verndun þess.

Efnið er í samræmi við nýja námskrá grunnskólanna.



Námsefninu, Allir eiga rétt, er ætlað að stuðla að þekkingu nemenda eldri bekkja á mannréttindum.

# Námskeið um flugvélaflök

***Áhugaverð flök og saga þeirra.***

Víða um landið er að finna flök flugvéla sem hafa farist. Arctic Trucks stendur fyrir fræðslukvöldi í samvinnu við Ferli þar sem fjallað er um áhugaverð flugvélaflök og sögu þeirra.

Námskeiðið fjallar í máli og myndum um ýmis áhugaverð flök og sögu þeirra, sérstaklega þau í nálægð við höfuðborgarsvæðið.

Námskeiðinu lýkur formlega með dagsferð að einu sögufrægasta flugvélarflaki landsins þar sem Andrew, yfirhershöfðingi Evrópuherafla Bandaríkjanna, fórst ásamt tólf mönnum í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar í einu skæðasta flugslysi Íslands. Ómar Smári Ármannsson lögreglumaður verður með í för að flakinu.

Námskeiðið fer fram í húsakynnum Arctic Trucks að Kletthálsi 3, fimmtudaginn 8. febrúar frá kl. 20.00 til 22.00.

Fyrirlesari er Ómar Smári Ármannsson lögreglumaður.

Þátttökugjald er 3.500 kr.



Námskeiðið fjallar um flugvélaflök á Íslandi og endar á skoðunarferð.

**Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?**

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**

"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**

"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 19. FEB & 20. FEB. (17-19)**
**2 VIKNA NÁMSTÆKNINÁMSKEIÐ HEFST 17. FEBRÚAR (9-12)**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

**Heilt þorp** þarf til að ala upp eitt barn samkvæmt afrískum málshætti. Ömmum og öfum, frænkum og frændum finnst oftast gaman að fá litlu englana lánaða og það er svo sannarlega gott fyrir börnin að eiga að fjölskyldu í uppeldinu. Þó það sé ekki endilega heilt þorp í hvert sinn.








Krakkarnir í 4SJO í Hlíðaskóla, Ugla Evudóttir Collins, Anna Þóra Þormóðsdóttir, Margeir Þór Hauksson, Sigrún Björk Sigurðardóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Benedikta Mariana B. Rostan, Iðunn Andrésdóttir, Snædís Barkardóttir, Bartosz Wilk, Daníel Gauti Georgsson, Goði Blöndal Hermannsson, Guðmundur Gunnarsson, Kristófer Máni Gunnarsson, Matthías Margrétarson, Rafael Benedikt Servo, Valdimar Björnsson, Alex Jónasson, Sindri Scheving og Tanja Geirmundsdóttir.

# Keppt fyrir umhverfið

***Öllum nemendum 4. og 5. bekkjar í Reykjavík ásamt fjölskyldum þeirra er boðið að taka þátt í verkefninu sem ber heitið Flokkað fyrir umhverfið. Markmiðið er að hvetja nemendur og fjölskyldur þeirra til að skila dagblöðum og pappaumbúðum til endurvinnslu og þannig minnka þann úrgang sem endar í heimilissorpinu.***

Krakkarnir í 4 SJO Hlíðaskóla ásamt kennara sínum, Sigurrós Jónu Oddsdóttur, eru nýbyrjaðir að safna saman dagblöðum og pappaumbúðum til endurvinnslu og hafa verið iðin við kolann. Þetta er hluti af verkefni sem börn í 4. og 5. bekk í grunnskólum Reykjavíkur taka þátt í og heitir Flokkað fyrir umhverfið.Börnin eru hvött til að flokka pappír til endurvinnslu ásamt fjölskyldu sinni.

Allir krakkarnir í bekknum fengu tvo poka að gjöf. Einn grænan poka sem tekur við dagblöðum, tímaritum, prentpappír og auglýsingapósti og annan gulan sem tekur við mjólkurfernum, og öðrum umbúðum úr sléttum pappa.

Sumum krökkunum fannst guli skemmtilegastur, eins og Iðunni Andrésdóttur sem var búinn að keppast við að fylla, en aðrir eru meira hrifnir af dagblaðapokanum.

„Græni er í mestu uppáhaldi hjá mér," segir Ugla Evudóttir Collins sem ásamt vinkonum sínum í Hlíðunum hefur verið hörkuduglegg við söfnunina.

Krakkarnir voru alveg með á hreinu hvaða tilgangi söfnunin þjónaði og fannst gaman að reikna út hve margar nýjar klósettrúllur var hægt að fá fyrir einn grænan poka.

Verkefninu er ætlað að virka sem hvatning fyrir börnin og árangurinn hefur ekki látið á sér standa.

„Ég er búin að fylla og tæma báða einu sinni og hlakka til að halda áfram," segir Alex Jónasson, sem ásamt félögum sínum var með á hreinu hverju verkefnið átti að skila. „Það er til þess að búa til eitthvað nýtt," segir Guðmundur Gunnarsson.

Úr fimm gömlum pappakössum er hægt að búa til fjóra nýja og það fannst krökkunum spennandi en líka að geta verndað umhverfið.

„Verkefnið er ekki bara til að endurvinna pappír heldur líka til að vernda umhverfið," segir Tanja Geirmundsdóttir og Sigrún Björk Sigurðardóttir tekur undir.

Verkefnið stendur yfir í fjórar vikur þar sem krakkarnir skrá niður hve mikið safnast og því næst verða niðurstöður sendar til Sorpu.

„Ef við vinnum komumst við í skoðunarferð til Sorpu og okkur langar alveg rosalega að fara, svo við bara verðum að vinna," segja krakkarnir í kór að lokum. *- rh*




# Prjónar til styrktar barni

***Nína Stefánsdóttir prjónar fallegar húfur á börn með nöfnum þeirra á. Ágóða af sölunni lætur hún renna til átta ára munaðarlausrar stúlku á Indlandi sem hún hefur ættleitt.***

Fyrir ári ákvað Nína að láta gott af sér leiða með því að styrkja stúlkuna Pampönu á Indlandi fjárhagslega. Pampana er átta ára munaðarlaus stúlka og Nína komst í samband við hana í gegnum ABC-barnahjálpina sem rekur Heimili litlu ljósanna á Indlandi. Til þess að geta styrkt Pampönu prjónar Nína barnahúfur sem hún selur. „Ég ákvað að gera þetta svona því ég hef svo ofboðslega gaman af því að prjóna og er búin að vera að prjóna svona húfur í mörg ár," segir Nína.

Húfurnar hennar Nínu eru mjög fallegar og hægt er að fá nafn barnsins sem á að fá húfuna prjónað í hana. Hver húfa kostar 2.200 krónur og hægt er að komast í samband við Nínu gegnum heimasíðuna hennar sem er á barnalandi.is og heitir Húfurnar hennar Nínu.

*emilia@frettabladid.is*



Nína hefur prjónað húfur í mörg ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Pampana, sem býr á Indlandi, nýtur góðs af prjónaskap Nínu.



Húfurnar eru sérmerktar hverju barni og kosta 2.200 krónur.








Njáll og Ásta með barnabarninu Alyssu Ast Hraunfjörð.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Vesti 2.000 krónur.

Peysa 3.990 krónur.

Herðaslá 2.800 krónur.

Buxur 1.800 krónur.

Spöng 1.500 krónur.

# Margir verða mjög hissa

***Lava er ný verslun að Frakkastíg 7 þar sem seld eru litrík föt frá Perú á börn og unglinga. Hjónin Njáll Sigurjónsson og Ásta Hraunfjörð reka verslunina.***

Hugmyndin að innflutningi á barnafatnaði frá Perú varð til þegar Njáll og Ásta fóru þangað í brúðkaup sonar síns sem hafði verið búsettur í landinu í nokkur ár. „Perú er ofboðslega skemmtilegt land en þar er mikil fátækt. Strákurinn fór með okkur á markaði þarna og þá sáum við hvað fólkið er að gera í landinu. Allar flíkur eru handunnar og ofboðslega fallegar. Okkur gömlu hjónunum datt því í hug að fá strákinn til þess að senda okkur eina sendingu af fötum og prófa að selja þau hér á Íslandi,“ segir Njáll.

Verslunin Lava var síðan opnuð rétt fyrir jól og Njáll segir að margir hafi verið að kaupa föt hjá þeim til að nota í jólagjafir. „Flestir sem koma inn í búðina verða mjög hissa því þessi föt eru allt öðruvísi en þau sem við eigum að venjast. Allt er útprjónað og útsaumað og ofsalega litríkt.“

Í versluninni má einnig finna flíkur á fullorðna, skartgripi, veski og fleira sniðugt og ekki spurning að sjón er sögu ríkari.

*emilia@frettabladid.is*



Vettlingar 800 krónur.



Trefill 1.200 krónur.

Húfa 2.200 krónur.



Börnin eru öll í eins vinnufötum, sem þýðir að enginn þarf að hafa áhyggjur af því að skemma fínu gallabuxurnar eða setja blett í nýju peysuna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Andlitin fá að njóta sín

***Leikskólinn Hólmasól á Akureyri er rekinn af Hjallastefnunni. Börnin og starfsfólkið eru í eins vinnufötum og leika sér með opinn efnivið auk þess sem börnunum er kynjaskipt í kjarna.***

„Viðtökur foreldranna voru mjög fínar og við fylltum leikskólann strax af börnum,“ segir Alfa Björk Kristinsdóttir, leikskólastjóri við leikskólann Hólmasól á Akureyri, en Hólmasól er rekinn af Hjallastefnunni og var opnaður í maí á síðasta ári. Í leikskólanum eru 138 börn og er þeim kynjaskipt í svokallaða kjarna.

Hjallastefnan er 17 ára gömul hugmyndafræði Margrétar Pálu Ólafsdóttur en stefnan og Margrét Pála urðu fyrir mikillri gagnrýni í upphafi. Alfa Björk segist enn heyra þessar gagnrýnisraddir en að þær hafi lækkað og stefnan veki mikla og jákvæða athygli í bænum. „Efasemdir varðandi kynjaskiptinguna lifa þó sums staðar enn þá en þegar fólk kynnist starfseminni breytast skoðanirnar auk þess sem stefnunni fylgir gott umtal,“ segir hún og bætir við að kynjaskiptingin stuðli að jafnréttisuppeldi, efli sjálfstæða hugsun og styrki einstaklinginn. „Strákarnir fá að njóta sín sem strákar og stelpurnar sem stelpur. Gott dæmi sem ég nota oft eru söngstundirnar. Í mörgum leikskólum fylgjast strákarnir lítið með söngnum en hérna syngja þeir eins og englar því það eru engar stelpur sem trufla þá. Eins verða stelpurnar sjálfstæðari og hafa meira frumkvæði því oft taka strákarnir frumkvæðið af þeim.“

Auk kynjaskiptingar ganga börnin og starfsfólkið í sérstökum skólafötum, umhverfið er einfalt og gegnsætt og unnið er með svokallaðan opinn efnivið. „Með skólafötum fá andlitin að njóta sín auk þess sem fötin eru þægileg og stuðla að sjálfshjálp og sjálfstæði og í þeim eru allir í sama liði. Hér þarf enginn að óttast að það komi blettur í Diesel-buxurnar eða fínu peysuna því við erum öll í vinnufötum. Opinn efniviður er t.d. leir, litir, blöð, kubbar, dýnur, teppi og allt annað sem ekki er búið að fyrirfram ákveða hvernig eigi að leika sér með. Með þessu eflum við þroskann og hugmyndaflugið og ég hef heyrt frá foreldrum að börnin leiki sér allt öðruvísi heima eftir að hafa kynnst þessu. Þau noti frekar ímyndunaraflið og séu ekki háð því að eignast allt og einfaldur efnisbútur getur orðið ótrúlega margt fyrir þeim.“



„Strákarnir fá að njóta sín sem strákar og stelpurnar sem stelpur,“ segir Alfa Björk, leikskólastjóri í leikskólanum Hólmasól.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Aðspurð segist Alfa Björk ekki eiga ung börn en ef svo væri myndi hún velja Hjallastefnuna fyrir barnið sitt. „Að mínu mati virkar þessi stefna mjög vel og ef ég ætti barn á leikskólaaldri myndi ég velja Hjallastefnuna.“

*indiana@frettabladid.is*


Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa “sápulaus”. Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.



Fæst í apótekum um land allt

**Vegabréfsáritun** getur tekið sinn tíma. Það borgar sig að kanna hjá viðeigandi sendiráði hvort áritun þurfi til viðkomandi lands áður en maður skellir sér í frí. Einnig er gott að hafa vaðið fyrir neðan sig og athuga vegabréfin í tíma.






**Skólahópar!**

Fljótasiglingar - Klettaklifur
Hestasýningar - Gönguferðir - Gisting
Veitingar - Ratleikir - Hestaleiga

Hafið samband og við gerum tilboð

*Verið velkomin! bakkaflot@islandia.is*

Sími 453-8245 & 899-8245 • Ferðaþjónustan Bakkaflöt
560 Varmahlíð, Skagafirði – www.bakkaflot.is





**Stökktu til Kúbu**

22. febrúar frá kr. **69.990**

**Kr. 69.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Varaderoströndinni í 10 nætur, stökktu tilboð 22. febrúar. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

**10 daga ferð - ótrúleg kjör**
*Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum í 10 daga ferð til Kúbu í beinu flugi 22. febrúar. Bókaðu strax og tryggðu þér sæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu frábærrar dvalar á þessari einstöku eyju í 10 daga.*

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500




Snævarr Guðmundsson og stjörnuskoðunartjaldið hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ferð um himingeiminn frá Hala í Suðursveit

***Stjörnuhelgi verður á Hala í Suðursveit dagana 24. og 25. febrúar. Ferðalag um óravíddir himingeimsins undir leiðsögn Snævars Guðmundssonar stjörnufræðings er meðal atriða.***



Þórbergssetrið, umhverfi þess og óravíddir himins eru til skoðunar á stjörnuhelgi.

Snævarr kemur með stjörnuver með sér að Hala. Þar fá þátttakendur að fara inn til að fræðast um geiminn og hvað er að gerast þar. Snævarr mun líka halda erindi um stjörnur í Þórbergssetrinu á Hala og fylgja fólki í kvöldgöngu ef veður verður gott. Þá verður stjörnuhiminninn skoðaður, útiveru notið og náttúruperlur skoðaðar bæði á himni og jörð auk þess sem hlustað verður á veraldarhafið eins og Þórbergur hefði orðað það. Á sunnudeginum klukkan 11 ætlar Snævarr svo að flytja fræðsluerindi um norðurljósin.

Fleira menningarlegt verður á dagskrá stjörnuhelgarinnar því hún verður tengd bókmenntum Þórbergs með upplifun og upplestri úr verkum skáldsins. Til dæmis verður vökustemning í fjósbaðstofunni á Hala, Bergshús verður heimsótt og Siríus skoðaður og samvera verður í Þórbergssetri undir háttinn á laugardeginum þar sem komið verður við „á strandi“.

Auk norðurljósaerindisins er gönguferð á dagskrá á sunnudeginum. Þá verður farið upp að Steinum.

Ásamt öllu þessu andlega fóðri og útiveru verður vel fyrir fæðuinntöku séð. Kaffiveitingar og hátíðarkvöldverður í Þórbergssetri á laugardag og morgunverður og hádegisverður á sunnudag. Þeir sem áður hafa notið veitinga á Hala vita að þar er ekkert skorið við nögl.

Hámark þátttakenda í stjörnuhelginni er fjörutíu manns. Hægt er að tilkynna þátttöku á netfangið thorbergssetur@simnet.is og í síma 867 2900.

*gun@frettabladid.is*



Norðurljósin eru meðal þess sem rætt verður um á stjörnuhelgi.


Ævintýraferð á ári Gríssins, 2007

**til Kína með KÍNAKLÚBBI UNNAR**

**19. APRÍL – 10. MAÍ**

Farið verður til BEIJING, XIAN, GUILIN, YANGSHUO, SHANGHAI, SUZHOU, siglt á LÍ fljóti og gengið á KÍNAMÚRINN.

**Heildarverð á mann kr. 370. þús.**

**Allt innifalið:** þ.e. allar skoðunarferðir, gisting í tvíbýli á lúxushótelum (einb. + 70þ.), fullt fæði, skattar og gjöld, staðarleiðsögumenn og fararstjórn Unnar Guðjónsdóttur. Þetta verður 24. hópferðin sem hún skipuleggur og leiðir um Kína.

**Kínakvöld:** Hópar og einstaklingar geta pantað "Kínakvöld" á Njálsgötunni eða úti í bæ, með myndasýningu o.fl.



**Kínaklúbbur Unnar,**
Njálsgötu 33, 101 Rvk.
Sími/símbréf: 551-2596,
farsími: 868-2726
Vefsíða: www.simnet.is/kinaklubbur
Netfang: kinaklubbur@simnet.is

Geymið auglýsinguna



**ÁRSHÁTÍÐIR HELGARFERÐIR**



FAEREYJAFERDIR.IS

**Komdu með mér til Færeyja!**

***Davíð Samúelsson***
*ferðaráðgjafi*
*Sími: 861 3426*



**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

O&K
Þjónusta

**Þjónustuaðili:**

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# verk að vinna

MIÐVIKUDAGUR 7. FEBRÚAR 2007

## Flinkur við búvélarnar

**Gunnlaugur Lúthersson hefur fengist við vélar frá æsku** BLS. 11





FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL



# Öflug
í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

**● NÆSTU HELGI FRUMSÝNIR VÉLAR OG ÞJÓNUSTA** nýjan Hydrema bíl. „Tækið er fyrsta sinnar tegundar sem skráð er sem vinnuvél sem þýðir að það er löglegt í umferðinni auk þess sem nota má litaða olíu á tækið," segir Gísli Ólafsson sölustjóri Véla og þjónustu. Tækið er lítill liðstýrður trukkur sem minnir um margt á Búkollurnar svokölluðu. Hann ber 10 til 11 tonn, er á 600 dekkjum, læstur að aftan og með tregðulæsingum að framan. Tækið er með pall sem það getur snúið 180 gráður í sturtun, sem að sögn Gísla gerir það einkar hentugt þegar vinna þarf á þröngum svæðum þar sem lítið pláss er til að athafna sig. Tækið er með læsingu á liðinn og jafnvægisbúnað (andhallabúnað) og þolir 40 gráðu halla. „Tækið er líka Tool Carrier að því leyti að framleiðandi hannar það til að bera ýmis tól eins og snjótönn, götusóp, víbravaltara, snjóblásara og fleira. Að aftan getur hann verið með krana, og söltunargræjur svo eitthvað sé nefnt," segir Gísli.

Bíllinn er til sýnis á laugardaginn milli klukkan 12 og 16 í Vélum og þjónustu að Járnhálsi 2.



Hydrema 912C er skráð sem vinnuvél og því lögleg í umferðinni.



Svavar segir námið hafa verið vel sótt undanfarin ár.

# Vinnuvélanámið sívinsælt

**Nýi ökuskólinn býður upp á nám fyrir þá sem hafa áhuga á réttindum á vinnuvélar. Svavar Svavarsson skólastjóri segir aðsóknina hafa verið góða undanfarin ár.**

„Maður sækir 80 tíma námskeið og við lok þess er maður með æfingaleyfi á allar stærri gerðir vinnuvéla," segir Svavar Svavarsson, skólastjóri Nýja ökuskólans. „Að því loknu er hægt að taka verklegt próf á þær vélar sem maður hefur á valdi sínu. Þetta eru margir flokkar sem prófað er í og prófin fara fram á vegum Vinnueftirlits ríkisins.

Svavar segir að aðsókn í þetta nám hafi verið mikil á undanförnum árum. „Það eru um fimm til sex hundruð manns á landsvísu sem koma í þetta nám á ári. Það er hins vegar með þetta eins og meiraprófið, að það er bara ákveðinn hópur úr hverjum árgangi sem hefur áhuga á vinnuvélum."

Svavar segir töluvert um að fólk sem starfar hjá verktökum sæki svona nám til að auka atvinnuöryggi sitt. „Þetta er líka þægilegri vinna en verkavinna úti. Það eru líka margir sem hafa mjög gaman af vélum."

Nýi ökuskólinn er reyndar ekki eins nýr og nafnið gefur til kynna, enda hefur hann starfað frá árinu 1994 og því er komin mikil reynsla af kennslu á vinnuvélar þar. Sjálfur segist Svavar hafa verið lengi að í þessum geira. „Ég byrjaði að vinna á vélar árið 1970 og hef verið að kenna á vélar síðan 1982. Ég er líka með meirapróf og er öku- og vinnuvélakennari að mennt. Það má því segja að þetta sé ævistarfið manns." *- öhö*


**Loftpressur**

Mikið úrval loftpressa fyrir iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og í bílskúrinn. Hagstætt verð.



ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

**allt bílar**

Alla laugardaga

**Flutningatæki**

Frystivagnar, beislisvagnar, flutningakassar og gámavagnar.

Kynntu þér vörulínuna frá Krone.

Betra verð – fáðu tilboð!

KRONE



Kælivélar, einangrunarþil, milligólf, vörulyftur og annað sem tengist landflutningum. Seljum einnig varahlutir í eldri gerðir **Krone** og **Norfrig** flutningatækja.

ALORKA

www.alorka.is Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080




Steinar Þór Þórisson, verkefnastjóri hjá Jarðborunum, og Sveinn Þórarinsson, framkvæmdastjóri Víkurvagna, við afhendingu vinnuskúranna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Verkstæði og kaffiaðstaða

Víkurvagnar afhentu Jarðborunum tvo vinnuskúra á mánudaginn síðasta. Skúrarnir eru sérsmíðaðir fyrir jarðboranir og sniðnir að þörfum þeirra starfs. „Jarðboranir eru mikið úti í óbyggðum og uppi á fjöllum að bora og þurfa því sérstaka skúra," segir Sveinn Þórarinsson, framkvæmdastjóri Víkurvagna.

Skúrarnir tveir eru tíu fermetrar hvor eða fimm sinnum tveir metrar. „Skúrarnir skiptast í verkstæði og kaffiaðstöðu. Verkstæðið er með vinnuborði, þurrkskáp fyrir vinnugallana og verkfæraskáp. Uppi á þaki eru tvær 130w sólarsellur og straumbreytir fyrir 220w og inni í skúrnum er gasísskápur. Skúrarnir eru vel einangraðir og opnanlegir gluggar á öllum hliðum."

Sveinn segir að skúrarnir séu á hjólum og því auðvelt að flytja þá á milli staða með því að festa þá aftan í bíla. „Þeir verða bara þar sem Jarðboranir eru með sínar borholur hverju sinni því fyrirtækið er náttúrlega að vinna úti um allt land."



Öll réttindi áskilin. Einungis til kynningar.

# Leitaðu til sérfræðinga varðandi staðsetningu tækja.




Með KOMTRAX™ sem staðalbúnað setja nýju Dash 8 gröfunar frá Komatsu ný staðalmörk. KOMTRAX™ notar GPS-kerfi og boð frá gerfihnöttum til að sýna hvar tækið þitt er statt - hvenær sem er og hvar sem er.
KOMTRAX™ gefur jafnframt til kynna ástand og afkastagetu tækis; tilkynnir um atriði sem leitt gætu til bilana, til að gera megi ráðstafanir í tíma til að girða fyrir dýrar tafir; það skráir viðhalds- og viðgerðasögu, færir skrá yfir flutning tækis á milli verkstaða, færir þjónustubók auk fleiri upplýsinga. Allar þær upplýsingar getur eigandinn nálgast á veraldarvefnum. KOMTRAX™ er upplýsingakerfi fyrir nútímastjórnun.

**Það gerist ekki betra hjá gröfum!**



KOMATSU

Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar.is









**Anton segir Vélaborg hafa mikið úrval tækja og búnaðar fyrir landbúnað og verktaka.** FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR SIGFÚSSON

# Mikil sala í landbúnaðarvélum á Norðurlandi

**Fyrirtækið Vélaborg rekur verslanir bæði í Reykjavík og á Akureyri. Verslunin á Akureyri selur mikið úrval af búnaði til landbúnaðar og verktakavinnu.**

„Við erum fyrst og fremst að þjónusta verktaka og bændur. Við seljum mjög fjölbreyttan búnað til landbúnaðar, allt frá dráttarvélum, heyvinnslutækjum og mjaltaþjónum niður í smærri búnað til landbúnaðarstarfa. Þá erum við með umboð fyrir Case- og Cat-gröfur og seljum talsvert af þeim til verktaka hér á svæðinu. Við seljum um allt Norðurland og einnig aðeins austur á land. Þá seljum við einnig lyftara, stóra og smáa,“ segir Valgeir Anton Þórisson, sölumaður hjá Vélaborg á Akureyri.

Hann segir að kaupendurnir séu bæði nýir verktakar og gamlir en meira sé um að stóru og reyndu fyrirtækin á svæðinu séu að bæta við sig vélum. „Þetta eru oftast viðskiptavinir sem við þekkjum og höfum verið að þjónusta áður. Fyrirtækið er þriggja ára gamalt en við vorum áður að vinna hjá Vélum og þjónustu sem var starfandi hér á Akureyri.“

Anton segir þrjá starfsmenn vera hjá verslun Vélaborgar á Akureyri. „Þeir eru tveir í versluninni og svo sé ég um vélasöluna. Hérna fyrir norðan er meira að gera í sölu búnaðar til bænda. Á landsvísu tel ég þó að fyrirtækið selji meira af búnaði til verktaka.“

Hann segir að búast megi við aukinni sölu á búnaði ef af áætlunum um uppbyggingu stóriðju verður á Norðurlandi. „Vélaborg í Reykjavík hefur selt búnað í álverin við höfuðborgarsvæðið. Við höfum mjög mikið úrval af búnaði til sölu, bæði stóran og smáan.“ *-öhö*



**Jötunn vélar fluttu meðal annars inn eina nýtískulegustu sániningarvél landsins í vor en hana eiga Kornbændur á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum.** MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

# Jötunn vélar stækka í Danmörku

Jötunn vélar ehf. hafa ásamt Svenningsens Maskinforretning A/S stofnað fyrirtækið Total Maskiner A/S á Sjálandi í Danmörku, að því er frá greinir í frétt á vef Jötunn véla.

Stofnun Total Maskiner er sögð vera liður í útrás Jötunn véla inn á erlenda markaði með að markmiði að „efla fyrirtækið og stækka til að skapa tækifæri fyrir hagstæðari innkaup og öflugri þjónustu fyrir íslenska bændur“.

Jötunn vélar segja að í Danmörku verði lögð áhersla á sölu Massey Ferguson og Fendt dráttarvéla, ýmissa landbúnaðarvéla og breiðs úrvals vinnuvéla. „Sölusvæði Total Maskiner er á Sjálandi í Danmörku. Áætlanir eigenda gera ráð fyrir að velta Total Maskiner verði orðin um 1,4 milljarðar íslenskra króna eftir tvö ár.“

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35881 01/07

## Nýr Hiace

Hiace hefur skapað sér sérstaklega gott orðspor meðal íslenskra atvinnubílstjóra, enda er bíllinn skynsamlega hannaður með notagildi og aðbúnað ökumanns að leiðarljósi. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Komdu og reynsluaktu nýjum Hiace, vinnufélaga sem þú getur treyst.



**Verð frá 2.570.000. kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |











Gunnþór Sigurgeirsson er sölustjóri hjá Kraftvélum.

# Lyftarar frá Toyota tróna á toppnum

„Þetta er nokkuð sem talað hefur verið um í mörg ár en núna er þetta algjörlega staðfest," segir Gunnþór Sigurgeirsson, sölustjóri hjá fyrirtækinu Kraftvélum. Það var tímaritið DHF sem vann rannsókn í samstarfi við Logistik Journal í Þýskalandi á fyrirtækjum sem framleiða lyftara.

Samkvæmt niðurstöðum úr þessari rannsókn var sett met hjá Toyota í sölu lyftara á síðasta ári og er fyrirtækið í fararbroddi í þeim geira. „Þessi mæling er framkvæmd reglulega og sýnir það skýrt að Toyota er leiðandi í þessum geira á heimsmarkaðsvísu og hefur verið það í mörg ár," segir Gunnþór.


Toyota-lyftararnir hafa sannað sig.

„Hjá okkur jókst sala á lyftarum frá Toyota hér á landi um heil 100%. Við fylgjumst grannt með þeim nýjungum sem koma fram í þessum geira og þar er Toyota algjörlega í sérflokki," segir Gunnþór.

Osama Miura situr í stjórn Toyota og sér um útbreiðslustarfsemi fyrirtækisins. Í fréttatilkynningu segir hann að niðurstöður þessarar rannsóknar séu mikið fagnaðarefni.

„Við lítum á þetta sem mikla viðurkenningu fyrir það starf sem við höfum verið að vinna. Þróunin í þessum geira hefur verið mikil síðustu ár og höfum við þar verið í fremstu röð. Fyrirtækið er þekkt fyrir áreiðanleika, öryggi og gæði. Það hefur verið lögð fram mikil vinna í að ná því orðspori," segir Miura í fréttatilkynningunni.

Toyota framleiðir lyftitæki af öllum stærðum og gerðum og hefur gert í mörg ár. Þróunin hefur verið nokkuð mikil og hefur fyrirtækið lagt mikla áherslu á að auka öryggi véla sinna. Í fyrra hélt Toyota upp á að fimmtíu ár eru síðan fyrirtækið hóf framleiðslu á vinnuvélum.

„Hjá okkur er hægt að fá lyftitæki frá Toyota í alls konar stærðum. Lyftitæki sem lyfta frá tonni og upp í tólf tonn. Söluaukningin sem hefur verið síðustu ár segir sitt. Við erum með tæki sem hægt er að nota við fiskvinnslu, vöruhús, sendiferðabíla og bara allt sem tengist iðnaði eins og hann leggur sig," segir Gunnþór.

Aðstaða fyrirtækisins Kraftvéla er sífellt að verða betri en í nóvember opnaði fyrirtækið nýjan sýningarsal, Kraftvélar bjóða bæði upp á sölu og leigu á vinnuvélum auk þess sem það hefur verkstæði.

Fyrirtækið var fyrst stofnað 1992 en síðan þá hefur starfsemi þess breyst talsvert en þjónustan hefur aldrei verið meiri en einmitt nú.

*- egm*


Flóra Toyota-vinnuvéla er fjölskrúðug.








# IVECO

## Nýr Daily

Með öll gen ATVINNUBÍLSINS
Lipur, mjúkur og hljóðlátur
með einstakt vinnuumhverfi

*Staðalbúnaður:*

- ***ASR Spólvörn***
- ***ABS Hemlakerfi***
- ***ESP Stöðuleikastýring***
- ***Nýr EURO 4 mótor***
- ***Tímastillt olíumiðstöð***
- ***Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar***

***Í boði eru fimm vélastærðir***
***Frá 106 hö. til 176 hö.***

***Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn***

*Aukabúnaður:*
***5 þrepa Rafskipting***
***Loftpúðafjöðrun og driflæsing***

VÉLAVER HF
Krókhálsi 16
Sími 588 2600
www.velaver.is



Þetta er ekki fréttamynd af innrásinni frá Mars heldur tók Einar þessa mynd af upplýstum byggingakrana sem snerist heilhring. Vinnuvélar

# Listrænar vinnuvélar

Flickr-vefurinn hefur að geyma ógrynni af ljósmyndum, meðal annars af vinnuvélum.

Á vefsíðunni Flickr.com er hægt að eyða heilli mannsævi í að fletta í gegnum allar þær myndir sem geymdar eru á síðunni. Íslendingar hafa að sjálfsögðu lagt sitt á vogarskálarnar með flottum ljósmyndum og eru viðfangsefnin margvísleg. Einar Ragnarsson er einn þeirra sem sett hafa upp ljósmyndir sínar á síðunni og tók hann þessar myndir af vinnuvélum. Stórkostlegar ljósmyndir sem gefa vinnuvélunum listrænt yfirbragð. Myndirnar hans Einars eru á slóðinni www.flickr.com/photos/einsi.



Yfirgefin vinnuvél að nóttu til.



Vélin hvílir sig eftir langan og erfiðan dag.








FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




HÜNNEBECK
– þegar mest á reynir

ASETA
BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI
Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is




TEREX
VÉLFANG
VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykajavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is





MinarcMig Adaptive 180

● **MIÐSUGUVÉLIN MINARCMIG ADAPTIVE 180** frá Kemppy Oy vann stór hönnunarverðlaun fyrir skömmu. Þessi vél hlaut eftirsóttu Red Dot hönnunarverðlaunin en alls kepptu 5.000 hlutir í þeim flokki. Frá þessu er greint á heimasíðu Ístækni, sem selur miðsuguvélar af þessari gerð hér á landi.

Þessi gerð þykir einstaklega vel heppnuð. Hún er talin einföld í notkun og er ótrúlega kraftmikil miðað við hvað hún er lítil. Red Dot hönnunarverðlaunin eru mjög virt en þau hafa verið veitt á hverju ári síðan 1955. Þeir hlutir sem hafa unnið þau í gegnum tíðina hafa yfirleitt orðið mjög vinsælir um allan heim.

Þess má geta að í Þýskalandi má finna sérstakt Red Dot safn en þar eru fjölmargir hlutir sem unnið hafa til verðlauna fyrir frábæra hönnun.


Aðalflutningar
Öryggi alla leið




Verið velkomin að Skútuvogi 8
OPIÐ VIRKA DAGA TIL KL. 17.00 Föst. til kl. 16.00
Skútuvogi 8 • S. 581 3030 • Fax: 471 2564 • adaleg@simnet.is



## Liebherr Group

Liebherr Group er framleiðandi vinnuvéla og var stofnað árið 1949 af Hans Liebherr. Afkomendur hans, þau Willi og Isolde Liebherr, eiga fyrirtækið í dag og voru á listanum yfir ríkasta fólk í heimi árið 2005.

Í upphafi framleiddi fyrirtækið ódýra byggingakrana en framleiðslulínan hefur vaxið talsvert og í dag framleiðir fyrirtækið jafnvel hluti í flugvélar og heimilistæki og er Airbus S. A.S. meðal viðskiptavina fyrirtækisins. Liebherr er hins vegar þekktast fyrir framleiðslu sína á vinnuvélum af öllum stærðum og gerðum. Hafa nokkrar vélar frá Liebherr unnið þann titil að vera stærstar sinnar tegundar.

Liebherr er fjölskyldufyrirtæki sem hefur náð að vaxa og dafna og er í dag með um 22 þúsund starfsmenn í yfir 100 löndum í öllum heimsálfum.

Verksmiðjur Liebherr eru um allan heim, þar á meðal í Þýskalandi, Bretlandi og á Írlandi.

# Hefur lagað búvélar frá því í barnæsku

**Gunnlaugur Lúthersson málmiðnaðarmaður hefur fengist við landbúnaðarvélar frá unga aldri. Hann segir nóg að gera í viðgerðum á sumrin.**



Gunnlaugur segir nóg að gera við viðgerðir á búvélum á sumrin.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

„Ég vinn mest fyrir bændur við viðgerðir og endurbætur á landbúnaðartækjum og verkefnin eru um allt land,“ segir Gunnlaugur Lúthersson málmiðnaðarmaður. „Ég er nýlega fluttur með starfsemina frá Fnjóskadal til Grenivíkur. Við ætluðum í fyrstu að fara með starfsemina til Húsavíkur en vegna umræðu um álver hefur fasteignaverð hækkað mikið þar og því ákváðum við að fara til Grenivíkur. Þar er ég líka nálægt mörgum viðskiptavina minna og samgöngur til Akureyrar góðar.“

Gunnlaugur hefur verið í þessum rekstri frá árinu 1982. „Mig vantaði eitthvað að gera meðfram búrekstri og hafði haft áhuga á vélaviðgerðum og járnsmíði frá unga aldri. Ég var byrjaður að fikta í þessu þegar ég var 7 ára gamall. Ég er helst að gera við dráttarvélar og heyvinnuvélar. Það hefur alltaf tíðkast heima, allt frá því fyrst var byggt á átjándu öld, að það hefur verið einhver þar sem hefur hjálpað sveitungum sínum með landbúnaðartæki hvers tíma. Það má því segja að þetta sé orðin aldagömul hefð innan fjölskyldunnar.“

Gunnlaugur segir vetrartímann oftast rólegan, en sumarið sé þétt hlaðið af verkefnum. „Það koma yfirleitt tvær lotur á sumrin, það er í upphafi sumars þegar bændurnir átta sig á að vélarnar sem biluðu seinasta sumar eru ennþá bilaðar eftir veturinn og svo er mikil törn í heyskapnum. Þá er maður oft að vinna meira og minna allan sólarhringinn.“ *-öhö*



# Á drápsvél um bæinn

**Logsuðumaðurinn Marvin John Heemeyer vakti óskipta athygli í bandarískum fjölmiðlum árið 2004 þegar hann keyrði á heimatilbúinni brynvarðri jarðýtu á fjölmargar byggingar í heimabæ sínum Granby í Coloradoríki.**

Marvin Heemeyer var 53 ára og eigandi hljóðkútaverkstæðis. Hann hafði lengi staðið í erjum við skipulagsyfirvöld í bænum þar sem hann mótmælti harðlega byggingu steypuverksmiðju sem reist var beint á móti verkstæði hans og eyðilagði þar með öll viðskipti hans.

Heemeyer hafði greinilega litla trú á að skipulagsyfirvöld myndu breyta um stefnu og undirbjó hefndaraðgerð. Hann var laginn logsuðumaður og breytti Komatzu D335A jarðýtu í brynvarið drápstól.

Þann 4. júní árið 2004 fylltist mælirinn hjá Heemeyer. Hann steig um borð í jarðýtuna og keyrði á fullri ferð inn í ráðhús bæjarins og tólf aðrar byggingar í smábænum. Jarðýtan sem nefnist Bulldozer í Bandaríkjunum fékk gælunafnið Killdozer eftir þetta athæfi en nafnið er fengið úr smásögu Theodore Sturgeon frá árinu 1944 sem var síðar kvikmynduð.

Jarðýta Heemeyers var glettilega vel útbúin. Brynvörn var yfir stjórnhúsinu og vélinni sem gerðu ýtuna skothelda að nokkru leyti. Til að mynda höfðu þrjár sprengjur og tvö hundruð skot lítil áhrif á hana þar sem Heemeyer æddi um hverfið með lögregluna í eftirdragi. Á sumum stöðum var brynvörnin yfir 30 cm þykk. Til að sjá út var Killdozerinn útbúinn útbúinn vídeóvélum sem tengdar voru við skjái inni í stjórnklefanum. Heemeyer notaði viftur til að kæla loftið inni í nær loftþéttum klefanum. Þá hafði hann með sér mat og vatn og bjóst greinilega við langri setu inni í dimmri ýtunni. Hann hafði gengið þannig frá hleranum að nær ógerlegt var að opna hann. Það var því aldrei ætlun Heemeyer að koma nokkru sinni lifandi út úr jarðýtunni.


Brynvörnin var á sumum stöðum yfir 30 cm þykk.

Það var ekki fyrr en vatnskassinn bilaði að Killdozer stoppaði. Það var þá sem Heemeyer skaut sjálfan sig með riffli sem hann hafði komið með í þeim tilgangi. Þrátt fyrir mikið eignatjón slasaðist enginn utan Heemeyer sjálfur. Sögðu þeir sem urðu vitni að athæfinu að Heemeyer hefði til hins ýtrasta reynt að komast hjá því að keyra á fólk.

Sagan af Heemeyer vakti mikla athygli um öll Bandaríkin og sumir hafa álitið hann nokkurs konar þjóðarhetju sem stóð uppi í hárinu á skipulagsyfirvöldum. 19. apríl 2005 var ákveðið að taka Killdozer í sundur og selja hann í brotajárn. Hlutar jarðýtunnar voru sendir í mismunandi brotajárnsfyrirtæki til að koma í veg fyrir að aðdáendur Heemeyers gætu náð sér í minjagripi. *- sgi*

**● LBHÍ OG VÉLABORG SEMJA** Landbúnaðarháskóli Íslands og Vélaborg ehf. gerðu nýverið með sér samstarfssamning til fjögurra ára, eftir að búrekstrarsvið skólans óskaði eftir tilboðum í vélar og tæki. Frá því er greint á vef skólans að fjölmörg tilboð hafi borist. Samningurinn var undirritaður í janúarbyrjun og haft eftir Ágúst Sigurðssyni, rektor LbhÍ, á vef skólans að samningurinn félli afar vel að hugmyndum skólans varðandi orkusparnað og umhverfismál. „Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri búrekstrar, sagði að samningurinn væri afar mikilvægur þar sem Vélaborg ehf. mun útvega skólanum nýjar dráttarvélar á hverju vori næstu fjögur árin og ekki síður þar sem skólinn mun, vegna framangreinds samstarfssamnings, nú hafa nýja kennsludráttarvél til afnota á hverju hausti allt til ársloka 2010."

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**




ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*



# Jarðvegsborun hefur marga kosti

**Fyrirtækið Línuborun leggur leiðslur í jörðu og hefur á að skipa einum besta tækjakosti sem finnst til slíkra verka hér á landi.**

Hróar Björnsson er rekstrarstjóri og ráðgjafi hjá Línuborun. Hann segir þessa aðferð við að leggja leiðslur hafa gríðarlega marga kosti í för með sér.




**Hróar segir tvo menn geta borað og komið fyrir 300 metra löngu ídráttarröri á einum degi.** FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

„Við förum undir ár, vegi, vötn, byggingar og fleira og drögum leiðslur í gegnum jörðina. Það hefur náttúrlega heilmikla kosti að bora á þennan hátt í stað þess að grafa leiðslurnar niður," segir Hróar um línuborunina en fyrirtækið var það fyrsta hér á landi til að taka upp þessa tækni fyrir um sjö árum síðan.

„Það má segja að ein helsta sérstaða okkar sé stýranlegir jarðborar sem bora allt að 400 metra og draga rör til baka allt að 800 millimetrar í þvermál," segir Hróar og bætir því við að tveir menn geti borað og komið fyrir 300 metra löngu ídráttarröri á einum degi.

„Það er náttúrlega lágmarks jarðrask sem þessi aðferð hefur í för með sér auk þess sem litlar eða engar tafir verða á umferð," segir Hróar en bendir einnig á að það sé tímasparnaður að bora á þennan hátt í stað þess að grafa langa skurði. „Síðan er þetta mjög ódýr kostur fyrir þá sem þurfa að leggja leiðslur á annað borð. Grafnar eru holur sitt hvoru megin við og síðan borað í gegn og rörið dregið til baka," segir Hróar og bætir því við að þrátt fyrir að þetta sé mjög einfalt þá þurfi við þetta mikla nákvæmni sem starfsmenn Línuborunar hafa á að skipa.

*sigridurh@frettabladid.is*



**Línuborarnir draga leiðslur undir ár, vegi, vötn, byggingar og fleira án þess að valda mikill röskun á jarðvegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



**Holt við uppfinningu sína.**

● **BENJAMIN HOLT** was an bandarískur uppfinningamaður sem þróaði hönnun Richard Hornsby á fyrstu beltunum fyrir dráttarvél. Beltin eru notuð til að dreifa þunga landbúnaðarvélarinnar til að koma í veg fyrir að hún sökkvi í drullu.
Algengt vandamál var að vélar sykkju ofan í jarðveginn í sveitinni í kringum Stockton í Kaliforníu þar sem Holt bjó. Beltadráttarvélarnar gerðu bændum fært að rækta mun meira af landinu.
Holt stofnaði The Holt Manufacturing Company snemma á tuttugustu öldinni. Beltadráttarvélar voru taldar undanfari skriðdrekans. Eftir dauða Holts árið 1920 sameinaðist fyrirtæki hans C.L. Best Tractor og úr varð Caterpillar Tractor Co. sem í dag heitir Caterpillar Inc.
Gata í norðurhluta Stockton er nefnd Benjamin Holt Drive til heiðurs uppfinningamanninum.

## Keyptu Rollsinn í beltagröfum

Nýlega fékk Katla ehf í Dalvíkurbyggð afhenta Hydrema R1100 beltagröfu. Beltagrafa þessi mun vera sú fyrsta sem kemur til landsins frá þessum vinnuvélaframleiðanda.

Grafan er sögð vera 11 til 12 tonna flokki og „gríðalega vel útbúin, ein með öllu," segir á vef Véla og þjónustu. Grafan er með „fjölbómu, ýtutönn, rótortilti með staura/rörakló og vökvahraðtengi ofan og neðan við rótortiltið, sjálfvirkt smurkerfi fyrir alla vélina, hamarlögnum, fjórum skóflum" og meiru til segir á vefnum og áréttað að Hydreman sé „Rollsinn í þungavinnuvélum".



# Renault fjölhæfur

Fjölhæfir bílar frá Renault Midlum spanna allt frá 7,5 til 18 tonna heildarþunga og er fyrir vikið breiðasta línan sem komið hefur úr smiðju Renault Trucks. Midlum er nú kominn í nýrri útgáfu sem státar meðal annars af aflmeiri og sparneytnari vélum og endurhannaðri innréttingu.

Í grunninn er að sögn Bjarna Þ. Sigurðssonar, sölustjóra B&L atvinnubíla, um tvær nýjar vélar að ræða sem koma í stað annars vegar 4 lítra og hins vegar 6,2 lítra véla. Hann segir enn fremur að breytingarnar séu það miklar að tala mætti um kynslóðaskipti í þessu sambandi. „Stærri vélin er 6 strokka 7 lítra vél sem verður fáanleg bæði í 240 og 280 hestafla útgáfu. Þá er smærri vélin ekki síður athyglisverð, en þar erum við að tala um 4 strokka 5 lítra vél í 160, 190 eða 220 hestafla útgáfum, þar sem sú síðastnefnda togar 800 Nm við 1200-1700 snúninga. Það er mun meira tog en gamla 6 lítra vélin skilaði,“ segir Bjarni og bætir við að vélarnar séu þrátt fyrir þetta sparneytnari en áður.



Ný kynslóð Renault Midlum er komin til landsins.



Innviði Midlum hefur verið endurhannað frá fyrri útgáfum.



Hafsteinn segir að fyrirtækið hafi orðið til í kringum boranirnar en hafi vaxið og dafnað og sinni nú mörgu fleiru.

FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Borun getur sparað mikið jarðrask

**Hafsteinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Bormanna Íslands, segir oft mikla vinnu sparast með því að bora fyrir lögnum og línum.**

„Við erum aðallega í lögnum og borum með stýrðum jarðbor undir götur og garða,“ segir Hafsteinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Bormanna Íslands. „Við höfum jafnvel verið að bora undir hús og garða og aðra þá staði þar sem erfitt er að komast að með öðru móti. Þetta sparar mikla vinnu og jarðrask sem oft verður þegar verið er að koma einni lögn eða línu í hús.“ Hafsteinn segir mikið að gera við boranir en auk þess sjái þeir um alls konar jarðvinnu. „Við erum með hellulagnir, leggjum hita undir gangstéttir og erum í ýmiskonar garðavinnu. Á veturna erum við svo mikið í snjómokstri.“ Hafsteinn segir að þá sé mikið að gera við lagningu ljósleiðara í Reykjavík. „Við höfum verið að leggja ljósleiðara fyrir Orkuveituna, þetta er verkefni sem er stöðugt unnið að. Við erum bæði að grafa og bora til að koma ljósleiðurunum fyrir, eftir því hvað hentar betur. Megnið af okkar verkefnum er á höfuðborgarsvæðinu en þó höfum við farið með boranir víðar um land.

Fyrirtækið byrjaði fyrir tveimur árum en þar vinna nú sex manns. „Við byrjuðum með borinn, það var spennandi græja og svo hefur verkefnunum fjölgað jafnt og þétt og við tökum núna að okkur fjölbreytt verkefni,“ segir Hafsteinn. *- öhö*




## ● MARGIR KJÓSA AÐ LEIGJA GRÖFU

Gröfuleiga Hlöðvers á Álftanesi leigir gröfur og tæki til lagfæringa á görðum og aðrar stærri og smærri framkvæmdir. „Við leigjum út smágröfur, bæði hjólavélar og beltavélar, sem henta þeim sem vilja fara í framkvæmdir. Við leigjum aðallega á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Hlöðver Jóhannsson eigandi Gröfuleigu Hlöðvers. „Við vinnum fjórir hjá fyrirtækinu núna. Ég byrjaði með reksturinn fyrir 20 árum og var einn með þetta í fyrstu. Þegar verkefnunum tók að fjölgaði stækkaði ég við mig og réð starfsmenn,“ segir Hlöðver.

„Ég leigi alltaf gröfur með manni svo það hentar vel fyrir þá sem eru til dæmis að fara í stærri framkvæmdir við garða. Þá erum við mikið að vinna fyrir bæjarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum verið að setja upp leiktæki á leikvöllum og leikskólum, auk hellulagna og girðingavinnu. Þá erum við núna að vinna að frágangi á lóð Actavis í Hafnarfirði,“ segir Hlöðver. Hann segir nóg að gera hjá fyritækinu, enda sé fólk mikið að breyta og bæta í umhverfi sínu.


INTERPUMP
HÁÞRÝSTIÞVOTTADÆLUR
INTERPUMP GROUP
· Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
· 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
· Ein fasa og þriggja fasa
· Sjóþolnar og glussadrifnar
· Bensín drifnar
· Háþrýstislöngur og fittings
· Spíssar og framlengingar
· Hvirfilspíssar (túrbó)
TX
TSX
Blue Time
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
..::: http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is :::..


SKF
Kúlulegur
Keflalegur
Veltilegur
Rúllulegur
Flangslegur
Búkkalegur
VIT
S: 555 6006 • www.skf.is
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
..::: http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is :::..

# Sýning á laugardaginn
## opið laugardag frá 12.00 - 16.00

Sýnum um helgina fjölbreytt úrval af vélunum okkar, s.s. nýjustu vélarnar frá Hydrema, Rollsanum í vinnuvélum, Yuchai, Venieri, Hyster og McCormick. Gæði á góðu verði.

HYDREMA
Rollsinn í vinnuvélum.
Snörp, sterk og stöðug.
Gæði á góðu verði.







PIPAR • SÍA • 70220

**VÉLAR & ÞJÓNUSTA**

Járnhálsi 2, 110 Reykjavík - sími: 580 0200 - www.velar.is

KORNIÐ
HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
BAKARÍ

### Starfsfólk óskast!

**Kornið Hjallarbrekku 2. 200 Kópavogi óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í bakaríinu. Vinnutími frá 07.00 - 13.00. Hentar mjög vel eldra fólki.**
**- Borgartúni vantar helgarstarfsfólk.**
**Nánari uppl. í s. 864 1585.**
**Dagbjartur.**

### Café Bleu

**Óskum eftir að ráða gott starfsfólk í þjónustustörf og einnig vanan starfsmann í eldhús. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu.**
**Uppl. gefur Jón í s. 690 1074.**

**Café Bleu Kringlunni S. 588 0300.**

**Potrzebny mówiacy po Angielsku operator dzwigu typu. Liebherr 112,15-20 ton Wysokosc 40-50 metrów. Powinien posiadac uprawnienia I dokumenty na dzwig budawlany Duzo pracy i dobre wynagrodzenie**
**Informacje pod numerem Telefonu: Sæmundur í síma 8930847 lub Baldur í síma 8933847**

SUBWAY

### Kvöld og helgarvinna

**Subway Kringlunni, vantar fólk í kvöld og helgarvinnu.. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Helga í sima 696-7014.**

### Regnboginn Leikskóli

**Vegna fæðingarorlofs er laus 100% staða frá og með 15. febrúar eða 1. mars n.k. Viðkomandi þarf að vera traustur, stundvís og góður í samskiptum. Leikskólinn er staðsettur á Ártúnsholti.**
**Uppl. veitir undirrituð í s. 557 7071 og 899 2056 eftir kl. 14 á daginn. Einnig má óska e. viðtali á regnbogi@regnbogi.is**
**Leikskólastjóri**

### Veitingahúsið Nings Suðurlandsbraut

**Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig óskum við eftir dagmanneskju í hlutastarf.**
**Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8835 eða á www.nings.is**

### Leikskólinn 101

**Frá 1. apríl óskast matráður í lítin einkarekin leikskóla. Vinnutími 9-13.**
**Áhugasamir hafi samband við Huldu í s. 562 5101.**

### Húsasmiður óskast!

**Húsasmiður óskast, um er að ræða framtíðarvinnu. Góð laun fyrir rétta aðila.**
**Nánari uppl. í s. 898 2805.**

### Kokkarnir veisluþjónusta.

**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.**
**Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við.**
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.**
**Furðufiskar ehf**
**Fiskislóð 81a**
**101 Reykjavík**

### Cafe Conditori Copenhagen

**Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf á kaffihús okkar á Suðurlandsbraut og Kringlunni. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð.**
**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 897 3068.**

### Kringlukráin.

**Leitum að vönum starfsmanni í þjónustu. Fullt starf. Þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt. Rótgróið fyrirtæki. Lámarksaldur er 20 ár.**
**Umsóknir á staðnum og á www. kringlukrain.is**
**Upplýsingar um starfið veitir Shopus s. 893 2323.**

Björnsbakarí óskar eftir að ráða starfskraft. Vinnutími er frá kl: 13-18.30 daglega. Helga veitir frekari upplýsingar í síma: 699-5423

Pomoc domowa/darmowe zakwaterowanie Potrzebna uczciwa osoba do pomocy w domu. Sprzatanie, pranie, czasmi opieka nad dziecmi. Traktowac jako prace dodatkowa w zamian za zakwaterowanie w centrum Reykjaviku. oferty przesylac: helgi@lex.is, najlepiej po angielsku lub islandzku.

Starfskraftur óskast til aðstoðarstarfa við vöruaðgreiðslu verður að hafa bílpróf. Einnig óskum við eftir starfskrafti til aðgreiðslustarfa við kjötborð. Kjöthöllin. skipholti. 70. Sími 553 1270.

Óska eftir málara eða manni vönum sandsparsli og málingu. Uppl. í s. 660 3830.

## Atvinna óskast

### Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal

**í eftirtalin störf :**
**Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan.**
**Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

Óska eftir kvöldvinnu, ca 2-3 tíma. Þrif o.fl kemur til greina. Ekki símasölu. Guðrún, sími 844 9000.

2 smiðir óska eftir vinnu. Vanir gips, parketi o.fl. Vilja mikla vinnu. S. 848 4362.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.



STARFSMENNTARÁÐ



# Styrkir
## vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, sbr. Lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu

Starfsmenntaráð hvetur umsækjendur til að sækja um verkefni sem falla undir eftirfarandi áherslur:

1. Starfsþróun á vinnustað og nýliðaþjálfun
2. Kennsla í íslensku fyrir útlendinga í vinnustaðatengdu námi
3. Kennsla í verslunar- og ferðaþjónustugeiranum
4. Opinn flokkur

Forgangs við úthlutun njóta verkefni sem falla undir ofangreindar áherslur Starfsmenntaráðs. Að venju er ráðið samt reiðubúið að meta umsóknir um mikilvæg verkefni sem falla utan áherslna ráðsins.

Áhersla er lögð á að öll verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar. Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi á heimasíðu Starfsmenntaráðs.

**www.starfsmenntarad.is**

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs

## Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði

## NÁMSKEIÐ FYRIR DAGFORELDRA

Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði býður upp á námskeið fyrir dagforeldra skv. reglugerð félagsmálaráðuneytisins. Námskeiðið hefst 28. feb. og lýkur 4. apríl. Skráningar skulu berast Miðstöð símenntunar gegnum daggæslufulltrúa hvers sveitarfélags. Námskeiðið verður einnig í boði í fjarnámi. Frekari upplýsingar í síma 585-5860 eða hjá viðkomandi daggæslufulltrúum.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

### Háskóli Íslands, Háskólatorg.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Háskólatorgi, svæði sem er austan Suðurgötu.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að heimilt verði að byggja þrjár hæðir í stað tveggja milli Odda og Lögbergs, á reit Háskólatorgs 2. Hæð byggingarinnar verður svipuð Odda, ívið lægri en Lögbergs. Byggingarmagn eykst um 1.500 m². Þar sem stærstur hluti starfseminnar er fyrir á svæðinu er ekki gert ráð fyrir að fjölga bílastæðum vegna aukins byggingarmagns, en áfram er gert ráð fyrir samnýtingu bílastæða.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur.

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð í Hólmsheiði, Fjárborg og Almannadal.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að hámarkshæðir húsagerða A og B megi hækka um 30 cm., kvistir heimilaðir á húsagerð A, með takmörkunum, svalir og kvistir leyfðir á húsagerð B, háð skilmálum, hús af gerð A og B megi standa hlið við hlið enda samræmd í efnis- og litavali og litaval almennt er skilyrt í skilmálum. Ef hús eru steypt og einangruð að utan verður heimilt að láta útbrún steypu nema við byggingareit en einangrun og klæðning megi fara út fyrir hann sem nemur þykkt einangrunar og klæðningar. Að öðru leyti gilda áður samþykktir skilmálar fyrir svæðið.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 7. febr. 2007 til og með 21. mars 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 21. mars 2007.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 7. febr. 2007
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27- Sími 588 4477 - Fax 588 4479

www.valholl.is - Opið mánud. - föstud. 9-17
Lokað um helgar
Ingólfur G. Gissurarson lögg. fasteignasali.

Frum



Ingólfur Gissurarson lögg. fast.sali 896 5222
Bárður Tryggvason sölustjóri 896 5221
Þórarinn Friðgeirsson lögg. fast.sali 899 1882
Ellert Róbertsson sölumaður 893 4477
Magnús Gunnarsson sölustj. atvinnuh. 822 8242
Viggó Jörgensson lögg. fasteignasali.
Sigurður Jökull Ólafsson Ljósmyndari
Pétur Jóhannsson sölum. Snæfellsbæ. S 893 4718
Margrét Sigurgeirsdóttir ritari
Þóra Þorgeirsdóttir ritari
Guðrún Pétursdóttir skjalagerð

## YFIR 130 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!

## Ný einbýli í Kórahverfi m. tvöf. bílskúr.



Hamrakór 228 fm hús m. innbyggðum tvöf. bílsk. Húsin afh. fullbúin að utan m. grófjafnaði lóð og tilb.til innréttinga að innan og máluð í ljósum lit. Mjög gott verð og húsin eru til afhendingar mjög fljótlega. V. frá aðeins 45,6 millj. 4155

## Furugrund með aukaherb. í útleigu.



Í einkasölu mjög góð talsv. endurn. 3ja herb. íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli ásamt aukaherb. í kj. m. aðgangi að snyrtingu. Endurn. eldhús. Parket. Góðar svalir. Ágætt útsýni. V. 20,9 millj. 7479

## Hólmgarður mikið endurnýjuð.



Vorum að fá í einkasölu góða ca 82 fm íbúð á jarðhæð í góðu tvíbýli. Sér inngangur, parket og flísar á gólfum. V. 19,9m. 7395

## Fannahvarf - sérinng.



Í einkasölu ný stórglæsileg 112 fm éfri hæð með sérinngangi. Íbúðin er glæsilega innréttuð, mikið skápapláss, eikarparket, glæsilegt bað og eldhús, uppþvottavél og tvöfaldur ísskápur fylgja. Eign í sérfl. V. 30,9 m. 7476

## Kristnibraut - 4. hæð lyfta.



Í einkasölu glæsileg fullbúin 3ja herb. 102,2 fm á 4.hæð í þessu glæsilega lyftuhúsi. Parket, vandaðar innréttingar. Sérsjónvarpshol. Fallegt útsýni. Suðursvalir. V. 23,7 millj. 7337

## Laufrimi - laus strax.



Í einkasölu mjög góð og velskipul. 3ja herb. 84 fm íb. á 2. hæð í góðu fjölbýli. Góðar innréttingar, linoleumdúkur. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning. Mjög góð kaup. v. 17,9 millj. 7474

## Hamrakór glæsileg tengihús.



Glæsileg 255 fm raðhús/tengihús á frábærum stað í Kórahverfinu. Húsin afhendast fullbúin með vönd. innréttingum en án gólfefna. Upplýsingar á Valhöll 6860

## Neðstaleiti - raðhús



Í einkasölu 234 fm raðhús á 2. hæðum m . innb. bílskúr. Er í dag nýtt sem 2 íbúðir. Þarna eru miklir möguleikar, góður garður og glæsilegt útsýni. Húsið er byggt 1982. V. 48,0 m. 7396

### Eldri borgarar



**Grandavegur 47. Góð suðvestur íbúð f. 60 ára og eldri.** Í einkasölu velskipul. 66 fm 2ja herb. íb. á 5.hæð í eftirsóttu lyftuhúsi á fráb. stað í Vesturbæ. Þvottaherb. í íb., Mjög góðar suðvestur svalir með fallegu útsýni á Bláfjöll og Reykjanes. Húsvörður, heitur pottur, sauna, samkomusalur og fl. Laus strax. Verð 18,8 millj. 7358



**Skúlagata 40 m. bílsk. f. 50 ára og eldri.** Í einkasölu falleg 99,5 fm íb. á 7. h. m. glæsil. útsýni til suðurs ásamt stæði í góðu bílskýli/bílskúr og mikilli sameign. Parket. Suðursv. Laus fljótl. V.29,9 m. 6996

### Stærri eignir



**Krókabyggð - glæsil. einbýlishús.** Glæsil. einbýlish. á einni h. ásamt tvöf. bílskúr, samt. 230,8 fm. Þar af 47,1 fm bílsk. Rúmg.stofa. Vand. innrétt. Glæsil. baðherb. 3-4 svefnherb. Glæsil. verðlaunagarður. Einstakl. velstaðs. hús. 7272



**Austurgerði - glæsil. einb. m. 2 aukaíb.** Glæsil. 333 fm einb. á 2. h. og innb. bílsk. Húsið er sérl. velskipul, glæsil. stofur, nýtt eldhús og gólfefni. Tvær 2ja herb. aukaib. m. sérinng. eru á jarðh. V.69 millj. 6963



**Skógarhæð - glæsil. hús** Í einkasölu glæsil. 190 fm hús á 1 h. Glæsil. verðlaunagarður. Gatan var kosin fallegasta gata Garðabæjar 2002. 4 svefnherb. Vand. innrétt. Falleg eign á fráb. stað. Stutt í bæði grunnskóla og framhaldsskóla. V. 61,0 m 7218



**Nýl. glæsilegt fullb. hús í Skjólsölum.** I einkasölu nýl. 205 m2 raðhús á 2.hæðum á frábærum útsýnisstað rétt við mjög góða þjónustu. Vand. innréttingar og gólfefni. Innb. 26 fm bílskúr. Fullbúið hús. Stórar svalir í suður og stór afgirt timburverönd. V. 53,5 millj. Bein sala eða skipti mögul. á eign allt að 20 millj. 7382



**Bakkastaðir á einni hæð.** Í einkasölu mjög gott 180 fm raðh. á einni h. m. góðum innb. bílsk. m. góðri lofthæð. Parket og flísar.Gott velstaðs. hús rétt hjá t.d. skóla,leikskóla og golfvelli. V. 44,9. m. 7258



**Furuás Garðabæ** Glæsil. 250 fm. einb á einum besta stað í Ásahverfinu. Innb. bílsk. glæsil. 50 fm. stofur sérsm. innrétt. Fallegur garður í hásuður með stórum sólpalli. Eign í sérfl. 7266



**Litlihjalli - tvær íbúðir.** Gott ca 240 fm endaraðh. á tveimur hæðum. Innb. bílskúr. Góðar stofur, suður svalir, þrjú svefnherb. í stærri íb. Sér 2ja herb. íb. á jarðh. V. 44,9 m. 7260



**Skrúðás - Garðabæ** Í einkasölu fallegt nýlegt 230 fm einbýlishús á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað. 4 góð svefnherb. Innb. 37 fm bílskúr. Fallegur garður með timburverönd og heitum potti. Frágengið bílaplan og stéttar. Verð tilboð. 7193



**Fannafold.- 160 fm raðh.** Í einkasölu gott vel skipulagt ca 160 fm raðhús á tveimur hæðum. Innb. góður bílskúr. Fjögur svefnherbergi, góður fallegur garður,parket á flestum gólfum. V. 39,9 m. 6874



**Gnípuheiði - glæsilegt einbýli.** Glæsil. 250 fm einbýlish. á einst. útsýnisstað. Húsið er á 2. hæðum með mögul. á 2ja herb. séríbúð á jarðhæð. Glæsilegar stofur massívt parket. Stórar suðursvalir. Eign á einstökum stað. Verð 71,0 millj. 4045 4045

**Miðhús. skipti á minna.** Vorum að fá í einkasölu glæsilegt 271,3 fm einbýli sem er með sér 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. Húsið er staðset á góðum útsýnistað. Möguleg skipti á minna sérbýli í Grafarvogi. 6808

**Strandvegur - glæsil. útsýni.** Stórglæsil.160 fm íb. á 3.h/efstu í nýl. vönd. húsi ásamt stæði í bílsk. íb. er glæsil. innrétt. m. vönd. sérsm. innrétt. glæsil. flísal. baðherb. Granít borðplötur. 7001

**Bragagata - einbýli** Mikið endurnýjað 80 fm hús ásamt 20 fm nýbyggðu sérhúsi sem er í dag sem nýtt sem stúdíóíbúð/vinnustofa, er í útleigu. Möguleiki er að byggja ofan á húsið. Glæsilegt baðherb., parket, 2 svefnherb. Frábær staðsetning í 101. Laust. V. 31,5 m. 4466

## Í smíðum.



**Nýjar glæsil. séríbúðir í Garðabæ.** Nýjar glæsil. sérib. í sjö 2ja h. húsum á þessum einstakl. góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullb. án gólfefna með vönd. innrétt. og flísal. glæsil baðherb. Mjög skemmtilega teiknuð hús. Lofthæð neðri hæða er 2,95 m og efri hæðar 2,6 m. Íbúðirnar eru frá 117 fm uppí 169 fm og fylgir stæði í bílskýli 22 af 30 íbúðum. Sérverönd fullfrág. fylgir íbúðum neðri hæða og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum íbúðanna. Lóð afh. fullfrág með öllum gróðri en án leiktækja. Byggingaraðili er Tré-mót ehf. 4271



**Krókavað - nýjar sérhæðir.** Erum með í einkasölu glæsilegar sérhæðir á frábærum stað í Norðlingaholtinu. Tvær neðri sérhæðir eftir 127,5 fm og ein efri hæð ásamt bílkúr. Afh. fullfrágengnar með vönduðum innréttingum en án gólfefna.
Til afhendingar fljótlega. Sérafgirt verönd með neðri hæðum og stór verönd ofan á bílskúr fylgir efri hæð. Verð neðri hæð 33,5 millj. Verð efri hæð 39,9 millj. 4414



**Goðakór - ný hús til afh. fljótl.** Glæsileg raðhús/einb. á frábærum útsýnisstað. Samt. 228 fm að stærð með innb. bílsk. Húsin afh. tilb. til innrétt. m grófj. lóð. Vönduð hús á einstaklega góðum stað. V. milli hús 48,0 m og endahús 49,0 millj. Uppl. á skrifstofu Valhallar eða á www.nybyggingar.is 7105



**Nýjar séríbúðir v.Langholtsveg.** 95-110 fm 3ja og 4ra herb. íbúðir í nýju glæsil. þríb.húsi sem er að rísa við Langholtsveg. Íb. afh. fullb. án gólfefna í vor m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Fráb. staðsetn. Uppl. á www.nybyggingar.is eða á Valhöll. 7321

**Þrastarhöfði 59 - glæsilegt nýtt einbýlishús á frábærum útsýnisstað við golfvöllin í Mosf.bæ.** Nýkomið í einkasölu 266 fm einbýli svo til innst í lokaðri götu á rólegum stað Húsið sem er hágæða sænskt timbureiningahús á steyptri plötu er til afh. í mars n.k. fullbúið að utan, lóð gróffjöfnuð og u.þ.b. tilbúið til innréttinga að innan eða skv. skilalýsingu í söluyfirliti og á www.nybyggingar.is (einbýli). Frábært skipulag. Húsið er aðallega á einni hæð en hluti á efri hæð. 4 rúmg. svefnherb. góðar stofur og allt extra vandað. Gott verð 48,5 millj. 7467

**Akraland - 1050 fm lóð.** Í einkasölu lóð á besta stað í Akralandi, allar upplýsingar veitir Bárður H Tryggvason. 7373

**Rauðavað 4ra herb. til afh. strax - Möguleg allt að 90 % lánakjör.** Í einkasölu ný glæsileg 119 fm 4ra herb. íb. á 2. h. Afh. fljótlega fullb.án gólfefna. Sérinng. af svölum. Stæði í fullb. glæsil. bílskýli fylgir eigninni. V. 26,9 millj. Verðið gerist varla betra en þetta ! **V. 26,9 m.** 3747

## Landsbyggðin



**Sandholt - laust strax.** Gott 230 fm einbýli á Ólafsvík. Húsið er á tveimur hæðum. Húsið er allt mikið endurnýjað og mjög vel staðsett. V. 22,5 m. 7281



**Silfurgata - Stykkishólmur.** Vorum að fá í einkasölu fína talsv. endurnýjaða íb. á miðhæð í velstaðs. húsi nál. höfninni og m. miklu útsýni. Nýl. eldhús, baðherb. gólfefni,þak og fl. V. 11,9 millj. Áhv. ca 8.m. íbúðal.sj. m. 4,15% vxt. 7451

## Sérhæðir og 5-6 herb.

**Maríubaugur - sér inngangur.** Vorum að fá glæsilega 120 fm íbúð á 2. hæð í mjög vel staðsettu þríbýli. Allar innréttingar og gólfefni eru mjög vönduð. Þvotthús í íbúð. Stórar suðursvalir, glæsilegt útsýni. V. 28,3 m áhv. góð lán ca 14,1 m. Íbúð er laus fljótlega. 7306

## 4ra-6 herb. íb.



**Bakkar - útsýnissíbúð.** Í einkasölu vönduð talsv. endurnýjuð 4ra herb. 94 fm íb. á 1. hæð í góðu fjölbýli. Parket. Nýl. eldhús, endurn. baðherb. Glæsilegt útsýni til suðvesturs. Góðar svalir. v.19,4 millj. 7400



**Rjúpufell - með garðskála.** Góð mikið endurnýjuð ca 110 fm íbúð á 1.hæð í góðri blokk, sér garður með góðri verönd. Parket á fletum gólfum. Íbúð er laus fljótlega. V. 19,2 m. 7389



**Stigahlíð - Glæsil.íbúð með miklu útsýni.** Vorum að fá í einkasölu glæsilega mikið endurnýjaða 4-5 herb. íbúð á 4.hæð(efstu) í fallegu fjölbýli ásamt stækkunarmögul. í risi. Nýl. eldhús, baðherb.,gólfefni, innihurðir o.fl. V. 25,7 millj. laus mjög fljótlega. 7449

**Lækjasmári - sérinng.** Glæsileg 4ra herb. íbúð, hæð og ris á besta stað í Smáranum ásamt stæði í bílskýli, nýlegt parket, 3 rúmgóð svefnherb. Nýstandsett og flísalagt baðherbergi, gott risloft sem væri hægt að nýta sem herbergi. V. 27,9 m. 1732



**Naustabryggja - með stæði í bílskýli.** Vorum að fá í einkasölu mjög góða 135,2 fm. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi. Vandaðar innréttinga, parket og flísar á öllum gólfum, þrennar svalir, þvottahús í íbúð. Snyrtileg sameign bæði úti og inni. Gott stæði í lokuðu bílskýli fylgir íbúð. V. 32,2 m. 7378



**Kleppsvegur - laus fljótlega.** Vorum að fá ca 85 fm 4ra herb. lítið niðurgrafin íbúð í góðri blokk. Nýtt gler, þvottahús í íbúð. V. 17,9 m. 7345



**Blikahöfði - Mosf.bæ** Í einkasölu mjög góð 115,8 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðri vel staðsettri blokk íbúð fylgir góður 30,9 fm bílskúr 7305



**Daggarvellir - 40 fm suðurverönd.** Ný glæsileg 4ra herb. íbúð á 1 hæð. Sérinngangur. Parket. Vandaðar innréttingar. Stutt í skóla, leikskóla og Íþróttasvæði Hauka. V. 21,8 m. 7327



**Sæviðarsund - fráb. staðs.** Í einkasölu góð vel skipul. ca 95 fm efri h. í mjög velstaðs. fjórb. Stórar suðursv. Parket og flísar á gólfum. V. 22,3 m. 6977



**Þorláksgeisli - m. bílskúr - Tilboð óskast:** Í einkasölu glæsil. fullb. íb. á 2. h. (jarðh. að ofanv) í flottu litlu fjölb. Sérinng. af svölum. Vandaðar innrétt. Parket, sérþvottah, Mjög góður 27,7 fm bílskúr. V. 29,5 millj. eða/tilboð ! Áhvílandi lán við Landsb. m. 4,15% vöxtum getur fylgt allt að 16 m. 6815

**Laufengi - bílskýli** Falleg íbúð á 2 h. m. sérinngangi og stæði í opnu bílskýli. 3 svefnherb. Vestursvalir. Vel skipulögð og umgengin íbúð. V. 19,8 m. 7438

**Laufengi - Grafarvogur** Nýkomin í einkasölu falleg 4ra herb. endaíb. á 3. h. í fallegu nýl. gegnumt. fjölb. 3 góð svefnherb. Flísal. baðherb. Fráb. staðsetn. V. 20,9 m. 7165

**Þórðarsveigur - með bílskýli.** Vorum að fá í einkasölu góða vel skipulagða 125,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sér inngangi. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Parket og flísar á öllum gólfum, suðursvalir. V. 31,9 áhv ca 21 miljón í góðum lánum. 7273

## 3ja herb. íbúðir.



**Fífulind - Kópav. Nýleg falleg íbúð.** Nýkomin í einkasölu glæsileg rúmgóð 93 fm 3ja herb. íb. á 2.hæð í góðu nýl. fjölb. Sérinngandur af svalagangi, vandaðar innréttingar, parket, sérþvottaherb. í íbúð, flísalagðar suðv.svalir. Örstutt í alla þjónustu, skóla, sund, Smáralind og fl. Verð 22,7 m./ tilboð. 7215



**Núpalind - m. . stæði í bílskýli.** Mjög góð velstaðs. ca 100 fm 3ja herb. íb. á 4.h. í kl. fjölb. Góðar suðv.svalir, glæsil. útsýni. Innb. bílskýli Öll sameign til fyrirm. bæði úti og inni. Mjög gott aðgengi fyrir hjólastóla í húsi. Laus strax. V. 25,9 m. 7206



**Lyngmóar - m. bílskúr** Glæsil. 89 fm íb. á 3. h. ásamt 17,6 fm bílsk. í glæsil. fjölb í Garðab. Nýl. baðherb. Hús ný klætt að utan. Yfirb. svalir. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu. V. 20,9 m. 7118

**Álftamýri - góð íb. á 3.hæð** Falleg velskipul. ca 75 fm íb. á 3. hæð í viðgerðu fráb. velstaðs. húsi. Nýl. innrétt. í eldhúsi. Mjög góð sameign. Góðar svalir. Endi fjær kringlumýrabraut. Viðgert hús. V.17,7 7289

**Lautasmári - lyftuhús - afh. strax** Í einkasölu falleg velumgengin 3ja herb. íb á 3. hæð í vönduðu lyftuhúsi rétt við mikla og góða þjónustu. Suðv.svalir. Parket. Flísalagt baðherb. Maghoný innrétt. Mjög góð sameign. V. 20,8 m. 2779

**Njálsgata - mikið endurnýjuð** Góð vel skipul. ca 75 fm 3ja herb. íb. á 2.h. í góðu velstaðs. húsi. Vestursvalir. Íbúð er laus fljótl. V. 16,5 m. 7064

**Austurberg - m. bílskúr - frábært verð** Falleg 81 fm íb. á 2. h. með góðum bílskúr. Nýtt fallegt eldh. Parket. Stórar suðursv. V. 17,9 m. 6970

**Gvendargeisli- stórglæsil. íbúð.** Stórglæsil. 130 fm íb. á 2.h. m. sérinng. St. í bílsk. Allt sér. Parket. Gott þvottah. Glæsil. eldh. og baðherb. Stórar suðursv. V. 28,9 m. 6932

**Álfkonuhvarf. - Sérinng. - bílskýli.** Vönduð ca 100 fm íb. m. sérinng. af svölum. Suðursv. Gott stæði í lok. bílsk. fylgir. V. 24,9 m. 4584

## 2ja herb.íbúðir.

**Vantar strax 2ja herbergja íbúðir.** Mikil eftirspurn hefur verið og mjög góð sala í 2ja herbergja íbúðum því vantar okkur allar tegundir 2ja herbergja íbúða á söluskrá okkar Hafið samband við sölumenn !



**Akranes - nýjar íb. í lyftuhúsi.** Í einkasölu glæsilegar nýjar íbúðir í lyftuhúsi bæði með og án bílskýlis. Húsið afh. fullb. án gólfefna og lóð og bílastæði fullbúið. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. 7401



**Seilugrandi - með bílskýli** Vorum að fá í einkasölu góða mikið endurnýjaða ca 70 fm 2ja herbergja íbúð á 3.hæð með sér inngangi af svölum. Íbúð fylgir gott stæði í lokuðu bílskýli. Íbúð er laus og til afhendingar við kaupsamning. V. 17,8 m. 7131

**Miðvangur - Hafnarfirði** Vorum að fá í einkasölu ca 70 fm íbúð á 4.hæð í vel staðsettri lyftublokk. Stórar svalir með góðu útsýni. Íbúð er laus fljótlega. V. 14,4 m. 7462

## Atvinnuhúsnæði.



**Höfðabakki** Til leigu, Samt 1620 fm. Létturiðnaðar / lager ca 460 fm. skrifstofur 1160 fm. Gott útiplan, góð aðkoma. Mögul er að leigja í heilu lagi eða þá að skipta upp í smærri rými. Hagstæð leiga Góð staðsetning, 2266



**Bæjalind Kóp.** Til leigu 200 fm. verslunarpláss á mjög góðum stað. Góð aðkoma, næg bílastæði. Laust nú þegar. 2236

Draumahús

www.draumahus.is

530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41




Þarftu að selja / gengur þér illa að selja?

Hafðu samband og nýttu þér trausta og góða þjónustu Draumahúsa!

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Frum

HÚSAKAUP
– farsæl miðlun fasteigna

FÉLAG FASTEIGNASALA



Jón Gretar Jónsson, framkvæmdastjóri
Guðrún Árnadóttir, viðskiptafræðingur, lögg. fasteignasali
Halldór I. Andrésson, lögg. fasteignasali
Albert Björn Lúðvígsson, sölumaður
Bára Traustadóttir, ritari
Valgerður Jónsdóttir, ritari
Inga María Ottósdóttir, skrifstofustjóri

**SÍMI 530 1500 • SUÐURLANDSBRAUT 52 • VIÐ FAXAFEN • WWW.HUSAKAUP.IS**

Frum

# MIKIL SALA - VANTAR ALLAR STÆRÐIR EIGNA Á SKRÁ

## HRAUNBÆR – ELDRI BORGARAR



Vel skipulögð 2ja herbergja, 69 fm, íbúð við Hraunbæinn í húsi fyrir eldri borgara. Öflugt félagslíf er í húsinu, húsvörður og góð sameiginleg rými. Íbúðinni fylgir góður sér garður á móti suðri. Íbúðin skiptist í forstofu, stórt baðherbergi, bjarta stofu með gluggum á þrjár hliðar, eldhús sem er stúkað frá stofunni, rúmgott svefnherbergi og geymslu. **Verð: 22,8 milljónir.**

## TJARNARBREKKA – GLÆSILEGT EINBÝLI Á EINNI HÆÐ



Stórglæsilegt og einstaklega vel staðsett 265 fm einbýlishús á einni hæð við Tjarnarbrekku á Álftanesi. Húsið verður afhent tilbúið til innréttinga, það er fullklárað að utan og milliveggir komnir upp en engar innréttingar eða gólfefni. Þetta gefur fólki kost á að innrétta húsið eftir eigin höfði. Jafnvel er möguleiki að koma fyrr inn í byggingarferlið meðan tækifæri gefst til. Alls eru 7 herbergi fyrirhuguð og þar af 4 svefnherbergi og 3 baðherbergi. Húsið er glæsilegt ásýndum og er sérstaklega vel staðsett með tilliti til samgangna og útsýnis en samt sem áður í mikilli nálægð við náttúruna. **Verð: 58 milljónir.**

## LÆKJASMÁRI - KÓPAVOGUR



Glæsileg 2ja herbergja 74 fm íbúð í einu af þessum eftirsóttu álkæddu húsum í hjarta Kópavogs. Íbúðin er á jarðhæð með fallegri afgirtri ca 30 fm verönd með vönduðum innréttingu og góðu aðgengi. Sér þvottahús í íbúð. Stutt er í alla þjónustu. **Verð: 17,9 milljónir.**

## 4RA HERBERGJA



**SÓLEYJARIMI** Glæsileg 3ja til 4ra herbergja 107 fm endaíbúð með sérinngangi, suðursvölum, vel staðsettu stæði í bílageymslu í nýju húsi á eftisóttum stað. Húsið er einagrað að utan og klætt með báraðri álkæðningu. Malbikuð bílastæði. Stutt í alla þjónustu. Verð: 27,3 milljónir.



**ÞÓRÐARSVEIGUR** Ný glæsileg 4ra herbergja, 114 fermetra, endaíbúð á efstu hæð í nýju húsi við Þórðarsveig í Reykjavík. Íbúðinni fylgir gott stæði í bílageymslu rétt við stigaganginn. Aukin lofthæð er í stofu ásamt stórum gluggum sem gefur íbúðinni skemmtilegt yfirbragð. Mikið útsýni er úr íbúðinni. Allar innréttingar og gólfefni eru samstæðar og nýtt eikarparket er á gólfum. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning. Verð 29,8 milljónir.

## 3JA HERBERGJA



**FROSTAFOLD** Rúmgóð 3ja herbergja, 85,2 fm, íbúð á 2. hæð í vel staðsettu húsi í Grafarvoginum. Íbúðin skiptist í 2 góð svefnherbergi, stofu, eldhús, sjónvarpskrók og baðherbergi. Stutt er í alla þjónusta, skóla og verslanir. Verð 21,5 milljónir.

## BLIKAHÖFÐI - MOSFELLSBÆ



Björt og falleg 4ra herbergja, 116 fm, endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðu fjölbýli. Íbúðinni fylgir 28 fm sérstæður bílskúr. Vel útbúin 40 fm verönd, afgirt, með sér afnotarétti er fyrir utan stofuna og stækkar því íbúðina til muna. Íbúðin er í rólegu og barnvænu hverfi þar sem stutt er í skóla, leikskóla, golfvöll og aðra þjónustu.

## KLAPPARSTÍGUR - MIÐBÆRINN



Mjög hlýleg og rúmgóð 110 fm íbúð á tveimur hæðum í miðborg Reykjavíkur. Íbúðin skiptist í tvær stofur, rúmgott eldhús og baðherbergi á neðri hæðinni og tvö herbergi og miðrými á efri hæðinni. Stórar norðvestursvalir og gert ráð fyrir mjög stórum suðursvölum skv. samþ. teikningum. **Verð: 26,9 milljónir.**

## TJARNARBREKKA – GLÆSILEGT EINBÝLI



Stórglæsilegt og einstaklega vel staðsett 295 fm einbýlishús við Tjarnarbrekku á Álftanesi. Húsið verður afhent tilbúið til innréttinga, það er fullklárað að utan og milliveggir komnir upp en engar innréttingar eða gólfefni. Þetta gefur fólki kost á að innrétta húsið eftir eigin höfði. Jafnvel er möguleiki að koma fyrr inn í byggingarferlið meðan tækifæri gefst til. Alls eru 8 herbergi fyrirhuguð og þar af 4 svefnherbergi og 3 baðherbergi. Húsið er glæsilegt ásýndum og er sérstaklega vel staðsett með tilliti til samgangna og útsýnis en samt sem áður í mikilli nálægð við náttúruna. **Verð: 62,9 milljónir.**

## Sérbýli



**HÆÐARGARÐUR** Mjög góð 4ra - 5 herbergja íbúð í þessum vinsæla íbúðaklasa við Hæðargarðinn. Íbúðin er á þremur pöllum og hefur sérinngang. Við innganginn er sér viðarverönd og síðan eru svalir út frá stofu. Glæsilegur verðlaunagarður er í miðjum klasanum. Arkitekt hússins er Vífill Magnússon. Verð 30,9 milljónir.



**SMÁRAFLÖT** Eitt af þessum eftirsóttu og einstaklega vel staðsettu einbýlishúsum neðst á Flötunum í Garðbæ. Umhverfis húsið er fallegur og skjólsæll garður í mikilli rækt með fjölbreyttum trjágróðri. Tvöfaldur bílskúr. Hiti er í stéttum og innkeyrslu að bílskúr. Húsið og bílskúrinn eru samtals 243 fm að stærð. Lóð hússins er mjög stór 1.224 fm og býður upp á mikla möguleika.



**BEYKIHLÍÐ** Mjög gott og vandað rúmlega 300 fm endaraðhús með sérstæðum bílskúr á einum eftirsóttasta stað á Höfuðborgarsvæðinu. Eignin er með 2 sjálfstæðum íbúðum en einnig má auðveldlega nýta húsið sem eina heild. Sérinngangar er í báðar íbúðir en einnig er innangengt á milli þeirra Húsið er mjög vel skipulagt með stórum stofum og rúmgóðum herbergjum.



**MARARGRUND** Mjög vandað og vel skipulagt 184 fm einbýli á tveimur hæðum ásamt 52 fm frístandandi bílskúr á góðum stað í Garðabæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi auk þess hefur verið innréttað herbergi í hluta bílskúrsins. Umhverfis húsið er mjög fallegur, skjólsæll garður með fjölbreyttum gróðri, skjólveggjum og timburveröndum. Aðkoma að húsinu er mjög góð með stóru hellulögðu bílaplani sem rúmar vel allt að fjóra bíla.



**HRÍSMÓAR** Mjög góð 3ja herbergja 101 fm íbúð ásamt 8 fm geymslu og 20 fm innbyggðum bílskúr í litlu fjölbýli á þessum eftirsótta stað í Garðabæ. Sér þvottahús og stórar flísalagðar svalir. Um er að ræða fallega íbúð í rólegu og barnvænum hverfi þar sem stutt er í skóla, leikskóla, íþróttir, verslanir og alla aðra þjónustu. Verð 25,5 milljónir.



**ÁLFKONUHVARF** Mjög falleg og björt 3ja herbergja 102 fm íbúð í góðu lyftuhúsi á þessum vinsæla stað. Íbúðin er rúmgóð og nýtist sérlega vel enda öll hin glæsilegast með vönduðum innréttingum og fallegum gólfefnum. Íbúðinni fylgir stæði bílageymslu og góð geymsla. Verð: 25,3 milljónir.



**ÁSVALLAGATA** LAUS STRAX. Mjög vel staðsett 3ja herbergja íbúð í einu vinsælasta hverfi Reykjavíkur vestan við gamla kirkjugarðinn. Skipulag íbúðarinnar er til fyrirmyndar og herbergjastærð góð. Íbúðin er á efstu hæð og talsvert undir súð og því heildarflatarmál gólfflatar talsvert meira en uppgefið er. Verð 17,8 milljónir.

## Atvinnuhúsnæði



**GRANDAGARÐUR** Til leigu er mjög gott verslunar- og atvinnuhúsnæði við Grandagarð í Reykjavík. Um er að ræða 120 fm húsnæði á jarðhæð þar sem er verslunar- og lagerhúsnæði. Hér er um að ræða sérlega hentugt hús með fjölbreytta nýtingarmöguleika.



**HAFNARSKEIÐ** Til sölu er rúmlega 3300 fm atvinnuhúsnæði við Hafnarskeið í Þorlákshöfn. Húsið skiptist í verksmiðjusal, mjölgeymslu og hráefnisgeymslur ásamt skrifstofum og aðstöðu fyrir starfsmenn. Húsið stendur á 7522 fm lóð við höfnina í Þorlákshöfn. Góð lofthæð er í flestum rýmum allt að 7,5 metrar ásamt háum innkeyrsluhurðum. Hér er um að ræða eign sem býður upp á fjölbreyta nýtingarmöguleika með góða tenginu við höfnina.



**SÍÐUMÚLI** Til leigu er mjög gott lager- og/eða geymsluhúsnæði við Síðmúla í Reykjavík. Um er að ræða ca 540 fm húsnæði sem stendur á baklóð hússins. Ágætar innkeyrsludyr eru á húsnæðinu en því er í dag skipt upp í nokkur rými. Með einföldum hætti má gera breytinar á skipulagi. Hér er á ferðinni hentugt geymsluhúsnæði með góða nýtingarmöguleika.



†

*Maðurinn minn, prófessor*

**Davíð Davíðsson**

lést á líknardeild LSH í Kópavogi, 4. febrúar. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ester Helgadóttir.**

---



†

*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, fósturfaðir og afi,*

**Jóhannes Martin Ólafsson**
(Olsen), Klapparhlíð 3, Mosfellsbæ,

verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju, fimmtudaginn 8. febrúar kl. 13.00.

**Unnur Finnbogadóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rannveig Jóhannesdóttir**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 9. febrúar kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Höfða.

**Sigurjón Hannesson** — **Guðlaug Bergþórsdóttir**
**Guðbjörg Fanney Hannesdóttir** — **Heiðar Jóhannsson**
**Þjóðbjörn Hannesson** — **Kristrún Líndal Gísladóttir**
**Guðríður Hannesdóttir** — **Jóhann Þóroddsson**
**Guðbjartur Hannesson** — **Sigrún Ásmundsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorsteinn Arnar Andrésson**
Bröttuhlíð 8, Mosfellsbæ,

verður jarðsunginn þann 7. febrúar kl. 13 í Fríkirkjunni í Reykjavík. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en bent er á minningarsjóð FAAS, Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Friðbjörg Óskarsdóttir**
**Lilja Þorsteinsdóttir** — **Snorri Árnason**
**Kristín Þorsteinsdóttir** — **Aðalsteinn Leví Pálmason**
**Alda Þorsteinsdóttir** — **Vignir Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Kolbrúnar Hafsteinsdóttur**

**Magnús Gunnar Baldvinsson**
**Tinna Ýr Ingólfsdóttir**
**Stefán Yngvi Finnbogason** — **Hólmfríður Árnadóttir**
**Leifur Stefánsson** — **Tone Marit Torgeirsdóttir**

---



Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


---

**ÞETTA GERÐIST: 7. FEBRÚAR 1904**

# *Bruninn mikli í Baltimore*

Á tveimur dögum í febrúarmánuði 1904 brunnu yfir 1.500 byggingar til kaldra kola í Baltimore-brunanum mikla. Eldsins varð fyrst vart rétt fyrir klukkan ellefu að morgni 7. febrúar, í byggingu John Hurst and Company. Sveitin sem svaraði útkallinu mætti reyksprengingu og varð slökkviliðsmönnum fljótt ljóst að liðsauka væri þörf til að ná tökum á eldinum. Sá liðsauki barst frá nærliggjandi sveitum og borgum, þar með talið Philadelphiu, New York og Atlantic City. Hann kom þó hins vegar ekki að eins góðum notum og ætla mætti, því slöngur utanaðkomandi slökkviliða pössuðu hvreinlega ekki á vatnshana í Baltimore. Slökkviliðsmenn reyndu í staðinn, en árangurslaust, að loka eldinn af með því að sprengja nærliggjandi hús.



**EFTIR BRUNANN** Eftir brunann í Baltimore í febrúar 1904 voru 35.000 manns án atvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/NETIÐ

Þegar slökkviliðsmenn náðu loks tökum á eldinum að kvöldi 8. febrúar blöstu rústirnar við. Þær 1.526 byggingar sem urðu eldinum að bráð hýstu um 2.500 fyrirtæki, og eftir eldsvoðann voru því 35.000 manns atvinnulausir. Borgarstjóri Baltimore, Robert McLane, neitaði utanaðkomandi aðstoð við að byggja borgina upp á nýtt og sagði Baltimorebúa sjá sig um sjálfir. Uppbyggingin gekk svo vel fyrir sig að tveimur árum síðar gat dagblaðið Baltimore-American lýst því yfir að Baltimore hefði risið úr öskustónni.

## MERKISATBURÐIR

**1942** Húsmæðraskóli Reykjavíkur tekur til starfa.
**1964** Bítlarnir koma til Bandaríkjanna í fyrsta sinn.
**1974** Grenada fær sjálfstæði frá Bretum.
**1974** Concorde-þota lendir í fyrsta sinn á Keflavíkurflugvelli.
**1992** Leiðtogar tólf landa undirrita Maastricht-samkomulagið.
**1999** Hussein bin Talal Jórdaníukonungur andast.
**2000** Íslensku bókmenntaverðlaunin eru í fyrsta sinn veitt fyrir barnabók, Söguna af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason.

---

ÍVAR ÖRN SVERRISSON: ÞRÍTUGUR Í DAG

# Skelfilegt að verða átján

„Ég er eiginlega bara feginn, nú fer fólk kannski að taka mann alvarlega," segir Ívar Örn Sverrisson leikari um hvernig það leggst í hann að vera orðinn þrítugur.

Ívar var ekki búinn að skipuleggja neina afmælisveislu þegar Fréttablaðið sló á þráðinn. „Ég er í smá veseni. Ég bý í Reykjavík en er að vinna á Akureyri og er upptekinn allar helgar fram í mars. Mig langar hins vegar virkilega að halda upp á þessi tímamót þannig ég fresta þeim ábyggilega um mánuð." Hann fær auk þess grá-upplagt tækifæri til að halda tvisvar upp á daginn. „Ég hef kynnst svo mörgu skemmtilegu fólki fyrir norðan og verð ábyggilega að halda veislu þar líka." Ívar er þó ekki fjarri sínum nánustu á sjálfan afmælisdaginn. „Við erum að taka upp síðustu tíu þættina af Stundinni okkar og ég verð í Reykjavík fram á fimmtudag þannig ég verð í faðmi fjölskyldunnar í dag að minnsta kosti."

Ívari Erni finnst alltaf gaman að fagna þegar hann á afmæli en man hins vegar þá tíð þegar svo var ekki. „Þegar ég varð átján ára fannst mér ég orðinn ofboðslega gamall," segir hann og hlær. „Ég var hálf þunglyndur allan daginn. Mamma og pabbi gáfu mér lampa. Þetta var fyrsti húsmunurinn sem ég fékk í afmælisgjöf og mér fannst það skelfilegt! En ég jafnaði mig og hef fagnað öllum afmælum síðan."



**ÍVAR ÖRN SVERRISSON** Finnst gaman þegar hann á afmæli en fannst hann orðinn fjarskalega gamall þegar hann varð átján ára. FRÉTTABLAÐIÐ/

Leikarinn segist una hag sínum vel á Akureyri, þar sem hann leikur með Leikfélagi Akureyrar í sýningunni Svartur köttur, og segist farinn að venjast flakkinu sem því fylgir. „Það eru margir kostir við þetta, til dæmis lærir maður að nota tímann vel. Svo er líka auðvitað gaman að leika í skemmtilegri sýningu með skemmtilegu fólki."

bergsteinn@frettabladid.is

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Hámundur Valdimarsson**
fyrrverandi aðalvarðstjóri lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

**Gunnar Björn Gunnarsson** — **Sigríður Birna Björnsdóttir**
**Valdimar Ragnar Gunnarsson** — **Sjöfn Bjarghildur Eysteinsdóttir**
**Kolbrún Gunnarsdóttir** — **Birgir Bjarnason**
**Jóna Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**70 ára afmæli**

**Guðrún Ásta Björnsdóttir**

verður sjötíu ára 9. febrúar. Hún ætlar að taka á móti ættingjum og vinum á laugardaginn 10. febrúar í Hraunseli, Flatahrauni 3 í Hafnarfirði, kl. 4 til 8 e.h.

---




**LEGSTEINAR**

**TILBOÐSDAGAR**
**allt að 50% afsláttur**
af legsteinum og fylgihlutum

Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is


---

**Jæja! Þá er komið að því.**
**Kallinn að verða fimmtugur.**



Í tilefni af fimmtugsafmæli mínu laugardaginn 10. febrúar ætla ég að halda teiti í Fjörukránni frá kl. 20:00 - 23:00

Ég vænti þess að sjá alla mína góðu samferðarmenn í gegnum tíðina s.s. ættingja mína og vini, gamla félaga úr vesturbænum, bekkjarfélaga, félaga úr SH, Skátunum, JC, FH, Haukum, Lions, Sörla, veiðifélaga, pólitíska félaga (báðum megin), viðskiptavini mína í Marko-Merkjum og aðra velunnara mína.



Blóm og gjafir eru afþakkaðar, en í staðinn óska ég þess að vinir mínir, Guðjón Sigurðsson og hans yndislega fjölskylda, njóti þess. Þeir sem vilja leggja fjölskyldunni lið er bent á reikning Guðjón númer 0140-05-073781 kt. 020260-4839. Einnig verður söfnunarkassi á staðnum.

Veitingar í boði sem ekki fást ennþá á íslenskri grundu. (Spennandi) Hljómsveit á staðnum (kemur með einkaflugvél frá London). Ekki Duran Duran eða Elton. Ekki nógu "dýrir".

Hlakka til að sjá ykkur öll.
Kveðja,
Pétur Sigurgunnarsson

# Hvað er að frétta?




Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_

www.visir.is

vísir

Fyrstur með fréttirnar!




# STUÐ MILLI STRÍÐA Að burðast með sjálfan sig

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** FER EITTHVERT ANNAÐ



Á námsárum mínum vann ég fyrir mér og fjölskyldu minni með því að dæla bensíni. Þetta var vondur tími enda er Íslendingum í blóð borið að líta niður á fólk í þjónustustörfum og taka út á því alla þá gremju sem hleðst upp innra með þeim.

Fólk kemst upp með þetta í skjóli þess að það er „kúnnar“ og hefur því alltaf rétt fyrir sér. Þessi algalna og innantóma klisja sem gerilsneyddir markaðssérfræðingar hafa gert að heilagri ritningu með endalausri áherslu á „þjónustu“ er auðvitað stórhættuleg og fyrst og fremst til þess fallin að gera fólk að ósjálfbjarga aumingum. En það er auðveldara að stýra neyslu aumingja þannig að markaðsfræðilega gengur þetta óvandaða herbragð upp.

Eftirlætishótun fúlu kúnnanna minna þegar þeim var misboðið var „þá fer ég bara eitthvert annað“. Við félagarnir á bensínstöðinni tókum þetta nú aldrei sérstaklega hátíðlega og gátum einhvern veginn ekki gert okkur grein fyrir því hvernig brotthvarf einhvers nöldrara gæti rústað tilveru okkar. Báðum þetta lið oftast vel að lifa og gerðum því kurteislega grein fyrir því að við kveddum það síður en svo með tárum.

Andúð mín á fólki sem er alltaf að fara eitthvert annað þegar því misbýður eitthvað smávægilegt er svo djúpstæð eftir þetta að ég fer helst aldrei neitt. Síst af öllu „eitthvert annað“.

Ég hef líka verið þeirrar gæfu aðnjótandi að kunna yfirleitt afskaplega vel við mig þar sem ég hef haft slímusetur. Gallinn við þetta er hins vegar að þegar maður kemur sér of notalega fyrir og hættir að nenna að hreyfa sig staðnar maður og ég hef því ákveðið að fara eitthvert annað. Ólíkt gömlu kúnnunum mínum geng ég hins vegar sáttur frá borði enda er ekkert vit í öðru þar sem það breytir engu hvert maður fer, maður þarf alltaf að burðast með sjálfan sig.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Við færum þér landsleik Englendinga og Spánverja

515 6100 I SYN.IS I VODAFONE

Í KVÖLD KL. 19:50

# ENGLAND SPÁNN

## VINÁTTULANDSLEIKUR

ENGLAND



### FRAMUNDAN Í FEBRÚAR

Meistaradeildin
Barcelona - Liverpool
Lille - Man. Utd.
Real Madrid - Bayern München
Porto - Chelsea

Enski deildabikarinn
Úrslitaleikur
Chelsea - Arsenal

Enski bikarinn
Bolton - Arsenal
Man. Utd. - Reading
Chelsea - Norwich/Blackpool

Þýski handboltinn
Gummersbach - Wilhelmshaven
Lemgo - Kiel
Gummersbach - Flensburg

Spænski boltinn
Valencia - Barcelona
Barcelona - Racing
Barcelona - Athletic Bilbao
Atl. Madrid - Real Madrid

sýn
besta sætið

! **kl. 15.03**
*Innlent leikið efni í útvarpi og sjónvarpi 1950-1970. Þáttaröð um leikið efni í útvarpi með endurflutningi verka frá þessu tímabili. 4. þáttur. Handrit og leikstjórn: Bjarni Jónsson leikritaskáld og leikhúsfræðingur. Þættina má líka heyra netvarpi Ríkisútvarpsins: www.ruv.is*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Franskt útvarp FM 89.0*

Radio France Internationale hóf útsendingar hér á landi í fyrsta sinn um síðustu helgi og útvarpar allan sólarhringinn og alla daga vikunnar á tíðninni FM89,0. Útsendingin er til eins árs í senn og nær yfir allt höfuðborgarsvæðið. Útvarpsrásin fer í loftið hérlendis samhliða hinni umfangsmiklu frönsku menningarhátíð, „Pourquoi-Pas? Franskt vor á Íslandi“, sem hefst 22. febrúar. (http://www.pourquoipas.is).



**FRANSKT ÚTVARP** Hljómsveitin Air heyrist væntanlega.

Radio France Internationale er frönsk opinber útvarpsrás rekin af utanríkisráðuneyti Frakklands sem útvarpar á um 20 mismunandi tungumálum. Fjöldi áheyrenda nemur 44 milljónum, þar af eru 25 milljónir í Afríku. Í Evrópu er fjöldi áheyrenda um 2 milljónir. Rásin er með 150 senda víða um heim og er í samstarfi við 340 mismunandi útvarpsrásir, sem útvarpa dagskrá RFI í heild sinni eða að hluta. Rásin flytur fréttir á hálftíma fresti með áherslur á alþjóðamál.

## > Ekki missa af…

Mein Kampf eftir Tabori í Borgarleikhúsinu.

Grár gamanleikur um ungan listamann í Vín.

Leikfélagið hefur bætt við tveimur aukasýningum, fimmtudaginn 15. feb. og laugardaginn 24. feb.



**BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON LEIKARI**

## Andrea í Mosó

Tónlistarfélag Mosfellsbæjar stendur á föstudag fyrir tónleikum með söngkonunni Andreu Gylfadóttur og Tríói Kjartans Valdemarssonar og verða þeir í Hlégarði kl. 21. Miðar eru seldir við innganginn. Þau ætla að flytja fjölbreytta dagskrá, djass, blús, þjóðlög og fleira. Kjartan Valdemarsson er fæddur og uppalinn Mosfellingur og því gaman að sjá hann við tónleikahald í sveitinni.



**ANDREA GYLFADÓTTIR**

## Þrefaldar skammir

Franska leikkonan og leikskáldið Yasmine Reza (Lífið þrisvar sinnum, Listaverkið) hefur vakið nokkra athygli nýlega fyrir yfirlýsingar sínar að hún muni fylgja öðrum forsetaframbjóðandanum, Nicholay Sarkozy, eftir í 100 daga í frönsku kosningunum. Sú yfirlýsing hennar bætti ekki úr harkalegum leikdómi í New York Times um leikrit hennar, Spánskt leikrit, sem leikarinn góðkunni John Turturro setti á svið í New York: þar eru verk hennar hædd og sögð vera yfirborðskenndir smámunir. Það bjargi ekki vondum leikurum þótt góðir leikarar skipi hvert hlutverk.



**YASMINE REZA**



**COLDPLAY** Chris Martin og félagar vinna með Brian Eno að næstu plötu sinni.

## Vinna með Brian Eno

Breska hljómsveitin Coldplay nýtur liðsinnis Brians Eno á næstu plötu sinni. Upptökustjórinn Eno er þekktastur fyrir að vinna með U2, Roxy Music og David Bowie og hyggst hann bæta enn einni rósinni í hnappagat sitt með því að vinna með risunum í Coldplay. „Ef maður getur talið Brian Eno á að vinna með sér hlýtur maður að vera að gera góða hluti,“ segir gítarleikarinn Jonny Buckland um samstarfið. Söngvarinn Chris Martin vildi hins vegar fátt segja, enda þykir einsýnt að yfirlýsingar frá honum geti haft áhrif á gengi hlutabréfa í plötufyrirtækinu EMI. „Það er aðeins of snemmt að tala um þetta,“ sagði Martin.

# Maður sem giftist konu með skegg

**Það er frumsýning í Óperunni á föstudagskvöldið og leikstjórinn og hans lið eru að komast á lygnan sjó: tæknin er að komast í lag og söngvararnir teknir að setjast í hlutverkin sín. Halldór E. Laxness er kominn heim til að koma Stravinsky á svið. Það er Flagari í framsókn – The Rake´s Progress – sem verður frumsýndur á föstudagskvöld og það er sextugasta verkefni Íslensku óperunnar.**



**LEIKHÚS** Halldór E. Laxness leikstjóri er enn utangarðs í stóru leikhúsunum þrátt fyrir að hann hafi sett athyglisverðar sýningar á svið í fimmtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ

Flagarinn var frumsýndur í Feneyjum 1951 og byggði Igor Stravinsky verkið á frægum litógrafíum eftir William Hogarth frá árunum 1733-1735 sem lýsa falli hins unga Tom Rakewell. Þær voru hluti af verkum Hogarths sem beindust að syndsamlegu og áhættusömu lífi í heimsborginni London og voru prent sem selt var mönnum til skemmtunar og viðvörunar um hættur gleðinnar.

Texti óperunnar er eftir hið þekkta breska ljóðskáld og Íslandsvin William H. Auden og félaga hans Chester Kallmann. Flagarinn hefur ekki verið fluttur fyrr hér á landi og hefur val óperustjórans sætt nokkrum deilum í dagblöðum.

**Frítt föruneyti**

Verkið tilheyrir svokölluðu nýklassísku tímabili á ferli tónskáldsins og er raunar eina verk hans sem kalla má óperu. Það hefur löngum verið vinsælt til sýninga sökum þess að þar eru bitastæð hlutverk fyrir söngvara sem geta leikið, hlutverkin eru nokkur og jöfn og sagan á við á öllum tímum.

Það er stefnt saman fríðu föruneyti í Ingólfsstrætið til að flytja verkið: söngliðið eru þau Gunnar Guðbjörnsson tenór, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Jóhann Smári Sævarsson bassi, Ágúst Ólafsson barítón, Sigríður Aðalsteinsdóttir mezzósópran, Ingveldur Ýr Jónsdóttir mezzósópran, Eyjólfur Eyjólfsson tenór. Það er Kurt Kopecky sem stjórnar 39 manna hljómsveit og 16 manna kór.

Leikmyndahönnuður er Axel Hallkell Jóhannesson en búninga Filippía Elísdóttir, Björn Bergsteinn Guðmundsson annast lýsingu.

**Ekkert feik**

Það er Halldór E. Laxness sem leikstýrir. Hann hefur jafnan komið heim frá París þar sem hann býr og starfar og sett hér verk á svið, einkum fyrir norðan og hjá óperunni. Hann hefur enn ekki orðið svo frægur að fá verkefni hjá Þjóðleikhúsinu og langt er síðan hann leikstýrði hjá LR. Hann er líkast til of hress fyrir leikhússtjórana: „Maður heldur áfram sínu frílans striti. Ég ætlaði nú að gera þetta allt mitt líf, ég er ekki flóttamaður frá Íslandi,“ segir Halldór. Hann hefur gaman af því að setja upp óperur, segir marga þó ekki skilja það form hér á landi: „Það er gaman því söngurinn er ekki hægt að feika, sama hvernig menn eru í laginu.“

**Rosalega frægur**

Verkið segir hann snúast um eilífa óskhyggju mannsins um endalausa velsæld og hamingju. Hann hafi sótt nokkra karikatúra til Ameríku um 1950 en sviðið í Gamla bíói vildi hann fylla af dóti. Segist vera búinn að fá hundleiða á sálarlausum minimalisma leikhússins sem alltaf sé að eltast við dansleikhúsið með tveimur stólum. Það sé orðið svo gamaldags. „Þetta er ekki heimur heldur show. Helvíti gott sjóv.“

Hann hafi viljað sjá í sýningunni hnökra, brot af áhugamennskunni, ekki hið fágaða yfirborð sem er tómt undir. „Þetta er kómískt, leikstíllinn er skemmtilegur og gripið í ýmsa stíla. Tónskáldið semur aríu eftir aríu og fer alltaf yfir strikið svo við gerum það bara líka: maður sem giftist konu með skegg bara til að láta bera á sér kallar á svolítið ýkt form. Það minnir á Jeff Koons sem giftist pornóstjörnu bara til þess að verða frægur.“

Flagarinn er frumsýndur á föstudag og verður sýningafjöldi takmarkaður. - pbb

# Nýjar fréttir af 12 tónabræðrum

Lárus í 12 tónum er bara heldur ánægður með lífið þessa dagana. Nýorðinn faðir að sínu þriðja barni og fyrirtæki þeirra félaganna dafnar vel: „Við erum í skýjunum yfir árangri okkar fólks á Íslensku tónlistarverðlaununum í síðustu viku. Þar áttum við fimm af sex bestu diskunum.“ Lárus segir 12 tóna vera í nokkrum breytingarfasa en búðir fyrirtækisins í Kaupmannahöfn og á Skólavörðuholtinu gangi báðar vel: „Við erum að færa til mannskap, við höfum verið hér níu til tíu menn en verðum núna fimm hér heima og fimm úti.“

12 tónar er útrásarfyrirtæki. Það er ekki bara að þeir reki verslun erlendis, heldur hafa þeir félagar Lárus og Jóhannes verið að vinna að stórum dreifingarsamningi við þýska aðila. „Það er eitt af stærstu sjálfstæðu dreifingarfyrirtækjunum í Þýskalandi og þessir samningar eru að komast í höfn. Samningurinn tryggir okkur og okkar fólki aðgang að öllum löndum Evrópu. Þetta er gríðarlega stórt verkefni fyrir okkur og útheimtir mikla vinnu þegar samningurinn er undirritaður. Við verðum að kynna listamenn okkar í mörgum löndum og munum halda sýningu – showcase – hér heima í vor þar sem við fljúgum hingað heim fjölda blaðamanna víðs vegar að úr Evrópu.“

Fyrirtækið er sem sagt að stækka: í katalóki 12 tóna eru nú yfir fimmtíu titlar. Lárus segir að þeir leggi áherslu á að bæta þjónustuna í búðinni og tryggja gott úrval. Skólavörðustígurinn tekur líka oft á sig býsna heimilislegan svip þegar gestir setjast í gamla sófasettið undir myndum af forsetum lýðveldisins og hlusta á tónlist úr öllum hornum heimsins.

Útgáfan er að skríða af stað eftir hátíðirnar: Ólöf Arnalds sendir frá sér langþráðan disk í þessum mánuði sem Kjartan í Sigur Rós pródúseraði; Steindór og Hilmar Örn eru að klára rímnadisk með strengjasveit úr Sinfóníunni, Johnny Sexual er að klára dansplötu. Og katalókurinn er lifandi: það er víða áhugi á diskum Brynhildar Guðjónsdóttur og stefnt á útgáfu á þeim báðum í Suður-Kóreu. Áhuga finna þeir líka víða í Evrópu. Þórir gefur út sína þriðju plötu á merki 12 tóna og undirbúningur er langt kominn fyrir fyrstu sólóplötu Víkings Heiðars sem verður tekin upp í Þýskalandi: „Það er búið að velja hljóðfærið og svona,“ segir Lárus. Það er ekki kastað til höndunum. Við munum gefa út tónlistina úr Legi eftir Hugleik. Hún er eftir Flís-drengina og kemur út um svipað leyti og frumsýningin verður. Svo erum við með nokkra unga listamenn sem eiga eftir að koma verulega á óvart.“

Og indípoppið sem hefur vaxið hjá fyrirtækinu: „Jakobínarína er að klára plötu í Wales þar sem Oasis hefur áður unnið. Þeir hafa farið víða um Bretland og spilað fullt. Diskurinn þeirra átti að koma út á Rough Trade en að öllum líkindum kemur hann á einum af stóru majoronum.“ Það er nóg að gera. Lárus ýtir gleraugunum upp á nefið og horfir út: „Það er svo margt í katalóknum okkar sem þarf að vinna meira í að koma á framfæri víðar. Það er bara vinna.“ - pbb



**TÓNLIST** Jóhannes Ágústsson og Lárus Jóhannesson, útgefendur og lífskúnstnerar í 12 tónum. FRÉTTABLAÐIÐ HEIÐA

# KJÓSUM

HÓTEL LOFTLEIÐIR
Í KVÖLD KL. 20



# UM FRAMTÍÐ ÍSLANDS!

Í KVÖLD

**Spennandi félagsfundur Framtíðarlandsins á Hótel Loftleiðum í kvöld kl. 20 þar sem rætt verður og kosið um hugsanlegt framboð félagsins til Alþingis.**

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum, en atkvæðisrétt hafa þeir sem eru nú þegar skráðir félagar í Framtíðarlandinu.*

Ekki verður af framboði nema fram komi stuðningur 2/3 fundarmanna.

**Bogomil Font leikur létta tóna**

* Þeir sem voru á félagaskrá 5. febrúar kl. 12:00

**VERUM VIRK**
**– MÆTUM OG HÖFUM ÁHRIF!**

**FRAMTÍÐARLANDIÐ**

AUSTURBÆR
Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Fös 9 feb. kl. 20
Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN
Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 / Fri 13. feb kl. 19 /
Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 / Sun 25 feb kl. 17 /
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress
Frumsýning sun. 9. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn: sun. 11. feb. - 3. sýn: fös. 16. feb
4. sýn: sun. 18. feb - 5. sýn: fös. 23. feb
6. sýn: sun. 25. feb - 7. sýn: fös. 2. mars
ALLAR SÝNINGAR HEFJAST KL. 20
KYNNING Í BOÐI VÍÓ KL. 19.15
Landsvirkjun
IGOR STRAVINSKY
Flagari í framsókn
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Fös 9/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Fim 1/3 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 10/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

MEIN KAMPF
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Fös 9/2 kl. 20
Sun 11/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 UPPS.
Sun 18/2 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 17/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 22:30 AUKASÝNING
Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Fim 8/3 kl. 21 UPPS.
Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 AUKASÝNING

DAGUR VONAR
Fös 9/2 kl 20 UPPS. Sun 11/2 kl. 20 UPPS.
Lau 17/2 kl. 20 UPPS. Sun 18/2 kl. 20 UPPS.
Fös 23/2 kl. 20 Sun 25/2 kl. 20
Lau 3/3 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin

LEIKHÚSSPJALL
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 11/2 kl. 14 Sun 18/2 kl. 14
Sun 25/2 kl. 14 Sun 4/3 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 8/2 kl. 20 UPPS. Fös 16/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Síðustu sýningar

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 11/2 kl. 13, 14, 15, Sun 18/2 kl. 13, 14,15
Sun 25/2 kl. 13,14,15, Sun 4/3 kl. 13,14, 15
Sun 11/3 kl.13, 14, 15, Sun 18/3 kl. 13, 14, 15
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15, Sun 1/4 kl. 13, 14, 15
Uppselt á allar sýningar í febrúar og mars
Sun 15/4 kl. 13 Sun 15/4 kl. 14
Sun 15/4 kl. 15 Sun 22/4 kl. 13
Sun 22/4 kl. 14 Sun 22/4 kl. 15
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Fös 23/2 kl. 20 FRUMS. Sun 25/2 kl. 20
Sun 4/3 kl. 20 Sun 11/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Fös. 9/2 uppselt, aukasýning 23/2.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 10/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 11/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau.17/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00, sun. 11/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 18/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00.
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3, fös. 2/3 og lau. 3/3. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 örfá sæti laus, 3. sýn. lau. 10/3 örfá sæti laus, 4. sýn. mið. 14/3 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 15/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 nokkur sæti laus.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í kvöld mið. 7/2 uppselt, lau. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 17/2 kl. 16:00 uppselt, þri. 20/2 uppselt, mið. 21/2 uppselt, lau. 24/2, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.
Kassinn kl. 20:00
SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Lau. 10/2 nokkur sæti laus, fös. 16/2.
Kúlan
PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 kl. 13.30 örfá sæti laus og kl. 15:00, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

# Baugur styrkir listafólk


**MENNINGARMÁL** Jóhannes Jónsson og Ingibjörg Pálmadóttir stóðu í ströngu við styrkveitingar á mánudag þegar Styrktarsjóður Baugs Group veitti síðari styrki sína fyrir árið 2005 sem auglýst var eftir síðla ársins í fyrra. Næsta úthlutun er í haust. Ásmundur Jónsson tekur við styrk fyrir hönd Sigur Rósar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síðla mánudags var úthlutað í þriðja sinn úr Styrktarsjóði Baugs-grúppunnar en sjóðurinn sem stofnað var til sumarið 2005 veitti þá styrki til ýmissa líknar- og velferðarmála auk menningar og listalífs. Það er Jóhannes Jónsson sem er formaður sjóðstjórnar, en með honum sitja þau í stjórninni Ingibjörg Pálmadóttir og Hreinn Loftsson.

Athygli vekur að í úthlutun vetrarins, en þær eru tvær á ári, eru aðilar úr listalífinu fyrirferðarmiklir. Hæsta styrkinn hlaut Gunnar Þórðarson tónskáld til að koma sínu verki, Brynjólfsmessunni, á disk, en verkið kom út skömmu fyrir hátíðir. Sagði Gunnar þá í viðtali hér í blaðinu að honum hefði reynst útgáfan fær vegna stuðnings sjóðsins sem nam 2,6 milljónum króna.

Baugur styrkir Grímuna, íslensku leiklistarverðlaunin, til tveggja ára með tveggja milljóna framlagi. Það styrkir einnig íslenska listahátíð í Manitoba og verkefnið Skáld í skólum en á þess vegum fara rithöfundar í skóla og kynna verk sín og mæta ungum lesendum. Það leggur fé til Kórastefnunnar á Mývatni og styrkir Kára Árnason til útgáfu disks til stuðnings Árna Ibsen sem varð fyrir alvarlegu heilsutjóni fyrir fáum árum. Sigur Rós fær tveggja milljóna króna styrk til að eftirvinna heimildamynd sína um ferðalagið um landið í sumar en hún er nú á lokastigi. Voces Thules er styrkt til að vinna verkið Sturlunga – ég sé eld yfir þér.

Ópera Skagafjarðar er nýtt fyrirtæki sem hyggst ráðast í sviðsetningu á óperu Verdi, La Traviata í Skagafirðinum og fær til þess styrk úr sjóðnum. Möguleikhúsið fær styrk til starfsemi sinnar fyrir börn, leikhópurinn Fjalakötturinn hyggst setja Heddu Gabler eftir Ibsen á svið. Myndirnar Roðlaust og beinlaust og Góðir gestir eru styrktar og einnig heimildamynd um heilabilun sem Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítalans vill koma í gang.

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er styrkt og lestrarhvetjandi verkefni á Akureyri á vegum Minjasafnsins þar fyrir börn á aldrinum 8 til 9 ára gömul. Elísabet Jökulsdóttir er styrkt til skrifa og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til útgáfu á tvítyngdri útgáfu á textum eftir Pálma Hannesson.

Alls veitti sjóðurinn styrki að upphæð kr. 56,5 milljónir og nutu mörg líknarfélög líka styrkja að þessu sinni.

Það skal tekið fram að hluthafar Baugs eru einnig hluthafar í 365 sem gefur út Fréttablaðið.

- pbb

# Listahátíðin í Björgvin


**LISTAHÁTÍÐIR** Bryn Terfel stórsöngvari.

Það verða eitt hundrað og sextíu dagskráratriði í boði á Listahátíðinni í Bergen í vor, en þar er dagskráin kynnt. Listahátíðin í Reykjavík kynnir sína dagskrá á föstudag. Trio Mediæval, Cullbergballettinn sem hingað hefur komið í tvígang, Mischa Maisky, frumsýning á verki eftir Jon Fosse, Brottnámið úr kvennabúrinu eftir Mozart, kammerópera um síðustu daga Griegs og ungversk uppfærsla á Pétri Gaut eru meðal þess sem er í boði.

Norsk sænska tríóið Trio Mediæval nýtur mikil álits fyrir flutning sinn á verkum úr ólíkum áttum: pólýfóníska miðaldatónlist frá Bretlandi og Frans, samtímatónlist og norrænar ballöður og söngva.

Finnar voru í sviðsljósinu í fyrra, en í ár verða það Danir. Listahátíðin í Bergen er tónlistarhátíð fyrst og fremst: Danska útvarpshljómsveitin sækir þá heim og flytur verk eftir Nielsen.

Aðrir þekktir gestir eru Bryn Terfel sem syngur dagskrá með lögum Franz Schubert, Roberts Schumann, Jaques Ibert og Geralds Finzi, og Mischa Maisky og eistneski Fílharmóníukórinn. Transiteatret-Bergen setur upp í fyrsta sinn verk Brechts, Die Massnahme, og hefur það ekki verið flutt fyrr á Norðurlöndum. Stjarna Noregs, Jon Fosse, á verkið Ég er vindurinn á dagskránni og er það frumflutningur. Tónskáld hátíðarinnar er Bent Sørensen og Carte Blanche & BIT20 Ensemble sýna dansverk við tónlist hans. Kirsuberjagarðurinn verður leikinn í sviðsetningu Yngve Sundvors. Þeir hafa þann sið Björgvinjarmenn að halda staðarskáld í fleiru en tónlist: ljóðskáld hátíðarinnar er Tone Hødnebø en myndlistarmaður Børre Sæthre.

Herlegheitin byrja 23. maí og standa til 5. júní.



Sýnt á NASA við Austurvöll
Miðasalan er opin alla virka daga frá kl. 13 - 16
í síma 511 1302 eða á NASA.is
4. sýning sunnudaginn 11. febrúar kl. 20
5. sýning sunnudaginn 18. febrúar kl. 20

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

# Hans J. Wegner er látinn

Einn virtasti húsgagnahönnuður Danmerkur, Hans J. Wegner, er látinn, 92 ára að aldri. Wegner var eitt af stóru nöfnunum í danskri húsgagnahönnun og var einkum þekktur fyrir stóla sína sem voru frábærlega byggðir og jafnfram byltingarkenndir í útliti. Hann var af iðnaðarmönnum kominn, fæddist í Tønder 2. apríl 1914, sonur skósmiðs. Hann fór í snikkaranám fjórtán ára gamall en komst síðar til náms í Kunsthåndværkerskolen í Höfn. Ásamt þeim Børge Mogensen og Finn Juhl stóð hann á bak við gullöldina í danskri húsgagnahönnun.



Frá 1940 vann Wegner með sama smíðafyrirtækinu, Johannes Hansen, og þar voru unnir þekktustu stólar hans, Stóllinn, Jakkahvílan, Páfuglastóllinn, Nautsstóllinn og Y-stóllinn.

Talið er að miklu hafi munað um útrás danskrar hönnunar þegar þeir Kennedy og Nixon háðu sjónvarpseinvígið fræga. Þá voru stólar eftir Wegner valdir undir þá sem kallaðir voru Runde, en fengu eftir það nafnið Stóllinn. Það opnaði danskri húsgagnaframleiðslu veg inn á stóran markað.

Húsgögn hans eru mörg til hér á landi, sum afargömul eintök, sem þessi misserin fara á háu verði á uppboðum í heimalandi höfundarins. - pbb

# Rafræn útgáfa

Félag íslenskra bókaútgefenda býður til morgunverðarfundar á föstudaginn þar sem litið verður yfir stöðu rafrænnar bókaútgáfu á Íslandi og rædd helstu úrlausnarefni og tækifæri á þeim vettvangi. Eins og kunnugt er hafa bókaútgefendur víða um lönd velt fyrir sér möguleikum á rafrænum útgáfum, að koma texta beint til lesenda sem verða þá að lesa af skjá eða prenta út sjálfir. Á fundinum verður þetta efni rætt: Rafræn útgáfa – hvernig fer hún fram?



KRISTJÁN B. JÓNASSON FORMAÐUR UTGEFENDAFÉLAGSINS

Tryggvi Jakobsson, útgáfustjóri Námsgagnastofnunar, gerir grein fyrir reynslu fyrirtækisins af rafrænni útgáfu.

Innskönnun og varðveisla - Ingibjörg Sverrisdóttir, sviðsstjóri varðveislusviðs Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns, fjallar um áform safnsins um stafræna endurgerð íslensks prentefnis og varðveislu rafrænna texta.

Að verja og selja rafbækur - Hildur Anna Hjartardóttir framkvæmdastjóri og Rúnar Oddur Rafnsson, stjórnarformaður Urðar ehf., fjalla um möguleika á verndun fyrir ólöglegri afritun og dreifingarmöguleika rafrænna bóka.

Nýting rafræns efnis – Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, fjallar um hvernig nýta má rafræna texta til rannsókna og kennslu. Eftir erindin verða umræður.

Fundurinn verður haldinn á Grand hóteli föstudaginn 9. febrúar nk. og hefst kl. 8.30. Fundarstjóri er Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Allir eru velkomnir og er hægt að staðfesta þátttöku fyrir 7. febrúar á baekur@simnet.is eða í síma 5118020.



NEVOLUTION

# Landsbyggðin rokkuð

Hljómsveitin Nevolution gerir víðreist um landið og heldur tónleika í sal Grunnskólans á Ísafirði í kvöld. Þar leikur sveitin ásamt hljómsveitinni Canora en meðlimir vestfirsku unglingahljómsveitarinnar Xenophobia munu hita upp lýðinn.

Sveitirnar tvær rúnta um héruð í samstarfi við útvarpsstöðina X-ið en félagarnir í Nevolution hafa áður svalað harðkjarnamúsíkþörf landsbyggðarfólks og eru því engir nýgræðingar á þjóðvegunum. Hljómsveitin Nevolution hefur aukinheldur skapað sér nafn í tónlistarsögunni með því að hita upp fyrir hina goðsagnakenndu sveit Iron Maiden sem lék í Egilshöll um árið.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 19 en dagskrá tónleikaferðalagsins verður auglýst nánar í viðburðadálki Fréttablaðsins.

# Dýrasta bókin

Ritverk sem kallað hefur verið dýrasta bók í heimi er nú til sýnis í Þýskalandi. Vefritið Deutsche Welle greinir frá því að bók þessi sé svo viðkvæm að almenningi gefst aðeins kostur á að sjá hana í sex vikur á ári. Bókin er frá 12. öld og geymir guðspjöllin fjögur í myndskreyttri og gullflúraðri útgáfu á 226 síðum. Ritið er kennt við prinsinn Hinrik sem ríkti í Saxlandi og Bæjaralandi á sínum tíma en hann lét gera bók þessa í kringum árið 1188 þegar nýtt altari – helgað Maríu mey – var afhjúpað í dómkirkjunni í Braunschweig.



Bókin var seld fyrir 16 milljónir evra á uppboði hjá Sotheby's í London árið 1983 en þá höfðu þýska ríkið ásamt ráðamönnum í Saxlandi og Bæjaralandi lagt á ráðin ásamt fleirum um að koma ritinu aftur til ættjarðarinnar. Enginn veit þó hver fékk þessar sextán milljónir en saga þessa gullinslegna guðræknirits er skrautleg mjög. Bókin hefur meðal annars ferðast til Prag og Hannover, haft viðkomu í Austurríki og eftir síðari heimsstyrjöld var reynt að selja hana sjálfum Englandskonungi en hann hafði ekki áhuga.

Gersemin er nú varðveitt í Herzog August bókasafninu í Wolfenbüttel, skammt frá borginni Braunschweig í neðra Saxlandi. Hún verður til sýnis fram að 18. mars.











# Sökuð um rasisma

Enn eitt sláandi myndband með Paris Hilton í aðalhlutverki hefur birst á netinu, en það er þó annars eðlis en myndböndin sem vakið hafa hvað mesta athygli á hótelerfingjanum. Þetta sýnir systurnar Paris og Nicky Hilton þar sem þær tala niðrandi um gesti í einhverri af þeim ótal veislum sem þær hafa heiðrað með nærveru sinni undanfarin ár.

Systurnar nota niðrandi orð um samkynhneigðan félaga sinn og í lok myndbandsins lætur Paris n-orðið falla af vörum sínum.

Formaður GLAAD, samtaka samkynhneigðra, Neil G. Guiliano, er að vonum ekki sáttur við framferði systranna. Hann fer fram á að Paris biðjist opinberlega afsökunar.

Talsmaður hótelprinsessunnar sagðist ekki ætla að reyna að neita að atvikið hefði átt sér stað, en sagði Paris sjá eftir því. Hann benti á að allir hefðu einhvern tíma iðrast orða



**IÐRAST ORÐA SINNA** Talsmaður hótelerfingjans segir Paris Hilton iðrast þess að hafa notað niðrandi orð um samkynhneigða og blökkumenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MINA RAKASTAN SINUA ELVIS** Flytur lög sem Elvis gerði fræg en enginn er betur til þess fallinn að koma góðu til leiðar en einmitt Elvis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Elvis Presley til bjargar barnsföður Diddu

**Ábreiðusveit flytur öll bestu lög Elvis Presley á tónleikum annað kvöld. Tónleikarnir eru haldnir til að safna fé til að leysa barnsföður skáldkonunnar Diddu úr fangelsi.**

„Barnsfaðir hennar Diddu situr bak við lás og slá úti á Jamaicu. Og við ætlum að safna peningum til að leysa hann út,“ segir Kormákur Geirharðsson trymbill.

Sérstakir Elvis-tónleikar verða haldnir að kvöldi fimmtudags í vertshúsinu Doma við Þingholtsstræti. Ábreiðusveitin Mina Rakastan Sinua Elvis, sem er finnska og þýðir: Ég elska þig Elvis, mun leika hátt í tuttugu lög sem Elvis Presley gerði fræg á sínum tíma. Fyrir fer skáldkonan Didda. Aðrir í Mina Rakastan Sinua Elvis eru Kormákur, Riina Finnsdóttir, Ari Eldon og Þór Eldon.

„Enginn segir nei við Diddu,“ segir Ari en fyrir tveimur árum tók hljómsveitin fyrir Bessie Smith og gerði þá disk í leiðinni.

„Allt var gert til að afla fjár til ákveðins verkefnis. Þá var Didda að fara út. Hún kemur alltaf með góðar hugmyndir. Elvis er alveg rakinn.“

Ari fellst fúslega á að þessi hópur, sem sprettur kannski einkum upp úr pönki, sé óvæntur flytjandi tónlistar sem Elvis söng. En segir að þegar menn spila tónlist sem þeir hafi ekki snert á áður en þekki finnist annar flötur á henni: „Það hefur gengið vel að ná sambandi við þessa tónlist. Þetta er meira en endurflutningur á henni.”

Didda er forsöngvari og tekur í sama streng. „Elvis er bestur. Þetta er ekki að ég sé að stæla hann eða herma eftir honum heldur þakka honum innilega fyrir skemmtunina og stuðninginn í gegnum allt.“

Didda segir nafn hljómsveitarinnar hljóma nánast sem blótsyrði. „Farðu til andskotans.“ En merkingin er hins vegar þveröfug. „Og Finnar taka sér helst ekki þessi orð í munn. Verða skrítnir þegar það er gert.“

Tilgangur tónleikanna er að koma pabba sonar Diddu til bjargar. En ekki hennar manni að sögn skáldkonunnar. Það er aðalatriðið og þetta er afbragðs aðferð til þess. Didda á ekki hönk upp á bakið á honum eða hann henni þegar svo margir koma að málum.

„Ég er búin að vera að vandræðast með þetta. Hvernig í ósköpunum ég get hjálpað honum án þess að vera komin í einhverja sérkennilega stöðu? Nóg er að eiga með honum barn og sjá um uppeldið þó maður sé ekki sykurmamma líka. En þetta snýst um vináttuna og Elvis. Sem var vinur vina sinna.

Ágóðinn fer í að aðstoða mann við að borga sekt til að losa hann úr fangelsi í Jamaica. Þar sem hann hefur verið í eitt ár. Og á ekki fyrir sektinni. Ég veit að enginn vildi hafa pabba sinn í fangelsi ef nokkur leið er að hjálpa honum út.“

jakob@frettabladid.is

# Fleiri kærur á Doherty

Enn hefur bæst á langan afbrotalista rokkarans Pete Doherty, en honum var tilkynnt í vikubyrjun að hann þyrfti að mæta fyrir dómara vegna umferðarlagabrota. Pete, sem er 27 ára gamall, hefur verið kærður fyrir ýmis slík brot, þar á meðal að vera ekki með ökuskírteini og vera ekki tryggður.

Pete var stöðvaður í nóvember á síðasta ári á Jagúarbifreið sinni eftir að lögreglumenn töldu ökulag hans grunsamlegt. Tveir menn sem voru með Doherty í bílnum voru í kjölfarið ákærðir fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum en söngvarinn slapp við eiturlyfjakærur að þessu sinni.

Þessi afbrot eru aðeins smávægileg viðbót við fjölda handtaka og ákæra sem Doherty hefur mátt sæta síðustu misserin vegna eiturlyfja- og áfengisneyslu sinnar. Síðasta vika var viðburðarík hjá söngvaranum því þá birtust myndir af honum í fjölmiðlum þar sem hann var að neyta kókaíns. Þá birtist enn ein fréttin um að kærastan Kate Moss hefði látið Pete róa.



**ENN EIN ÁKÆRAN** Pete Doherty er enn á leið í réttarsal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÓSÁTT** Kate Moss er búin að sparka Pete Doherty. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**HÆTTUR AÐ REYKJA** Ben Affleck fékk nóg af sígarettum við tökur á síðustu kvikmynd sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Affleck hættur að reykja

Ben Affleck hætti að reykja eftir að hann lék í nýjustu mynd sinni, Smokin‘ Aces. Í myndinni leikur hann mann sem vinnur við að leysa fólk út úr fangelsi gegn tryggingu. Sá er keðjureykingamaður og segist Affleck hafa fengið nóg af sígarettum í kjölfarið. „Ég reykti svona fimm pakka á dag meðan á tökum stóð. Eftir það fékk ég bara nóg, mig langaði ekki í fleiri sígarettur og hætti,“ segir hinn 34 ára gamli Affleck.

# Tilbúin að elska á ný



**SIENNA** Komin yfir Jude Law og leitar að nýjum manni.

Breska leikkonan Sienna Miller segist vera komin yfir skilnaðinn við Jude Law og leitar nú að ástinni. „Ég er tilbúin fyrir ástina á ný, þó ég hafi ekki enn leyst úr öllum flækjunum. Þó það sé erfitt að vera ástfangin er það samt það yndislegasta sem lífið býður upp á,“ segir hún.



**STOLT MAMMA** Katie Holmes vill eignast fleiri börn með Tom Cruise. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Katie vill fleiri börn

Leikkonan Katie Holmes segist vilja eignast fleiri börn með eiginmanni sínum Tom Cruise. Katie, sem er 28 ára, leið afar vel á meðgöngunni, fann til að mynda aldrei fyrir morgunógleði, og segir það eiga stóran þátt í að hún vilji eignast fleiri börn. Eins og kunnugt er eignaðist Katie dótturina Suri í apríl á síðasta ári. „Ég var svo stolt yfir því að eignast barn og spennt. Við þetta fannst mér ég líka tengjast öðrum konum sterkari böndum, sér í lagi systrum mínum og mömmu,“ segir hún.

# Erfitt þegar Nick byrjaði með nýrri

Brjóstgóða bomban Jessica Simpson segist hafa fengið sting í hjartað þegar fyrrverandi eiginmaður hennar, Nick Lachey, byrjaði með MTV-stjörnunni Vanessu Minnillo. „Auðvitað, hann fór strax á stúfana aðeins þremur vikum seinna og það fékk mjög mikið á mig,“ sagði Simpson en stórt viðtal birtist við hana í nýjasta hefti Elle.

Þar gerir ljóskan upp árin með Lachey en þau leyfðu MTV að fylgjast með hveitbrauðsdögunum sínum í raunveruleikaþættinum Newlyweds: Nick & Jessica. Simpson upplýsir jafnframt að kvikmyndin Notebook hafi hjálpað henni með að taka ákvörðun um að skilja en söngkonan sá myndina í flugvél á leiðinni heim til Texas. „Þá vissi ég hvað þyrfti að gera. Ég þyrfti frelsi og að fá að anda,“ segir Simpson í samtali við blaðið.



**THE NOTEBOOK** Rómantísk kvikmynd sem hjálpaði Jessicu við skilnaðinn.

Þrátt fyrir skilnaðinn heldur Simpson enn góðu sambandi við Nick og að tilvonandi maki í framtíðinni verði að skilja það. „Nick var svo stór hluti af mér að annað er ekki hægt. Og næsti kærasti verður að skilja það,“ útskýrir Jessica.

Bandarísku slúðurblöðin telja sig hafa fundið þennan „næsta“ en það ku vera söngvarinn John Mayer. Glanstímaritin hafa birt myndir af þeim saman og blaðamaður Elle tók eftir tölvupóstum á tölvu söngkonunnar frá Mayer í miðju viðtali. Söngkonan vildi hins vegar lítið ræða um ástarlíf sitt og þegar hún var spurð hvort ástin hefði gripið um sig aftur sagði Jessica af sinni alkunnu snilld: „Ég sagði ekki já.“



**JESSICA SIMPSON** Söngkonan segist hafa fengið sting í hjartað þegar fyrrverandi eiginmaðurinn eignaðist nýja kærustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES





Eftir hverju ertu að bíða?

Ef þú ert að bíða eftir einhverjum öðrum pallbíl *(nefnum engin nöfn en segjum til dæmis að það byrji á Hi og endi á lux)* ertu að sóa tíma þínum. Ekki aðeins er D-Max töluvert ódýrari heldur er hann aflmeiri og með nýja díselvél sem er hljóðlátari en nokkru sinni fyrr og **eyðir aðeins 8 l/100**; hann er með stærri felgum og meiri dráttargetu, aksturstölvu, þokuljósum, „cruise control“, halogen-ljósum, 6 hátölurum og loftkælingu.

***Eftir hverju ertu að bíða? Kynntu þér málið!***



| Isuzu D-Max | Sjálfskiptur 2.790.000 kr. | Beinskiptur 2.690.000 kr. |
|---|---|---|

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

ENNEMM / SÍA / NM26011




| SMÁRABÍÓ | SÍMI 564 0000 |
|---|---|
| ROCKY BALBOA | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| KIRIKOU & VILLIDÝRIN ÍSL. TAL | kl. 4 450 KR. |
| CHARLOTTE´S WEB ENSKT TAL | kl. 3.40 |
| VEFUR KARLOTTU ÍSL. TAL | kl. 5.20 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40, 8 og 10.30 |
| APOCALYPTO | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45 B.I. 12 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

| REGNBOGINN | SÍMI 551 9000 |
|---|---|
| ROCKY BALBOA | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE CHILDREN | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40 |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |

| Borgarbíó | SÍMI 462 3500 |
|---|---|
| ROCKY BALBOA | kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| DREAMGIRLS | kl. 5.40, 8 og 10.30 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 6 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Apple-deilan leyst

Tölvufyrirtækið Apple hefur náð samkomulagi við Bítlana vegna deilu yfir notkun á nafninu Apple. Tölvufyrirtækið mun öðlast fullan rétt á vörumerkinu Apple. Mun fyrirtækið starfa með fyrirtæki Bítlanna og aðstoða það við áframhaldandi notkun nafnsins Apple, en á annan hátt en áður.

Deila fyrirtækjanna tveggja um nafnið hefur staðið yfir í meira en 25 ár og er henni nú loks lokið. „Við elskum Bítlana og þess vegna hefur verið mjög erfitt að vera að rífast við þá yfir þessum vörumerkjum,“ sagði Steve Jobs, forstjóri Apple.

Deilan hófst árið 1980 þegar Bítillinn fyrrverandi George Harrison sá auglýsingu fyrir Apple-tölvur í tímariti. Bítlarnir stofnuðu Apple-plötufyrirtækið árið 1968 og voru því á undan með nafnið.



**BÍTLARNIR** Bítlarnir hafa loksins komist að samkomulagi við tölvufyrirtækið Apple.

# Bridges í Iron Man

Leikarinn Jeff Bridges hefur tekið að sér hlutverk í ofurhetjumyndinni Iron Man sem verður framleidd sjálfstætt af fyrirtækinu Marvel Entertainment.

Robert Downey Jr. fer með aðalhlutverkið í myndinni sem fjallar um ofurhetjuna Iron Man og annað sjálf hennar, milljarðamæringinn og iðnjöfurinn Tony Stark. Gwyneth Paltrow og Terrence Howard leika einnig í Iron Man, sem er væntanleg 2. maí á næsta ári.

Bridges, sem hefur fjórum sinnum verið tilnefndur til óskarsins, sést næst á hvíta tjaldinu í A Dog Year. Einnig ljáir hann teiknimyndinni Surf´s Up rödd sína.



**JEFF BRIDGES** Bridges hefur tekið að sér hlutverk í ofurhetjumyndinni Iron Man.






# Nýtt söngvaskáld á svið

**Kristján Þorvaldsson, fyrrverandi ritstjóri Mannlífs, tekur þátt í trúbadorkeppni á Sportbarnum.**

„Ég vona að þetta verði ekki eitthvert „cover-drasl“. Er ekki nóg komið af Idol og X-Factor?“ spyr Kristján Þorvaldsson, fyrrverandi ritstjóri og söngvaskáld. Kristján er meðal þátttakenda í Stóru trúbadorkeppninni sem fram fer á Sportbarnum innan tíðar.

Fréttablaðið hefur sagt frá því að keppni þessi sé í væntum en að sögn Friðriks Indriðasonar, eins aðstandenda, hefur þátttaka farið fram úr björtustu vonum. Til stóð að átta listamenn kepptu eftir útsláttarfyrirkomulagi en þegar hafa fjórtán skráð sig til leiks. Lýkur skráningu nú á fimmtudag og er verið að endurskipuleggja vegna góðrar þátttöku.

Friðrik segir nokkra þekkta einstaklinga komna á skrá. Þeirra á meðal er Kristján Þorvaldsson, hinn kunni fjölmiðlamaður, sem nýverið lét af störfum sem ritstjóri Mannlífs og nýtur nú lífsins í langþráðu fæðingarorlofi. Aðspurður hvort hann verði með gítar sér til fulltingis svarar hann dularfullur: „Mér skilst að það sé ekki flygill á staðnum. Annars er þetta nú bara tómstundagaman föður í orlofi. Að slá á gígju og syngja með. Smá baðstofustemning.“

Tónlistarhæfileikar Kristjáns hafa ekki farið hátt en hann segist þó hafa troðið upp víða, óumbeðinn sem og pantaður. „Já, en ekki skal ég segja hvort það hafi verið öðrum til skemmtunar en sjálfum mér,“ segir Kristján hinn hógværasti.

Málin vandast þegar Kristján er beðinn að skilgreina nánar þá tónlist sem hann semur og flytur. „Hvað kallar hann Hörður þetta aftur? Já, söngvaskáld. Þetta er svona sígildur, þunglyndislegur söngvaskáldakliður à la Hörður Torfa með smá Bellman-ívafi.“

jakob@frettabladid.is



**KRISTJÁN ÞORVALDSSON** Býður upp á þunglyndislegan söngvaskáldaklið með Bellman-ívafi í Stóru trúbadorkeppninni.

# Veitingastað lokað

Nýr veitingastaður leikarans Paul Newman, The Dressing Room, varð fyrir miklu vatnstjóni eftir að lagnir gáfu sig.



**PAUL NEWMAN** Nýr veitingastaður Newman, The Dressing Room, varð fyrir miklu vatnstjóni.

Slökkviliðsmenn voru kallaðir á staðinn og lak þá mikið vatn úr loftinu. „Við erum frekar pirraðir út af þessu,“ sagði meðeigandi staðarins, Michel Nischan. „Þetta var komið á svo gott flug hjá okkur.“

Svo gæti farið að staðnum yrði lokað í eina viku vegna skemmdanna. Staðurinn, sem hefur að geyma 128 sæti fyrir matargesti, var opnaður í október.

Newman, sem er 82 ára, á staðinn með Nischan. Hann hefur einnig getið sér gott orð í matvælaiðnaðinum, m.a. fyrir örbylgjupopp sitt. Á meðal vinsælustu mynda hans í gegnum tíðina eru The Color of Money, Cool Hand Luke, Hud og Cat on a Hot Tin Roof.



**INTERPOL** Rokksveitin Interpol frá New York gefur út sína þriðju plötu í sumar.

# Ný plata frá Interpol

Bandaríska rokksveitin Interpol ætlar að gefa út sína þriðju plötu hinn 5. júní næstkomandi á vegum Capital Records.

Síðasta plata sveitarinnar, Antics, fékk ágætar viðtökur þegar hún kom út í lok árs 2004. Orðrómur hefur verið uppi um að nýja platan heiti Moderation en hann hefur ekki fengist staðfestur.Fyrsta plata Interpol, Turn on the Bright Lights, kom út árið 2002.







**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 - 10:20 | Leyfð | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 | B.i.16 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 | B.i. 16 |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | Leyfð | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.7 | FORELDRAR | kl. engin sýn í dag | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BLOOD DIAMOND VIP | kl. 5 - 8 - 10:50 | | STRANGER THAN FICTION | kl. engin sýn í dag | Leyfð |
| VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 5:50 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.7 | |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | DIGITAL |
| VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTTE.. M/-Ensk tal | kl. 8 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 10 | B.i.12 | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 10 | B.i.16 |
| BABEL | kl. 8 | B.i.16 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| CHARLOTTE´S WEB m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 | B.i.16 |
| FORELDRAR | kl. 8 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |

Skráðu þig á SAMbio.is


# Æfa ræðurnar

**Þær stjörnur sem tilnefndar eru til Óskarsverðlauna komu saman í árlegum hádegisverði kvikmyndaakademíunnar.**

Meðal þeirra sem heiðruðu samkomuna með nærveru sinni voru Martin Scorsese, Forest Whitaker og Helen Mirren en þau þykja hvað líklegust til að hreppa styttuna góðu í lok febrúar. Tilgangur athafnarinnar er að afhenda viðstöddum viðurkenningarskjöl fyrir tilnefningar sínar. Engin stéttaskipting er við lýði við þennan hádegisverð og sátu stórstirnin Steven Spielberg og Will Smith við borð með listrænum stjórnendum og förðunarsérfræðingum. „Allir hinir tilnefndu eru jafn réttháir," sagði formaður akademíunnar, Sid Ganis, við þetta tækifæri.


**FOREST WHITAKER** Þykir líklegur verðlaunahafi fyrir leik sinn í Last King of Scotland.

Tilkynnt verður um sigurvegara í Kodak-höllinni hinn 25. febrúar. Athöfnin verður í beinni útsendingu og má reikna með að hundruð milljóna heima í stofu sjái þessa stjörnum prýddu verðlaunaafhendingu heima í stofu. Óskarinn þykir meðal æðstu verðlauna sem afhent eru í kvikmyndaheiminum en athöfnin sjálf hefur oft minnt meira á sápuóperu í stað alvarlegs viðburðar. Og að þessu kom Laura Ziskin, framleiðandi sjónvarpsútsendingarinnar. „Velgengni útsendingarinnar veltur á ykkur," sagði Ziskin en öllum viðstöddum var úthlutað segulbandstæki svo þeir gætu æft og tekið upp þakkarræður sínar. Brugðið hefur til beggja vona þegar leikarar taka við styttunni og mörgum er eflaust í fersku minni þegar leikkonurnar Gwyneth Paltrow og Halle Berry brustu í grát eftir að hafa áskotnast styttan góða. „Mark Twain sagði eitt sinn að það tæki fólk þrjár vikur að semja sómasamlega tilefnisræðu," sagði Ziskin við viðstadda. - fgg


**HELEN MIRREN** Flestir veðja á Mirren fyrir frammistöðu hennar í The Queen.


**MARTIN SCORSESE** Tími Scorsese gæti verið runninn upp að þessu sinni.

# Boðið nýtt starf

Einum virtasta upptökustjóra heims, Rick Rubin, hefur verið boðin staða sem aðstoðarformaður plötufyrirtækisins Columbia Records.

Ekki er víst hvort Rubin geti þegið starfið þar sem hann er þegar samningsbundinn Warner Brothers Records sem upptökustjóri. Á meðal þekktra hljómsveita sem eru á samningi hjá Warner Brothers eru Metallica og Linkin Park sem hefur unnið náið með að undanförnu við upptökur á nýjum plötum.

Á meðal fleiri þekktra nafna sem Rubin hefur starfað með í gegnum tíðina eru Slayer, Johnny Cash og Jay-Z.


**RICK RUBIN** Upptökustjórinn þekkti, sem er að taka upp næstu plötu Metallica, mun hugsanlega færa sig um set á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Justin Timberlake** virðist njóta frelsisins í botn, en eins og kunnugt er slitu þau **Cameron Diaz** nýlega samvistum. Timberlake hefur síðan sést með hverri fegurðardísinni á fætur annarri. Margir veltu fyrir sér hvort leikkonan íturvaxna **Scarlett Johansson** hefði verið ástæða þess að sambandið við Diaz fór í vaskinn eftir að þau Timberlake sáust saman í kjölfar sambandsslitanna. Hann reri þó fljótlega á ný mið, og sást til dæmis með leikkonunum **Jessicu Biel** og **Alyssu Milano** úr Charmed. Síðastliðna helgi var það þó Scarlett Johansson sem átti hug söngvarans allan á ný, en þau eyddu helginni saman í Miami. Hvort sambandið endist lengur en eina helgi er enn óvíst.



**Evu Longoria** brá við um daginn þegar hún fékk sendan reikning frá Harrods-versluninni í London upp á ríflega eina milljón króna. Desperate Housewives-stjarnan hafði þekkst boð um að opna janúarútsölu verslunarinnar gegn 100.000 dala þóknun. Longoria stóð þó í þeirri trú að það sem hún keypti í búðinni yrði talið til fríðinda og hún ekki rukkuð fyrir. Annað kom á daginn, en Longoria gerði þó ekki veður út af misskilningnum og greiddi reikninginn einfaldlega.




VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

# Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

## > Eslöv á toppinn

Guðmundur Stephensen og félagar hans í Eslövs Al komu sér á topp sænsku úrvalsdeildarinnar í borðtennis með 5-1 sigri á Söderhamn. Guðmundur vann sinn leik, 3-2, og þar með sinn tíunda sigur í fjórtán leikjum. Hann er með áttunda hæsta sigurhlutfallið af leikmönnum deildarinnar.



# sport

sport@frettabladid.is

DAGNÝ LINDA KRISTJÁNSDÓTTIR: LENTI Í 26. SÆTI Í RISASVIGI Á HEIMSMEISTARAMÓTINU Í ÅRE

## Betri árangur en ég bjóst við

Keppni á heimsmeistaramótinu í alpagreinum í Åre í Svíþjóð hófst loksins í gær eftir að keppni hafði verið frestað í þrjá daga. Keppt var í risasvigi karla og kvenna og átti Ísland einn fulltrúa. Dagný Linda Kristjánsdóttir náði sér ágætlega á strik og lenti í 26. sæti.

„Þetta gekk betur en ég hafði búist við," sagði Dagný Linda, sem fagnaði árangrinum eftir að hún renndi sér í mark.

„Ég var kannski örlítið sein á nokkrum stöðum í brautinni en tæknilega gekk þetta mun betur en á undanförnum vikum. Ég kýs að líta á það þannig að maður eigi að fagna því jákvæða."

Hin sænska Anja Pärson varð heimsmeistari í greininni og fagnaði sigrinum vel og innilega.

„Þetta er auðvitað frábært hjá henni þar sem það hefur ekki gengið neitt sérstaklega vel hjá henni í vetur," sagði Dagný en Pärson fór í aðgerð vegna hnémeiðsla í vor.

Dagný hefur æft með sænska liðinu í vetur og gat hún því samglaðst æfingafélaga sínum. „Jú, auðvitað gerir maður það. Þetta var mikill sigur hjá henni."

Í dag og á morgun taka við brunæfingar hjá Dagnýju en keppt verður í alpatvíkeppni á föstudaginn. Svo taka æfingar aftur við áður en sjálf brunkeppnin fer fram á sunnudag. Brunið og risasvigið eru sterkustu greinar Dagnýjar. „Markmið mitt fyrir brunið er einfaldlega að gera mitt besta. Flóknara er það ekki," sagði hún.

Það kemur einnig til greina að hún keppi í stórsvigi sem verður í næstu viku.




# „Framtíð Liverpool tryggð"

**David Moores, stjórnarformaður Liverpool og stærsti einstaki hluthafinn í félaginu, samþykkti í gær yfirtökutilboð þeirra George Gillett og Toms Hicks.**

**FÓTBOLTI** Stjórn Liverpool samþykkti í gær yfirtökutilboð Bandaríkjamannanna George Gillett og Toms Hicks í félagið. David Moores, stjórnarformaður og stærsti einstaki hluthafinn, ákvað að selja sinn hlut og mælti með því að aðrir hluthafar gerðu það sama.

Hver hlutur er metinn á 675 þúsund krónur og félagið allt á 19,8 milljarða. Þá eru yfirteknar skuldir upp á rúma sex milljarða. Einnig er innifalið í tilboðinu áætlanir um að verja meira en 27 milljörðum króna í nýjan leikvang.

Samkvæmt þessu hljómar heildaryfirtökutilboðið upp á 53 milljarða króna.

Gillett og Hicks eiga báðir lið í bandarísku hokkídeildinni og er þetta í fyrsta sinn sem keppinautar í einni íþrótt sameinast sem eigendur félagsliðs í annarri íþrótt.

David Moores verður heiðursforseti Liverpool og sagði hann í gær að salan á félaginu væri mikið gæfuspor fyrir Liverpool, fjárfesta og stuðningsmenn þess.

„Félagið hefur verið stór hluti af mínu lífi," sagði Moores í yfirlýsingu í gær. „Ég hef ákveðið eftir vandlega íhugun að selja minn hlut í félaginu til að hjálpa til við að tryggja þá fjárfestingu sem þarf til að reisa nýjan leikvang og styrkja leikmannahópinn. Ég hvet alla aðra hluthafa til að gera slíkt hið sama. Þannig mun framtíð Liverpool verða tryggð."

Rick Parry, framkvæmdastjóri félagsins, tók í svipaðan streng. „Þetta er upphafið að nýjum kafla í sögu Liverpool."

Auk þess að eiga hokkílið á Gillett einnig hafnaboltalið. Báðir hafa mikla reynslu af því að reka íþróttalið og fannst þeim mjög heillandi að fjárfesta í einu kunnasta knattspyrnufélagi heims.

„Þegar maður situr í okkar litla landi fær maður ákveðinn sjónarhól á íþróttir annars staðar í heiminum sem er sjálfsagt rangur vegna þess að við höldum að okkar íþróttir séu nokkuð vinsælar," sagði Gillett. „Svo kemur maður hingað og sér að stuðningsmönnunum má helst líkja við trúarhóp, slík er væntumþykjan og stuðningurinn við liðið. Fljótlega gerir maður sér grein fyrir því að þetta er vinsælasta íþrótt heims sem milljarðar um heiminn allan fylgjast með og að Liverpool sé eitt af stærstu félögum heimsins. Að fá þetta tækifæri til að taka þátt í rekstri félagsins eru sannarlega einstök forréttindi." eirikur.asgeirsson@frettabladid.is




**GILLETT OG HICKS** Nýir eigendur Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY



**SCOLARI** Ósáttur við The Sun. NORDIC PHOTOS/GETTY

Scolari um Ronaldo:

## Framtíð Ronaldo ekki mitt mál

**FÓTBOLTI** Luis Felipe Scolari, landsliðsþjálfari Portúgals, sagði að ummæli sem höfð voru eftir honum um Cristiano Ronaldo væru uppspuni. Enska götublaðið The Sun hafði eftir honum á mánudag að Scolari teldi að Ronaldo ætti að fara til Barcelona.

„Ég hef enga skýringu á þessu," sagði Scolari. „Það sem ég segi fer inn um eitt eyra og út um hitt. Framtíð Ronaldo er ekki mitt mál."

Sjálfur sagði Ronaldo ekki taka mark á ummælunum. „Hann sagði þetta ekki. Það er 100% öruggt." - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### DHL-deild kvenna

| GRÓTTA-VALUR | 22-21 |
|---|---|

**Mörk Gróttu (skot):** Eva Margrét Kristinsdóttir 6 (11/1), Natasja Damiljanovic 6/6 (8/7), Ragna Karen Sigurðardóttir 4 (6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (4), Sandra Paegle 2 (9), Kristín Þórðardóttir 1 (1), Þórunn Friðriksdóttir 0 (2), Eva Björk Hlöðversdóttir 0 (1).
**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 12.
**Mörk úr hraðaupphlaupum:** 4 (Ragna 2, Eva, Kristín)
**Fiskuð víti:** Ragna 3, Eva 2, Anna 2, Sandra.
**Utan vallar:** 2 mínútur.
**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 5/3 (10/4), Alla Georgíudóttir 4/2 (8/2), Hafrún Kristjánsdóttir 3 (4), Drífa Skúladóttir 3 (8/1), Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 2 (2), Arna Grímsdóttir 2 (4), Rebekka Skúladóttir 1 (3), Brynja Steinsen 1 (7),
**Varin skot:** Pavla Skaronkova 14/1, Jolanta Slapikiene 1.
**Mörk úr hraðaupphlaupum:** 6 (Arna 2, Guðrún 2, Rebekka, Brynja
**Fiskuð víti:** Hafrún 4, Alla 2, Brynja.
**Utan vallar:** 2 mínútur.

| FH-ÍBV | 23-26 |
|---|---|

**FH:** Ásta Björk Agnarsdóttir 7, Ragnhildur GUðmundsdóttir 5, Sigrún Gilsdóttir 4, Harpa Vífilsdótitr 3. **ÍBV:** Pavla Plamikova 12, Hekla Hannesdóttir 4, Renata Horvath 4, Pavla Navrilova 3.

| AKUREYRI-STJARNAN | 19-36 |
|---|---|

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 STJARNAN** | **13** | **11** | **0** | **2** | **394-262** | **22** |
| 2. GRÓTTA | 14 | 10 | 0 | 4 | 358-322 | 20 |
| **3. VALUR** | **12** | **8** | **2** | **2** | **319-276** | **18** |
| 4. HAUKAR | 13 | 8 | 0 | 5 | 369-319 | 16 |
| **5. ÍBV** | **13** | **6** | **2** | **5** | **331-335** | **14** |
| 6. FRAM | 13 | 5 | 3 | 5 | 300-323 | 13 |
| **7. HK** | **12** | **3** | **1** | **8** | **308-368** | **7** |
| 8. FH | 13 | 2 | 1 | 10 | 286-344 | 5 |
| **9. AKUREYRI** | **13** | **0** | **1** | **12** | **245-361** | **1** |

Grótta tryggði sér sigur á Val á síðustu sekúndunni í kvennahandboltanum:

# Láta þjálfarann um stressið

**HANDBOLTI** Sandra Paegle tryggði Gróttu 22-21 sigur á Val sekúndu fyrir leikslok í toppbaráttuslag á liðanna á Seltjarnarnesi í gær. Um leið hélt Gróttuliðið sér inni í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn en Stjarnan náði fyrir vikið tveggja stiga forskoti á toppi DHL-deildar kvenna eftir öruggan sigur á Akureyri fyrir norðan. Umrædd Sandra Paegle skoraði tvö síðustu mörk leiksins eftir að hafa klikkað á öllum sjö skotum sínum fyrstu 57 mínúturnar.

„Við vorum rólegar allan leikinn, héldum yfirveguninni og létum bara Alfreð þjálfara um að vera stressaðan á bekknum," sagði Eva Margrét Kristinsdóttir, fyrirliði Gróttu, sem átti mjög góðan leik. Í stöðunni 17-19 tók Alfreð einmitt eitt rosalegt öskurkast og hans stelpur svöruðu með því að vinna síðustu 12 mínútur leiksins 5-2. Eva Margrét hleypti lífi í sóknarleikinn þegar hún var færð vinstra meginn eftir að Grótta hafði aðeins skorað eitt mark fyrstu 16 mínútur leiksins.

„Við vorum lengi í gang en þetta kom þegar vörnin fór í gang. Við erum stórar og sterkar og leggjum grunninn að þessu í vörninni. Við ætlum að vera með í toppbaráttunni og ætlum ekkert að láta skilja okkur eftir. Við eigum heima þarna," sagði Eva Margrét eftir leikinn.

Valsliðið byrjaði báða hálfleikina mjög vel, komst í 1-5 í upphafi leiks og var 14-17 yfir þegar 10 mínútur voru liðnar af seinni hálfleik. Valsstelpur skoruðu hins vegar ekki mark utan af velli síðustu 14 mínútur leiksins og ekki eitt einasta mark síðustu 6 mínúturnar. Grótta skoraði þrjú síðustu mörkin og tryggði sér dramatískan sigur. - óój



**BARÁTTUSIGUR** Eva Margrét Kristinsdótir, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og félagar þeirra í Gróttu unnu mikinn karakter- og baráttusigur á Valsstelpum í gær. Hér stoppa þær saman Valsstúlkuna Katrínu Andrésdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**STAUDACHER** Ánægður með sigurinn í risasvigi karla í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Risasvig karla á HM:

## Óvænt úrslit

**SKÍÐI** Ítalinn Patrick Staudacher vann óvænt keppni í risasvigi karla á HM í alpagreinum í Åre í Svíþjóð. Fyrrverandi ólympíumeistarinn í greininni, Fritz Strobl frá Austurríki, varð annar.

„Draumur minn hefur ræst. Þetta er algjört brjálæði," sagði Staudacher í sigurvímu. - esá

Gary Payton:

## Dæmdur í bann

**NBA** Gary Payton, leikmaður NBA-meistara Miami Heat, var í gær dæmdur í eins leiks bann fyrir að láta ósæmileg orð falla í garð dómara leiks liðsins gegn Milwaukee á laugardag.

Payton er nú á sínu 16. tímabili í NBA-deildinni og missti af leik Miami gegn Charlotte í fyrrinótt. Miami vann engu að síður leikinn, 113-93, þar sem Dwayne Wade fór á kostum og skoraði 27 stig auk þess að gefa tólf stoðsendingar. Shaquille O'Neal skoraði 22 stig fyrir Miami. - esá

Matthew Upson:

## Frá í þrjár vikur

**FÓTBOLTI** Matthew Upson, leikmaður West Ham, verður væntanlega frá í þrjár vikur. Hann lék sinn fyrsta leik fyrir West Ham um helgina eftir að hafa verið keyptur frá Birmingham en meiddist á kálfa strax í fyrri hálfleik.

„Hann tekur vel við meðferðinni og meiðslin líta mun betur út en í upphafi," sagði Steve Allen, sjúkraþjálfari hjá félaginu. - esá

Vináttulandsleikir í gærkvöldi:

## Portúgal vann Brasilíu

**FÓTBOLTI** Simao Sabrosa og Ricardo Carvalho tryggðu Portúgal 2-0 sigur á Brasilíu í vintáttulandsleik á Emirates-velli Arsenal í gærkvöldi en mörkin komu bæði á lokakafla leiksins. Hinn íslensk ættaði Jon Dahl Tomasson skoraði tvö mörk fyrir Dani sem unnu 1-3 sigur á Áströlum á Loftus Road. Af öðrum úrslitum má nefna að Búlgarir unnu Letta 2-0, Mali vann 3-1 sigur á Litháen, Kýpur skellti Ungverjalandi 2-1 og Norður-Írland og Wales gerðu markalaust jafntefli. Bæði Lettar og Norður-Írar eru með okkur í riðli í undankeppni EM 2008. -óój

# Of fáir leikmenn báru byrði íslenska liðsins

**Geir Sveinsson hefur fjallað um gengi íslenska landsliðsins í Fréttablaðinu á meðan heimsmeistarakeppnin í Þýskalandi stóð. Hér gerir hann upp mótið í síðari pistli sínum. Nú metur hann frammistöðu einstakra leikmanna og framlag þeirra til leiks íslenska liðsins.**

**HANDBOLTI** Heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi lauk um helgina og lentu strákarnir okkar í áttunda sæti. Í gær fjallaði ég um gengi liðsins eftir því sem á leið mótið en nú er komið að frammistöðu einstakra leikmanna.

Ef við þrískiptum leik íslenska liðsins þá má segja að tvennt hafi gengið ljómandi vel og það þriðja illa. Sóknarleikur liðsins var frábær og gladdi virkilega augað. Ef við berum okkur saman við sjö efstu þjóðir mótsins þá skoruðum við flest mörkin eða að meðaltali tæp 34 mörk pr. leik. Hvað hraðaupphlaupin varðar þá vorum við mjög svo framarlega þar og skoruðum næstflest mörk þessara átta þjóða. Hins vegar ef við skoðum varnarleikinn þá kemur í ljós í samanburði þessara liða að við fengum á okkur lang flest mörkin eða 31,5 pr. leik og vorum í raun vel fyrir ofan næsta lið. Munar um 3 mörkum pr. leik á okkur og næsta liði, Spánverjum, og einum sjö mörkum á Frökkum sem fengu fæst mörkin á sig. Ef við reynum að átta okkur á hvað það er í varnarleiknum sem var að valda okkur vandræðum þá er það miðjusvæði varnarinnar sem er ekki að skila því sem það þarf svo nauðsynlega að gera. Langflest mörkin koma þar í gegn og erum við vel fyrir ofan næsta lið hvað þetta varðar. Munar rúmlega þremur mörkum pr. leik á næsta liði og sjö mörkum á okkur og Króötum sem fengu fæstu mörkin á sig á þessu svæði. Þegar utar dregur í varnarveggnum eða hjá „bakvörðunum“ lagast hlutirnir nokkuð þó enn séum við að fá á okkur flestu mörkin á því svæði. Það er ekki fyrr en út í hornin er komið að við trónum ekki í efsta sæti þó ofarlega séum. Þegar komið er að markvörslunni kemur í ljós að þó hún hafi verið inn á milli mjög góð, þá var hún síst af þessum átta efstu þjóðum. Voru okkar markmenn með 31% markvörslu að meðaltali á meðan að meðaltalsmarkvarsla hinna sjö var um 35,5% og hjá 5 efstu þjóðunum tæp 37%. Það er því alveg ljóst að enn og aftur er það vörn og markvarsla sem skilur okkur að frá hinum sjö bestu og þá sérstaklega þeirra fimm bestu.

Frammistaða leikmanna liðsins var misjöfn. Langmesta álagið var á þeim Guðjóni, Ólafi, Alexander, Snorra, Loga og Birki, sem allir léku mjög mikið og þá einkum Guðjón, Alex og Ólafur. Frammistaða þeirra þriggja síðasttöldu var frábær og komust þeir allir mjög vel frá þessu móti. Guðjón Valur varð markakóngur keppninnar, Ólafur í efsta sæti yfir flestar stoðsendingar sem og flestar stoðsendingar og mörk samanlagt og Alex komst á topp 10 lista yfir markahæstu menn auk þess að sinna varnarhlutverki sínu á frábæran hátt. Logi, sem var í sinni fyrstu stórkeppni, stóð sig virkilega vel og gerði í raun það sem til var hægt að ætlast. Hann var mjög ógnandi auk þess að eiga fjöldann allan af stoðsendingum sem gáfu mörk. Helst að varnarþátturinn hefði mátt vera betri hjá Loga. Snorri stjórnaði leik liðsins af mikilli yfirvegun og er kominn í hóp bestu leikstjórnenda í heimi. Helst að hann þurfi að vanda betur skotval sitt. Birkir í markinu átti nokkra mjög góða kafla en datt síðan niður inni á milli. Virtist hann eiga í nokkrum erfiðleikum með langskotin. Roland leysti hann nokkuð vel af hólmi og hefði Birkir



**MARKAKÓNGUR** Guðjón Valur Sigurðsson skoraði flest mörk allra á HM í Þýskalandi og sést hér fagna einu af 66 mörkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þurft á honum að halda í síðustu leikjum liðsins þegar þreytan var farin að segja til sín.

Turnarnir í vörninni, þeir Sverrir og Sigfús, áttu ekki góða keppni. Einhvern veginn virtist samvinna þeirra ekki virka nægjanlega vel og allt of mikið af mörkum andstæðinga okkar kom inn á miðjusvæðið eins og fyrr segir. Vignir leysti þá af eftir megni og átti ágæta spretti og stóð sig þokkalega. Markús Máni komst vel frá sínu og nýtti sín færi vel. Hefði hann að ósekju átt skilið að fá að spreyta sig meira. Ásgeir Örn komst nokkuð vel frá sínu og þá sérstaklega í fyrstu leikjunum en þegar á mótið leið hvarf hann meira og átti ekki jafn góðar innkomur. Róbert komst ágætlega frá sínu ef frá er talinn leikur hans við Rússa en engu að síður átti hann nokkuð erfitt uppdráttar inni á línunni, sem gerði það að verkum að Sigfús var nokkuð mikið notaður. Sigfús var nokkuð frá sínu besta í sókninni og hefði mátt þar láta mun meira til sín taka. Arnór virtist skorta sjálfstraust til þess að láta eitthvað að sér kveða og Hreiðar hefur vonandi fengið ágætis reynslu úr þessum leikjum en hann þarf samt klárlega að koma sér í betra stand. Ragnar og Einar léku allt of lítið til þess að verða dæmdir af sinni frammistöðu.

Mönnum hefur verið tíðrætt um breidd íslenska liðsins. Þegar við berum okkur saman við hinar þjóðirnar sjö kemur í ljós að þeir sjö leikmenn sem mest léku fyrir íslenska liðið léku um 72% af leiktíma leikjanna á meðan að meðaltal hinna þjóðanna sjö er um 64%. Þær þjóðir sem komu okkur næst voru Frakkar með um 71% af tímanum, Þjóðverjar og Rússa um 67%, Pólverjar 65%, Danir 63% og Króatar um 59%.

Það er því rétt að mikil keyrsla var á lykilmönnum liðsins en hún er þó ekki eitthvað langtum meiri hjá okkur en þeim þjóðum sem röðuðu sér í fjögur efstu sæti keppninnar. En hefðum við getað valið aðra og betri leikmenn? Ég held ekki. En ég held að við hefðum getað dreuft álaginu eitthvað betur og fengið þ.a.l. meira út úr „varamönnum“ liðsins sem og auðvitað lykilmönnum þess, sem hefðu verið frískari fyrir vikið. Þetta er þó engan veginn auðvelt og vissulega oft á tíðum hausverkur að finna réttu blönduna. Leikir eru gríðarlega jafnir og því oft erfitt að taka mikla áhættu og þjálfarinn yfirleitt búinn að móta sér skoðun um hverjum hann treystir og hverjum ekki.

Niðurstaðan úr þessu móti er því áttunda sæti sem við getum vel verið sátt við, þó að vissulega hefðum við getað uppskorið meira.



**HM Í HANDBOLTA**

**GEIR SVEINSSON**

*gerir upp heimsmeistaramótið í handbolta*



### > Alec Baldwin

Fæddur 3. apríl 1958 í New York. Þekktastur af þeim Baldwin-bræðrum. Braust fram á sjónarsviðið á níunda áratug seinustu aldar og lék í þekktum sjónvarpsþáttum. Þaðan opnaðist leið fyrir hann inn í kvikmyndirnar. Síðan þá hefur hann leikið í fjölmörgum kvikmyndum, þar á meðal The Last Shoot ásamt Matthew Broderick, Toni Collette og fleirum en myndin verður sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á KÓNGINN ELVIS PRESLEY

# *Hin glæsta ímynd varðveitt*

Sjónvarpsmynd um konung rokksins, Elvis Presley, var nýverið sýnd á Stöð 2 í tveimur hlutum. Það besta við myndina, fyrir utan hin sígildu lög Elvis sem fengu að hljóma ótt og títt, var leikur Jonathans Rhys Meyers í aðalhlutverkinu. Tókst honum vel að ljá persónunni trúverðugleika. Fyrst var Elvis ærslafullur og metnaðargjarn ungur maður en þegar hann varð eldri fór honum að leiðast og átti erfitt með að þola utanaðkomandi þrýsting. Lét hann vandamál sín bitna bæði á fólkinu í kringum sig og sjálfum sér, sem endaði með því að óhóflegt pilluát hans og gífurleg matarást urðu honum að aldurtila. Reyndar tekst myndinni að passa nokkuð vel upp á glæsta ímynd Elvis, því henni lýkur rétt áður en hann fór að vera upp á sitt versta, alla vega hvað varðar útlitið.



**ELVIS PRESLEY** Konungur rokksins lést í ágúst árið 1977.

Eins og kemur fram í myndinni naut Elvis sín einna best þegar hann var uppi á sviði fyrir framan áhorfendur. Þegar kom að öðru gat hann verið barnalegur og hégómagjarn. Hann drakk hvorki né reykti en hámaði í sig pillur, sem átti að vera í lagi því þær voru allar lyfseðilsskyldar. Hann einangraði sig frá umheiminum, þoldi ekki auknar vinsældir Bítlanna og varð fyrir sjokki þegar hann loksins áttaði sig á því að hann var ekki lengur umsetinn aðdáendum hvert sem hann fór.

Elvis var konungurinn þegar kom að rokkinu en í einkalífinu var hann oft á tíðum eins og stórt barn sem reiddist ef ekki var allt eftir hans höfði.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50** England - Spánn SÝN



▶ **20.10** Ugly Betty RÚV



▶ **21.10** Nip/Tuck STÖÐ 2



▶ **22.00** Jericho SKJÁREINN



▶ **22.40** Glenn Gould RÚV

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (3:19)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (20:42)
**18.30 Herkúles** (19:28)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Ljóta Betty** (1:22) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun á dögunum sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona. Meðal leikenda eru America Ferrera, Alan Dale og Mark Indelicato.
**20.55 Nægtaborð Nigellu** (7:13)
**21.25 Aukaleikarar** (1:6) (Extras) Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktir leikarar fram í eigin persónu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Handboltakvöld**
**22.40 Glenn Gould** (1:2) (Glenn Gould - Au dela du temps) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum eftir Bruno Monsaingeon um kanadíska píanóleikarann Glenn Gould. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.
**23.35 Kastljós**
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 The Last Shot** Bönnuð börnum.
**08:00 Bangsímon og Fríllinn**
**10:00 Good Advice**
**12:00 Welcome to Mooseport**
**14:00 Bangsímon og Fríllinn**
**16:00 Good Advice**
**18:00 Welcome to Mooseport**
**20:00 The Last Shot** Aðalhlutverk: Alec Baldwin, Matthew Broderick, Toni Collette. 2004. Bönnuð börnum.
**22:00 Chasing Beauties** Bönnuð b.
**00:00 Bad Apple** (Skemmt epli)
**02:00 Familjehemligheter** (Fjölskylduleyndarmál) Sænskt verðlaunadrama.
**04:00 Chasing Beauties**

## STÖÐ 2

**07:00 Animaniacs**
**07:20 Grallararnir**
**07:40 Taz-Mania 1**
**08:00 Oprah**
**08:45 Í fínu formi 2005**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Related** (5:18) (Systrabönd)
**10:05 Ganga stjörnurnar aftur?**
**11:15 60 mínútur** (60 Minutes)
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Nágrannar** (Neighbours)
**13:05 Jane Hall's Big Bad Bus Ride**
**14:00 Osbournes 3** (10:10)
**14:25 American Idol** (5:41)
**15:05 American Idol** (6:41)
**15:50 Shoebox Zoo**
**16:13 Sabrina - Unglingsnornin**
**16:38 Stubbarnir**
**17:03 Könnuðurinn Dóra**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar** (Neighbours)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 Oprah**
**20:25 Extreme Makeover (6:23)**
▶**21:10 Nip/Tuck** (6:15) (Klippt og skorið) Sean tekst ekki að hrista af sér fyrrverandi sjúkling sem fer að ofsækja hann á meðan Christian kemst að því að þerapistinn hans er haldinn vafasamri þráhyggju. Bönnuð börnum.
**22:00 Medium** (1:22) (Miðillinn) Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og stunda samskipti við hina framliðnu. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois, en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 fyrir frammistöðu sína.
**22:45 Strong Medicine** (22:22)
**23:30 Kompás (e)**
**00:05 Cubbyhouse** (Krakkakofinn) Stranglega bönnuð börnum.
**01:30 The Closer** (11:15) (Málalok)
**02:15 Hope Floats** (Vonarneisti)
**04:05 A Thing Called Love** (1:6)
**05:05 Fréttir og Ísland í dag (e)**
**06:15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 Seinfeld** (24:24) Lokaþáttur gamanþáttaraðarinnar vinsælu.
**19:55 3. hæð til vinstri** (7:30) Í blokk einni í Reykjavík búa vinirnir Bragi og Hrafntinna. Bragi er bókmenntafræðingur sem þráir ekkert heitar en að gerast kennari en Fjóla er listamaður. Dag einn flytur bróðir Braga inn til vinanna og lífið í íbúðinni raskast við það. Til þess að halda friðinn í íbúðinni ákveða þau að videoblogga um líf sitt á heimilinu og fá þannig útrás fyrir reiðina.
**20:00 Entertainment Tonight**
**20:30 South Park**
**21:00 Brat Camp USA** Hvað gerir þú við ungling sem að blótar þér, brýtur lög og hlustar ekki á neitt sem þú segir? Þetta vandamál þurfa níu fjölskyldur að takast á við. Þessar fjölskyldur stóðu frammi fyrir erfiðri ákvörðun og ákváðu að lokum að senda börnin sín í Sage Walk skólann. Sage Walk skólinn er staðsettur í óbyggðum Oregon og þar þurfa krakkarnir að vera í næstum tvo mánuði þar sem reynt verður að hemja reiði krakkanna og leysa vandamál þeirra.
**22:00 Sirkus Rvk**
**22:30 Insider**
**22:55 Ali G (e)**
**23:25 The Loop (e)**
**23:55 Seinfeld** (24:24) (e)
**00:20 Entertainment Tonight (e)**
**00:50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:45 Vörutorg**
**09:45 Melrose Place (e)**
**14:45 Vörutorg**
**15:45 Still Standing (e)**
**16:15 Just Deal (e)**
**16:45 Beverly Hills 90210**
**17:30 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 The King of Queens (e)**
**20:00 Love, Inc.** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem hjálpar lánlausum gaurum að fínpússa stefnumótatæknina fyrir stóru stundina. Þótt sérfræðingarnir viti hvað er best fyrir viðskiptavininn er ástarlíf þeirra sjálfra oft í mikilli flækju.
**20:30 Out of Practice** Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.
**21:00 America's Next Top Model**
▶**22:00 Jericho - NÝTT** Bandarísk þáttaröð sem slegið hefur í gegn vestan hafs. Sögusvið þáttanna er smábær í Kansas sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkusprengjur springa í bandarískum borgum. Jake Green var að heimsækja fjölskyldu sína eftir fimm ára fjarveru og líf hans og annarra íbúa í Jericho gjörbreytist á augabragði.
**23:00 Everybody Loves Raymond**
**23:25 Jay Leno**
**00:15 Close to Home (e)**
**01:05 Da Vinci's Inquest (e)**
**01:55 Vörutorg**
**02:55 Beverly Hills 90210 (e)**
**03:40 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Að leikslokum (e)**
**14:00 Inter - Roma (frá 4. feb)**
**16:00 Tottenh. - Man. Utd. (frá 4. feb)**
**18:00 Juventus - Rimini (frá 3. feb)**
**20:00 Middlesbr. - Arsenal (frá 3. feb)**
**22:00 Watford - Bolton (frá 3. feb)**
**00:00 Fulham - Newcastle (frá 3. feb)**
**02:00 Dagskrárlok**


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ Í KVÖLD!



MEDIUM
Martraðir verða að veruleika í kvöld kl. 22:00

GOTT FÓLK McCANN

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.00

**Medium**



Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og stunda samskipti við hina framliðnu. Í þessari þriðju þáttaröð heldur Alison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist þar náðargift hennar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois, en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2006 og 2007 fyrir frammistöðu sína.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Extras RÚV kl. 21.25

Bresk gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda Skrifstofunnar. Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktir leikarar fram í eigin persónu, meðal annars þeir David Bowie, Chris Martin úr Coldplay og Daniel Radcliffe sem þekktur er í hlutverki Harrys Potter.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit

**12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Hádegisfréttir

**13.00** Vítt og breitt

**14.00** Fréttir

**14.03** Útvarpssagan: Eftir örstuttan leik eftir Elías Mar. Höfundur les. (4:11)

**14.35** Miðdegistónar

**15.00** Fréttir

**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: Leikið á ljósvakanum (4:12)

**16.00** Fréttir

**16.13** Hlaupanótan

**17.00** Fréttir

**17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn

**19.00** Vitinn

**19.30** Laufskálinn

**20.10** Heima er best (Frá því í gær)

**21.00** Út um græna grundu

**22.00** Fréttir

**22.15** Lestur Passíusálma (3:50) **22.23** Glæta - Spjallþáttur um bókmenntir **23.09** Fallegast á fóninn **00.00** Fréttir **00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**16:40 Brasilía - Portúgal (e)**

**18:20 2006 FIFA World Cup Official Film** Þáttur um lokakeppni HM í knattspyrnu sem fram fór í Þýskalandi í sumar. Keppnin var skemmtileg og spennandi eins og við var að búast þar sem hið unga lið heimamanna kom mjög á óvart með skemmtilegum leik. Jafnframt léku Ítalir skemmtilegri knattspyrnu en oft áður.

▶ **19:50 Vináttulandsleikur** (England - Spánn) Bein útsending frá vináttulandsleik Englendinga og Spánverja í knattspyrnu karla. Spánverjarar eru að undirbúa sig undir viðureignina gegn Íslendingum í undankeppni EM í mars.

**21:50 Sterkasti maður í heimi 2006**

**22:20 Spænsku mörkin**

**23:05 Vináttulandsleikur** (England - Spánn)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Bamses Billedbog **7.00** Gurli Gris **7.05** Magnus og Myggen **7.20** Rubbadubbers **7.30** Genbrugsguld **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Smagsdommerne **9.10** Et havneområde i Goteborg **9.30** Overskud med omtanke **10.00** Grauballemanden **10.30** DR Explorer: Klimavidner i Indien **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Gron glæde **12.00** Hvad er det værd **12.25** Aftenshowet **13.20** Uventet bes¢g **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Hannah Montana **16.00** Junior **16.30** Snip Snap Snude **16.50** Sallies historier **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** De moderne familier **19.00** Muhammed krisen under huden **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.15** Onsdags Lotto **22.20** Forbrydelsen **23.20** Arbejdsliv - find et job! **23.50** Boogie Update

### NRK 1

**8.30** Ansikt til ansikt med elgen **9.00** Siste nytt **9.05** Muntlig sp¢rretime **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra More og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** VM i dag **13.00** Siste nytt **13.05** VM skiskyting 2007 **14.00** Siste nytt **14.05** VM skiskyting 2007 **15.00** Siste nytt **15.03** VM skiskyting 2007 **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VM i dag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barna på mandarinskolen **17.35** Småkryp **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspekt¢rene **18.55** VM-kveld **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Besteforeldre **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** Den tredje vakten **23.30** Kjærlighet på cella

### SVT 1

**8.30** Under stjärnorna **9.00** Extra **9.25** Born Wild **9.30** Great thinkers of our time **10.00** Ramp höjdare **11.00** Rapport **11.05** Prins Joachims Schackenborg **13.25** Rövargänget **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Fifi och blomsterfröna **17.10** Alice åker till Kina **17.20** Små spöken **17.30** Kolla Gud **17.45** Klister 1**8.00** Mitt liv som en Popat **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Små grytor har också öron **20.00** Stockholm live **20.30** Entourage **20.55** Kärlek och krig **22.40** Rapport **22.50** Kulturnyheterna **23.00** Carlo Maria Giulini **23.25** Sändningar från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*... fær tískufyrirmyndin Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, sem þykir svo hrífandi í hlutverki sínu sem kynnir Söngvakeppni sjónvarpsins að fatnaðurinn sem hún klæðist rokselst.*

# Börnin í Breiðavík á hvíta tjaldið

„Ég reikna með því að myndin verði frumsýnd um hvítasunnuhelgina,“ segir Bergsteinn Björgúlfsson, sem er að leggja lokahönd á kvikmynd um barna- og unglingaheimilið í Breiðavík en málefni þess hafa verið áberandi í fjölmiðlum að undanförnu. „Hún verður ekkert í líkingu við þá umfjöllun. Þar hefur fólk verið að smjatta á þessu og fleyta rjómann ofan af málinu,“ segir leikstjórinn.

Bergsteinn frétti fyrst af heimilinu í gegnum vin sinn, Inga Gunnar Jóhannesson, sem dvaldist stuttan tíma á gistiheimili í Breiðavík þegar hann vann sem leiðsögumaður fyrir fimm árum. „Húsráðandi sýndi honum fangaklefa heimilisins og hann sagði mér frá því. Ég fór að sjá þetta með mínum eigin augum og þannig byrjaði boltinn að rúlla,“ segir Bergsteinn.

Málið reyndist hins vegar síður en svo auðvelt í vinnslu. Fáir vildu tala við Bergstein um reynslu sína frá Breiðavík og það var ekki fyrr en einn þeirra gaf sig að stíflan brast.

„Ég hef eiginlega talað við alla þá sem hafa hugsanlega einhverja reynslu þaðan,“ segir Bergsteinn. Og þá hefur hann jafnframt reynt að hafa uppi á „verstu böðlunum“ eins og leikstjórinn orðar það en að sögn Bergsteins eru þeir flestir fallnir frá. „Við höfum jafnframt reynt að ná tali af börnum Þórhalls Hálfdánarsonar, forstöðumanns heimilisins, en þau vilja ekkert með okkur hafa og eru farin í felur,“ útskýrir Bergsteinn.

Þau Margrét Jónasdóttir og Kristinn Hrafnsson hafa verið Bergsteini innan handar og tekið viðtöl við fórnarlömbin. Bergsteinn býst við því að myndin eigi eftir vekja upp spurningar um hvernig þessi mál standa í dag. „Því þarna voru eyðilögð líf fjölda barna og unglinga.“ - fgg



**BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON** Er að klára heimildarmynd um barna- og unglingaheimilið í Breiðavík sem hann hefur unnið að í fimm ár.



**JÓGVAN HANSEN** Er frægur í Færeyjum þar sem hann söng með hinni vinsælu popphljómsveit Aria.

### JÓGVAN HANSEN: Í KASTLJÓSI FJÖLMIÐLA Í FÆREYJUM

# Magni þeirra Færeyinga

„Þetta er að vissu leyti svipað og Magnaæðið sem gekk yfir Ísland síðasta sumar en aðeins öðruvísi í ljósi þess að Færeyingar geta ekki horft á þáttinn,“ segir Jens Kr. Guðmundsson um áhuga Færeyinga á landa þeirra Jógvani Hansen.

Færeyski hárgreiðslumaðurinn hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína í þættinum X-Factor sem sýndur er á Stöð tvö og komst örugglega áfram í fyrstu tveimur umferðunum. Jógvan er frægur í heimalandi sínu sem söngvari í hinni vinsælu hljómsveit Aria og hefur þátttaka hans í X-Factor vakið mikla athygli færeysku þjóðarinnar þótt þátturinn sjáist ekki þar í landi.

Jens Kr. Guðmundsson skrautskriftarkennari bjó lengi í Færeyjum og er tengiliður þarlendra fjölmiðla vegna keppninnar. „Frægðarsól hans hefur tvímælalaust risið enn hærra út af X-Factor og Jógvan er orðinn mikil hetja út á þetta. Ég er yfirleitt vakinn snemma á laugardagsmorgnum af löndum Jógvans, sem vilja vita hvernig honum gekk kvöldið áður,“ segir Jens. „Bæði hafa fjölmiðlar samband og ég fæ líka bréf frá einstaklingum sem vilja fá að vita hvernig hann stóð sig. Þegar Færeyingum gengur vel á Íslandi er það álitin mikil upphefð.“



**JENS KR. GUÐMUNDSSON** Bjó lengi í Færeyjum og er tengiliður fjölmiðla þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eins og aðrir keppendur má Jógvan ekki tala við fjölmiðla fyrr en keppninni lýkur og segir Jens landa hans sýta það mjög, því áhuginn er mikill. Dagblaðið Sosialurin hefur fjallað um þátttöku Jógvans og segir meðal annars að þrátt fyrir augljósa hæfileika eigi söngvarinn líklega við ramman reip að draga. „Það vona auðvitað allir að honum gangi vel,“ segir Jens. „En úrslit eru ákveðin með símakosningu og þar sem Jógvan er ekki íslenskur og Færeyingar hafa lítil tök á að kjósa hann óttast sumir að hann detti snemma út.“

Jógvan hefur þó engu að síður sloppið með skrekkinn hingað til og spá margir því að hann muni ná langt í keppninni.

bergsteinn@frettabladid.is



**LÁRÉTT**
**2** hróss **6** fen **8** klettasprunga **9** strá **11** málmur **12** ósönn illmæli **14** steinn **16** tveir eins **17** áverki **18** umfram **20** tveir eins **21** gefa frá sér reiðihljóð.
**LÓÐRÉTT**
**1** kostar lítið **3** einnig **4** lögtak **5** andi **7** dröfnóttur **10** regla **13** þangað til **15** auma **16** efni **19** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** lofs, **6** dý, **8** gjá, **9** ýra, **11** ál, **12** rógur, **14** tinna, **16** tt, **17** sár, **18** auk, **20** mm, **21** urra.
**LÓÐRÉTT: 1** ódýr, **3** og, **4** fjármál, **5** sál, **7** ýróttur, **10** agi, **13** uns, **15** arma, **16** tau, **19** kr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Flugfélag Íslands.
2. Live Fire and the All Viking Band.
3. Indónesía.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Steingrímur Sævarr Ólafsson** hefur ásamt starfsfólki í hinu nýja Íslandi í dag legið yfir pælingum um hvernig nýtt umhverfi þáttarins eigi að vera. Mublur úr flottum húsgagnaverslunum hafa verið prófaður og mynd mun vera að komast á settið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur **Freyr Einarsson**, nýráðinn dagskrárstjóri Sirkus, lagt sitt á vogarskálarnar enda hagvanur maður þar á ferð. Var um tíma einn af þáttastjórnendum lífsstílsþáttarins Innlit/Útlit.



Mikil tilhlökkun ríkir innan hins nýja Íslands í dag en þættinum er ætlað að keppa við Kastljós Ríkissjónvarpsins af alvöru. Þegar hefur verið tekin upp sjónvarpsauglýsing sem fer í loftið um leið og fyrsti þátturinn lítur dagsins ljós en það var **Kristófer Dignus** hjá Filmus sem leikstýrði henni. Steingrímur vildi lítið segja um auglýsinguna sjálfa, segir hana þó vera flottari heldur en þá sem fréttastofa Stöðvar 2 gerði á sínum tíma.



Starfsfólk Næturvaktarinnar er vakið og sofið yfir samnefndum sjónvarpsþáttum sem **Ragnar Bragason** leikstýrir. Þættirnir eru teknir upp að næturlagi og því hefur líf þeirra sem að þættinum koma breyst samfara því. Eru orðnir hálfgerðir næturverðir sem sofa á daginn en vaka á nóttinni. Þættirnir fjalla um líf og störf starfsmanna á bensínstöð í Reykjavík og með aðalhlutverkið fara þeir **Pétur Jóhann Sigfússon** og **Jón Gnarr**.

Þótt jólabókaflóðið sé rétt farið að fjara út eru bókaútgefendur þegar farnir að leggja línurnar fyrir það næsta. **Brynja Björk Garðarsdóttir**, blaðakonan knáa á Séð og Heyrt, er sögð vera með puttana á ritvélinni en vildi ekki láta hafa neitt eftir sér þegar Fréttablaðið innti hana eftir svörum. Frægt er orðið þegar **Egill Einarsson** gaf út hnakkabók sína um lífsreglur þessa þjóðfélagshóps en ekki er ljóst hvort Brynja Björk hyggist feta sömu braut í sínum skrifum.



- fgg

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14
30% afsláttur af rengi og súrum hval
tilboðið gildir aðeins í dag



# Hafdís Huld með lungnasýkingu

Tónlistarkonan Hafdís Huld Þrastardóttir hefur frestað tónleikaferð sinni um Bretland vegna lungnasýkingar. Hafdís átti að koma fram á fyrstu tónleikunum í Birmingham í fyrrakvöld en ekkert varð af þeim. Ráðlögðu læknar henni að hvíla sig næstu tvær vikurnar, því annars gæti hún skaðað röddina.

„Ég hélt ég myndi ná þessu úr mér með öllum þessum gömlu góðu aðferðum en eins og allir heyrðu á Íslensku tónlistarverðlaununum þá hljómaði ég eins og Louis Armstrong,“ segir Hafdís Huld, sem er stödd heima hjá sér í London. „Ég ætlaði að syngja á þorrablóti hjá Íslendingafélaginu á laugardaginn síðasta en ég varð að hætta við það. Maður er þrjóskur Íslendingur og ég aflýsti ekki tónleikaferðalaginu fyrr en um miðjan sunnudaginn.“

Næstu tónleikar Hafdísar eru fyrirhugaðir í París hinn 24. febrúar, ef heilsan leyfir. Eftir það mun hún spila á tvennum tónleikum í Barcelona og Madrid í byrjun mars. Síðar í mánuðinum er svo fyrirhuguð tónleikaferð um Norðurlönd, þar á meðal Ísland.

Hafdís getur þó glaðst yfir því að hafa fengið Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir bestu poppplötuna. „Það var yndislegt og ég átti engan veginn von á þessu. Ég hef ekkert getað spilað heima ennþá og mér fannst bara heiður að vera tilnefnd og fá að vera með. Það var algjör draumur að fá verðlaun fyrir bestu plötuna,“ segir Hafdís. - fb



**HAFDÍS HULD** Þarf að hvíla röddina næstu tvær vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


MAX
LágMAX verð
KAUPAUKI
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
frítt í bíó
TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
ROCKY BALBOA
18.999 kr.
SONY
PSP
PLAYSTATION PSP
Flottasta leikjavélin á markaðnum í dag!
Fullt verð 23.999
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
CD
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
LágMAX verð
JUSTIN TIMBERLAKE
FUTURESEX/LOVESOUNDS
1.489 kr.
Fullt verð 2.299
LágMAX verð
9.999 kr.
Fullt verð 12.999
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
1.799 kr.
ROCKY BALBOA
THE BEST OF ROCKY
CD
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
Fullt verð 2.299
Öll vinsælustu lögin úr Rocky - CD
1.699 kr.
Fullt verð 2.199
Norah Jones - CD
CD
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
CD
James Morrisson - CD
1.599 kr.
Fullt verð 2.299
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
SONY
1.699 kr.
CD
LADDI
Laddi - CD
Fullt verð 2.199
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
PLAYSTATION 2
Playstation leikjavélin vinsæla, mest selda leikjavélin frá upphafi.
1.799 kr.
Fullt verð 2.499
Rokkland 2006- CD
CD
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
MONSTER HOUSE
1.949 kr.
DVD
Fullt verð 2.299
Verð pr. stk.
TALLADEGA NIGHTS
WILL FERRELL
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
KAUPAUKI TVEIR MIÐAR Á ROCKY FYLGJA
MAX RAFTÆKI
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lífið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

**Opið 8-24 alla daga**




**BAKÞANKAR**


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *Myndin af okkur*

Árið 2003 sá ég The Magdalene Sisters í bíói í Nice. Kvöldið úti fyrir með varðeldum á ströndinni og ilminn frá öllum útiveitingastöðunum gleymdist á meðan ég sat í svölum bíósalnum. Myndin fjallar um atburði sem raunverulega áttu sér stað á Írlandi. Árum saman höfðu „vandræðastúlkur“ verið færðar í klaustur þar sem þeim var haldið föngnum. Þær áttu að vinna daginn út og inn og máttu þola bæði líkamlegt og andlegt ofbeldi af hendi nunnanna.

**FJÖLSKYLDUR** stúlknanna og skólayfirvöld komu þeim í klaustrið ef þær þóttu til dæmis fá of mikla athygli hjá hinu kyninu, þeim hafði verið nauðgað eða orðið barnshafandi. Einhver „vandræði“ vofðu að minnsta kosti yfir þeim sem skert gátu „heiður hússins“. Þarna dúsuðu stúlkurnar án dóms og laga þar til ættingjunum hugnaðist að sækja þær. Margar létust síðan af harðræðinu og voru huslaðar í klausturgarðinum.

**NÚ** höfum við eignast okkar eigið kvalræðisklaustur. Breiðavík hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförnu en þangað voru börn allt ofan í átta ára gömul send. Breiðavíkurmálið sýnir rétt eina ferðina hvað Íslendingar geta verið vondir við börnin sín. Um það hafa margar bækur síðari ára fjallað, ekki bara viðtalsbækur heldur líka skáldsögur eins og Fólkið í kjallaranum eftir Auði Jóns og Sólskinshestur Steinunnar Sig. Íslendingar geta verið stoltir af því hve fáir nýburar látast hér á landi en síðan virðist þeim oft sama um börnin. Ég minnist blaðaviðtals sem birtist fyrir fáeinum árum þar sem fíkniefnasjúkt par sem hafði tekist að láta efnin vera í heila viku eða eitthvað álíka grét það að barnið þeirra skyldi hafa verið tekið af þeim. Viðtalið endaði á þá að leið að blaðamaður býsnaðist yfir því að íslensk yfirvöld skyldu enn grípa til þessa ráðs. Líklega var samúðin forsenda viðtalsins.

**SANNLEIKURINN** er hins vegar sá að þótt sumum gangi býsna vel að búa til börn ættu þeir helst að láta það vera að ala þau upp. Það má segja það sama um börn og grín, að best sé að láta fagmennina um verkið en þegar fagmönnum eins og þeir sem sáu um Breiðavík dettur ekkert betra í hug en að hengja börn í pokum upp á snaga til að fá þau til að hlýða fallast manni hendur.


**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



www.toyota.is

!



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35606 01/07

**Nýr Corolla** - Við eigum ekki orð

Nýr Corolla er sannarlega stærri en þú hefur áður kynnst. Akstursseiginleikarnir eru ________ já og hönnunin er ________ og innanrýmið meira og ________ en áður og nostrað hefur verið við hvert smáatriði til að tryggja öryggi og þægindi farþega og ökumanns. Nýr Corolla er ________ og við eigum ekki orð.

Komdu í reynsluakstur, þá sérðu hvað við erum að meina. Nýr Corolla er bíllinn þinn, bíllinn sem leyfir þér að vera þú sjálfur, þar sem þú nýtur þín best.

**Verð frá 2.069.000*. kr.**

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |